

**SKOÐUN** Stefán Jón Hafstein skrifar um lýðræði í spennitreyju. 24



**MENNING** Sérstakir kvennatónleikar hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. 32



**LÍFIÐ** Skrifuðu handrit að dramatískum spennuþáttum. 50



**SPORT** Ísland þarf stig á sunnudag til að komast á EM í Póllandi. 42


BS í viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu

Umsóknarfrestur til 15.júní

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
11. júní 2015
135. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Kerfið kostar milljarða

Samkvæmt nýrri skýrslu hefðu neytendur sparað átta milljarða króna á ári frá 2011 til 2013 ef boðið hefði verið upp á innfluttar mjólkurafurðir. 2

**Skorað á ríkisstjórnina** Ritstjórn vefritsins Knúz skorar á ríkisstjórnina að hrinda af stað aðgerðum gegn kynferðisofbeldi. 4

**Ákærðir fyrir hópnauðgun** Fimm karlmenn á tvítugsaldri hafa verið ákærðir fyrir hópnauðgun stúlku í Breiðholti í fyrra. 8



**Ár undir ógnarstjórn** Borgin Mósúl í Írak hefur nú verið undir ógnarstjórn Íslamska ríkisins í heilt ár. 10

**Deilt um eignarhald** Flokkar á þingi deila um eignarhald á leið við losun hafta. Þingsjá kíkti á hvað oddvitar ríkisstjórnarinnar sögðu fyrir kosningar. 18




22

## 2 SÉRBLÖÐ

Húð og hár | Fólk






**LEGGJA LOKAHÖND Á UNDIRBÚNING LÝÐRÆÐISHÁTÍÐAR** „Fundur fólksins er tilraun til að koma á nýjum vettvangi fyrir samfélagsumræðu,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir sem hér leggur lokahönd á skipulag ásamt Bryndísi Helgadóttur og Mads Holm. „Fundinum er ætlað að bæta umræðuhefð þar sem fólk stundar oft annars konar samskipti þegar það mætir hvert öðru auglitis til auglitis.“ Fundur fólksins hefst í dag klukkan tólf við Norræna húsið og lýkur á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**ERLA BJÖRNSDÓTTIR** Segir svefnleysi hafa áhrif á ónæmiskerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Æ fleiri konur leita aðstoðar:

## Svefnleysi ógnar geðheilsu kvenna

**HEILBRIGÐISMÁL** Æ fleiri konur á miðjum aldri eru svo hrjáðar af svefnleysi að þær þurfa geðræna aðstoð. Ástæðu svefnleysisins má rekja til hormónabreytinga.

Erla Björnsdóttir, sérfræðingur í svefnleysi, segir að konur leiti í auknum mæli til hennar vegna langra andvökunótta. Hún segir konur frekar haldnar þessum vanda en karlar.

„Þegar þetta er orðið langvarandi vandamál fer svefnleysið að snerta flesta fleti daglegs lífs,“ segir Erla. Hún segir að svefnleysi hafi áhrif á ónæmiskerfið svo fólk verði viðkvæmara fyrir umgangspestum og sæki meira í heilbrigðisþjónustu. Þá aukist slysatíðni hjá fólki með svefnvandamál. Það má því vera ljóst að andvökunætur eru dýr baggi á heilbrigðiskerfinu.

Erla segir að þrátt fyrir að meðferð sé árangursrík leiti fólk hennar ekki fyrr en í óefni sé komið.

- snæ / sjá síðu 6

# Setja skilyrði um erlent eignarhald til fimm ára

Slitastjórnarmaður í Glitni telur samþykkt kröfuhafa og stjórnvalda fela í sér að Íslandsbanki verði ekki seldur Íslendingum næstu fimm árin. Stjórnarmaður í Arion telur jákvætt að útlendingar kaupi hlut í bönkunum.

**VIÐSKIPTI** Fari svo að erlendir aðilar kaupi Íslandsbanka geta þeir ekki selt íslenskum aðilum bankann aftur næstu fimm árin, samkvæmt bréfi sem kröfuhafar Glitnis sendu stjórnvöldum rétt fyrir blaðamannafund um losun hafta á mánudaginn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er skilyrðið komið frá kröfuhöfum sjálfum, en ekki Íslandsbanka, í því skyni að fá sem mest virði af sölu bankans til erlendra aðila.

Undanfarin ár hefur Íslandsbanki horft til þess að bankinn verði seldur annaðhvort asískum fjárfestum eða tvískráður í Kauphöll á Íslandi og í Skandinavíu. Hefur þá einkum verið horft til kauphallarinnar í Noregi.

Páll Eiríksson, sem situr í slitastjórn Glitnis, túlkar fyrrgreinda grein í bréfi kröfuhafa til stjórnvalda þannig að í þessu felist að Íslandsbanki verði ekki í eigu innlendra aðila næstu fimm árin. „Þú sérð það nú bara á þessari tilkynningu sem er á vefnum hjá ráðuneytinu að þar eru menn að undirgangast það að bankinn verði ekki í eigu innlendra aðila að minnsta kosti næstu fimm árin,“ segir Páll. Og þá gefi það augaleið að bankinn verði ekki seldur innlendum aðila eða skráður hér á markaði.



**PÁLL EIRÍKSSON**

Guðrún Johnsen, stjórnarmaður í Arion banka, lektor í fjármálum við viðskiptafræðideild HÍ og stjórnarmaður í Gagnsæi – samtökum gegn spillingu, telur jákvætt að erlendir aðilar eignist hlut í íslenskum bönkum. „Fyrir utan jákvæð áhrif á hugsanlega meiri fjölbreytileika í stjórnum bankanna þá er það svo að ef bankar lenda í vanda getur komið upp sú staða að hluthafar þurfi að leggja þeim til fé. Það yrði þá erlent greiðsluflæði inn í landið,“ segir Guðrún.

- jhh / sa




## VEÐUR



Í dag er búist við norðaustan 3-8 m/s og skúrum eða rigningu víðast hvar, en ætti að haldast þurrt á Vesturlandi og þar gæti jafnvel sést til sólar. Hann hvessir heldur vestanlands og birtir til í kvöld. Það kólnar fyrir norðan og austan, en suðvestanlands verður 10 til 12 stiga hiti þegar best lætur.

SJÁ SÍÐU 30

Útlendingastofnun gaf út 861 dvalarleyfi til fólks af samtals 84 þjóðernum á fyrsta ársfjórðungi 2015:

# Bandaríkjamenn eru fjölmennasti hópurinn

**STJÓRNSÝSLA** Á fyrsta fjórðungi þessa árs gaf Útlendingastofnun út 861 dvalarleyfi til fólks af 84 þjóðernum, samkvæmt bráðabirgðatölum stofnunarinnar.

„Fjölmennastir þeirra sem fengu dvalarleyfi voru Bandaríkjamenn eða 17,5 prósent allra útgefinna leyfa,“ segir í umfjöllun Útlendingastofnunar.

Að auki eru fimm önnur þjóðerni sögð hafa verið áberandi á tímabilinu; Filippseyingar, Taílendingar, Kínverjar, Kanadamenn og Víetnamar. „Á bilinu 45 til 75 einstaklingar af þessum uppruna fengu útgefin dvalarleyfi.“

Fram kemur að dvalarleyfi til aðstandenda Íslendinga annars vegar og námsmanna og aðstandenda þeirra hins vegar hafi verið algengustu tegundir útgefinna leyfa á tímabilinu, eða 63 prósent umsókna. Þriðji algengasti flokkur dvalarleyfa eru svo búsetuleyfi, sem fela í sér varanlegt dvalarleyfi hér á landi.

Þá kemur fram að synjað hafi verið um útgáfu dvalarleyfis í 30 málum.

„Var því fallist á umsókn um veitingu dvalarleyfis í tæplega 97 prósentum tilfella og er það svipað því sem verið hefur undanfarin ár.“

Þá var fallist á 229 af 253 umsóknum um íslenskan ríkisborgararétt og sex fengu lausn undan íslenskum ríkisborgararétti samkvæmt beiðni þar um. - óká

### Helstu upprunaríki

| Land | Fjöldi |
|---|---|
| Bandaríkin | 151 |
| Filippseyjar | 75 |
| Taíland | 67 |
| Kína | 49 |
| Kanada | 48 |
| Víetnam | 45 |
| Rússland | 28 |

Heimild: Útlendingastofnun



**BJÖRGUN** Þúsundum skipreika flóttamanna sem sækjast eftir betra lífi í Evrópu hefur verið bjargað á Miðjarðarhafi undanfarin ár. NORDICPHOTOS/AFP

Sjóher Túnis í stórri björgunaraðgerð á Miðjarðarhafi í gær:

## Á fjórða hundrað var bjargað

**TÚNIS Sjóher Túnis bjargaði 356 flóttamönnum sem voru skipreika á leið frá Líbíu til ítölsku eyjunnar Lampedusa. Á meðal flóttamanna var tveggja mánaða gömul stúlka. Án sjóhersins hefðu þeir líklegast allir drukknað í Miðjarðarhafinu.**

**Flóttamennirnir fóru frá Líbíu í þeim tilgangi að flýja borgarastyrjöldina sem geisar í landinu.**

**Meginþorri flóttamanna var líbískur en einnig var fólk frá Sýrlandi, Marokkó, Egyptalandi og löndum sunnan Sahara í bátnum.** - þea



**MJÓLKURKÝR** Lagt er til að framleiðslukvótar og opinbert heildsöluverð á mjólk verði lagt af. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

102 ára kona verður doktor:

## Nasistar neituðu um gráðu

**ÞÝSKALAND** Ingeborg Syllm-Rapoport, hundrað og tveggja ára kona frá Þýskalandi, fékk doktorsgráðu sína á þriðjudaginn, 77 árum eftir að hún kláraði doktorsritgerð sína um barnaveiki.

Ingeborg fékk á sínum tíma ekki að verja doktorsritgerð sína. Móðir hennar var gyðingur og vildu nasistar af þeim ástæðum ekki leyfa henni að verja ritgerðina.

„Háskólinn vildi leiðrétta ranglætið sem mér var sýnt og hefur hann sýnt mikla þolinmæði sem ég er ævinlega þakklát fyrir,“ sagði Ingeborg við afhendingu gráðunnar. - þea

Hugsanlegar breytingar:

## Kanna viðhorf til mannanafna

**SAMFÉLAGSMÁL** Innanríkisráðuneytið mun á næstunni kanna viðhorf almennings til löggjafar um mannanöfn í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þann 10. mars síðastliðinn óskaði ráðuneytið eftir viðhorfum fólks til löggjafar um mannanöfn og bárust alls þrjátíu umsagnir.

Umsagnaraðilar gátu tekið afstöðu til þriggja valkosta. Valið stóð um óbreytta löggjöf, endurskoðun löggjafarinnar eða að fella takmarkanir á nafngiftum alfarið úr gildi. Langflestir, eða tuttugu umsagnaraðilar, voru þeirrar skoðunar að fella þyrfti takmarkanirnar úr gildi. - srs




# Kerfið hefur kostað neytendur milljarða

Í skýrslu um mjólkurvöruframleiðslu er lögð til lækkun á innflutningstollum til að skila ábata til neytenda. Bændasamtökin eru efins um að tollalækkun skili sér.

**LANDBÚNAÐUR** Íslenskir neytendur hefðu sparað átta milljarða króna á ári frá 2011 til 2013 ef boðið hefði verið upp á innflutning á mjólkurafurðum.

Þetta kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem kom út á þriðjudag.

Árin 2011 til 2013 kostaði mjólk á innlendum markaði neytendur og ríkið um 15 milljarða króna árlega. Stofnunin áætlar að innflutningur á mjólk myndi skapa sparnað upp á átta milljarða. Íslensk mjólk er dýrari í framleiðslu en innflutt mjólk frá öðrum ríkjum.

Hagfræðistofnun leggur til að innflutningstollar á mjólkurafurðir verði lækkaðir í 20 prósent til að lækka verð til neytenda. Þá skapist vettvangur til að bjóða upp á erlenda mjólkurvöru hér á landi en að íslensk framleiðsla haldist áfram samkeppnishæf.

Í skýrslunni er bent á að afnám tolla á innflutning á grænmeti hafi skilað sér vel og því mætti ætla að svipað myndi skila sér með mjólkurafurðir.

Þar kemur einnig fram að skilvirkni í mjólkurframleiðslu hafi skilað sér í lægra verði til neytenda en mjólkurverð hefur hækkað minna en verð á öðrum neysluvörum frá árinu 2003. Auk þess kemur þar fram að opinber framlög til búvöruframleiðslu námu 5 prósentum af landsframleiðslu fyrir 30 árum en einu prósenti í dag.

### Tímabært að snúa við miðstýringu



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

„Þetta er mjög athyglisverð skýrsla sem sýnir að það er löngu orðið tímabært að snúa við þessari miðstýringu og auka samkeppni í greininni. Það þarf að tryggja að stuðningur ríkisins við búgreinar nýtist betur. Svo þarf að endurskoða það fyrirkomulag á Íslandi að hið opinbera haldi uppi verði á nauðsynjavörum fyrir venjulegt launafólk. Það hlýtur að vera hægt að finna kerfi sem gagnast framleiðendum á annan hátt.“

### Bjóða þarf upp á samkeppni



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**

„Það er auðvitað verið að setja peninga í gjaldþrota kerfi sem er mikil sóun á almannafé. Fólk þarf að gera sér grein fyrir því að þarna er um peninga úr ríkissjóði að ræða og það þarf að fara skynsamlega með þá. Það þarf að vinda ofan af þessu kerfi sem kallar á átta milljarða úr ríkissjóði og bjóða upp á heilbrigða samkeppni. Ég er handviss um að mjólkurbændur dafni vel í því umhverfi líkt og dæmi um grænmetisbændur sýna.“

Í dag rennur stór hluti landbúnaðarstyrkja til fjármálastofnana og þeirra sem ekki stunda búskap lengur. Því er ljóst að bændur njóta ekki styrkjanna sem skyldi og lagðar eru til breytingar á stuðningskerfinu.

Hagfræðistofnun leggur til að framleiðslukvótar og opinbert heildsöluverð á mjólk verði aflagt og á móti verði tekið upp styrktarkerfi á borð við byggðastyrki í formi skattaafsláttar, greiðslur fyrir að eiga tiltekinn fjölda nautgripa og greiðslur fyrir magn af heyi sem aflað er.

Þá er einnig lagt til að undanþágur mjólkurvinnslufyrirtækja frá samkeppnislögum verði felldar niður.

Bændasamtök Íslands og Landssamtök kúabænda gagnrýna ýmsar forsendur og tillögur skýrslunnar en í umsögn þeirra benda samtökin meðal annars á að eftirgjöf á opinberum álögum hafi ekki alltaf skilað sér til neytenda líkt og verðkannanir ASÍ hafa gefið til kynna.

Í umsögninni er bent á að hagræðing í kerfinu og lækkun heildsölu- og smásöluverðs hafi skilað sér til neytenda.

stefanrafn@frettabladid.is

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# GARÐADAGAR

## hefjast í dag





### 10 STJÚPUR Í BAKKA

**999 kr.**

Fullt verð: 1.590 kr.



**Birki í bakka 40 stk**

**3.990 kr.**

40 stk. í bakka



**Margarita**

SPRENGI VERÐ

**699 kr.**

Fullt verð: 1.690 kr.



**Matjurtir 4 stk, salat, kál o.fl.**

**499 kr.**

Fullt verð: 599 kr.



**Hortensía**

**2.990 kr.**

Fullt verð: 3.990 kr.



**20% afsláttur**

ALLIR ÚTI- OG INNIPOTTAR



**20-30% afsláttur**

Wolfgarten garðverkfæri 20-25%
Hyper-Cut greina- og hekkklippur 30%
Fiskars greina- og hekkklippur 20%



KJARA KLÚBBUR

**14.796 kr.**

Fullt verð: 18.495 kr.

**20% afsláttur**

NILFISK
HÁÞRÝSTIDÆLUR



KJARA KLÚBBUR

**29.995 kr.**

Fullt verð: 42.995 kr.

**20% afsláttur**

BLACK&DECKER
SLÁTTUVÉLAR

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir til 15. júní meðan birgðir endast.
Tilboð gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar„ og tilboðsvörum.

525 3000 • husa.is

## SPURNING DAGSINS



Sunna, ertu í fatageira?

**„Er algjör algjör myndlistargeira.“**
Sunna Ben myndlistarkona hefur hannað ermalausa boli í tilefni samkomu sem boðað hefur verið til á Austurvelli á laugardag til stuðnings frelsun geirvörtunnar.

Femíníska vefritið Knúz birti opið bréf til ríkisstjórnar Íslands þar sem ráðherrar eru spurðir spurninga:

# Vandinn ekki leystur af einstaklingum

**SAMFÉLAG** „Ríkisstjórnin verður að axla ábyrgð á vanda sem er samfélagslegur og verður ekki leystur af einstaklingum eða frjálsum félagasamtökum einum,“ segir í opnu bréfi til íslensku ríkisstjórnarinnar sem femíníska vefritið Knúz birti á vefsíðu sinni í gær. Bréfið er sent vegna byltingar á samfélagsmiðlum undanfarið þar sem fjölmargar konur hafa sagt frá kynferðisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir.

„Í nær öllum tilvikum eru karlmenn gerendur. Það liggur fyrir að þolendur munu þurfa stuðning til að vinna úr áfallinu og að sama skapi er ljóst að kynbundið ofbeldi er gríðarlegt samfélagslegt mein sem full ástæða er að vinna bug á,“ segir í bréfinu. Ellefu spurningar til ráðherra ríkisstjórnarinnar eru settar fram. Meðal annars er spurt hvort ríkisstjórnin ætli að grípa til sérstakra aðgerða vegna frásagnanna, hvort samtök og stofnanir fái aukafjárveitingar til að berjast gegn kynferðisofbeldi og hvort menntamálaráðherra muni beita sér fyrir auknum forvörnum.

Ritstjórn Knúz segir það ljóst að mikið verk sé óunnið og réttast væri að hrinda af stað sérstöku átaki í nafni þjóðaröryggis þar sem aðgerðir til að sporna gegn kynferðisofbeldi yrðu kynntar auk aðstoðar við fórnarlömb. - þea



**ÁSKORUN** Knúz skorar á ráðherra ríkisstjórnarinnar að beita sér gegn kynferðisofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FRANS PÁFI** Biskupar komast ekki lengur upp með að halda hlífiskildi yfir barnaníðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Nýr dómstóll í Páfagarði:

## Dregur biskupa til ábyrgðar

**PÁFAGARÐUR** Frans páfi hefur samþykkt stofnun sérstaks dómstóls til að fjalla um mál kaþólskra biskupa sem hafa haldið hlífiskildi yfir barnaníðingum í röðum presta.

Fyrir nokkrum árum kom upp hvert málið á fætur öðru innan kaþólsku kirkjunnar í Bandaríkjunum, á Írlandi, í Belgíu, á Ítalíu, í Þýskalandi og víðar, þar sem prestar höfðu framið kynferðisbrot gagnvart börnum en biskupar séð til þess að málin yrðu þögguð niður.

Á síðasta ári sætti Páfagarður harðri gagnrýni af hálfu Sameinuðu þjóðanna fyrir að taka ekki nægilega vel á þessum málum. - gb

# Fundi BHM og ríkis slitið án niðurstöðu

Formaður BHM segir lög á verkfallið ekki munu gagnast neinum. Enginn árangur var af fundi þeirra með ríkinu í gær. Samningafundur BHM og ríkisins stóð frá níu að morgni og fram á kvöld. Hjúkrunarfræðingar óttast einnig lagasetningu.

**KJARAMÁL** „Ríkissáttasemjari sleit fundi án niðurstöðu og engin skýr svör eru um framhaldið,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Bandalags háskólamanna, eftir samningafundi þeirra við ríkið var slitið rétt fyrir klukkan tíu í gærkvöldi.

BHM fékk tilboð frá ríkinu í gær sem samninganefndin kannaði hjá baklandi sínu í samninganefndum aðildarfélaganna.

„Að mati okkar baklands þótti vera þarna grundvöllur til að semja ef það væri til tveggja ára. Ríkið féllst ekki á það og það er ljóst að ríkið er ekki tilbúið til að semja um kjarabætur fyrir háskólamenntað starfsfólk sitt,“ segir Þórunn.

Aðspurð segist hún hafa miklar áhyggjur af lögum á verkfallið.

„Þau hafa verið að hóta okkur lögum á verkfallið í allan dag [í gær] ef ekki væri samið. Lög á verkfalla yrði versta mögulega niðurstaðan og myndi ekki gagnast neinum.“

Fundi samninganefnda hjúkrunarfræðinga og ríkisins lauk hins vegar án árangurs um tvöleytið, en hann hófst klukkan ellefu. Annar fundur var ekki boðaður.

Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir stöðuna lítið hafa breyst frá því í síðustu viku.

„Það kom ekkert formlegt tilboð fram á þessum fundi,“ segir hann og kveður hjúkrunarfræðinga líta svo á að þeir hafi gefið það mikið eftir af sinni kröfugerð að næsti leikur sé ríkisins. „Og okkur finnst þeir ekki nálgast okkar kröfur nógu mikið.“



**ÞUNG Á BRÚN** „Það er ljóst að ríkið er ekki tilbúið til að semja um kjarabætur við háskólamenntað starfsfólk sitt,“ sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, þegar fundi samninganefndanna var slitið í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í þeim efnum kveðst Ólafur óttast að ríkið bregðist við með lagasetningu á verkfallið. „Og ég hræðist það vegna þess að ég veit að það mun hafa slæm áhrif á heilbrigðiskerfið til framtíðar.“

Hvort hjúkrunarfræðingar muni segja upp í hrönnum segir Ólafur erfitt að fullyrða nokkuð um. Hann segist hins vegar heyra úr röðum síns fólks að það muni ekki sætta sig við lagasetningu. „En hvað fólk gerir er náttúrlega þess ákvörðun.“ - okr / - srs



**Og ég hræðist það vegna þess að ég veit að það mun hafa slæm áhrif á heilbrigðiskerfið til framtíðar.**

*Ólafur G. Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga.*



**HÁTALARINN** Beats Pill XL hátalarar hafa verið seldir um heim allan frá því í janúar í fyrra. MYND/APPLE

Innköllun Apple á heimsvísu:

## Eldhætta af ferðahátalara

**UPPLÝSINGATÆKNI** Apple hefur á heimsvísu kallað inn ferðahátalara sem nefnast Beats Pill XL vegna hættu á að rafhlaða þeirra ofhitni og valdi eldhættu.

Fram kemur á vef Mannvirkjastofnunar, sem vekur athygli á innköllun Apple, að hátalararnir hafi verið seldir um heim allan frá því í byrjun síðasta árs. Fólk gæti því hafa keypt hátalara þessarar tegundar á ferðalögum erlendis eða í verslunum sem selja Apple-varning hér á landi.

Leiðbeiningar um skil á vörunni er að finna á vef Apple (www.apple.com/is/support/beats-pillxl-recall). - óká

Millilandaflug úti á landi:

## Flugfélög hafa haft samband

**SAMGÖNGUR** Viðræður eru hafnar milli Akureyrar- og Egilsstaðaflugvallar við erlenda aðila um að hefja millilandaflug.

Forsætisráðuneytið skipaði starfshóp í vor til að kanna möguleika á millilandaflugi um flugvellina á Akureyri og Egilsstöðum og hefur sú vinna borið þann árangur að viðræður eru hafnar milli flugvallanna beggja og erlendra aðila um mögulegt samstarf í millilandaflugi.

Ef samningar næðust yrði það tvímælalaust lyftistöng fyrir ferðaþjónustu vítt og breitt um landið auk þess sem það myndi dreifa álagi af völdum ferðamanna betur um landið. - sa

### UMHVERFISMÁL

**Starfsleyfi endurnýjað**

Umhverfisstofnun hefur gefið út endurnýjað starfsleyfi fyrir rekstur kítín- og kítósanverksmiðju Primex ehf. á Siglufirði. Ekki voru gerðar nema smávægilegar orðalagsbreytingar á sjálfum starfsleyfistextanum við útgáfu starfsleyfisins sem gildir til 3. júní 2031, segir á vef Umhverfisstofnunar.

### LEIÐRÉTT

Lesa má úr frétt í blaði gærdagsins að Selfosslína 3 og Hellulína 2 kosti tæpar 600 milljónir króna. Það er hins vegar kostnaður Landsnets við lagninguna eina. Strengirnir sjálfir kosta sem svarar rúmum 370 milljónum og heildarkostnaður því tæpur milljarður króna.




Undanþáguferli í verkfalli sagt óásættanlegt fyrir nautgriparæktendur:

# Nautgriparæktin sögð í gíslingu

**KJARAMÁL** Í venjulegu árferði hefðu fengist um 600 tonn af afurðum úr slátrun á tæplega 3.000 nautgripum á því tímabili sem verkfall dýralækna hefur staðið, frá 20. apríl, að því er fram kemur á vef Félags íslenskra kúabænda.

„Við blasir því að víða er farið að þrengjast verulega um í fjósum. Sárafáar undanþágur hafa fengist til slátrunar nautgripa. Undanþágur eru eingöngu veittar á grundvelli sjónarmiða um dýravelferð og er gerð krafa um úttekt dýralæknis á stöðu dýravelferðar á viðkomandi búi, eigi undanþága að fást,“ segir í umfjöllun félagsins.

Augaleið gefi að slátrun á fáum gripum í senn yrði bæði „hrikalega“ kostnaðarsamt og tímafrekt.

„Það er því niðurstaða Landssambands kúabænda að þær leikreglur sem settar hafa verið til að fá undanþágur frá verkfallsaðgerðum eftirlitsdýralækna séu óframkvæmanlegar og algerlega ótækar frá sjónarhóli nautgriparæktarinnar.“ Bændur hafi sýnt kjarabaráttu dýralækna þolinmæði og skilning, en þegar aðgerðir standi svo mánuðum skiptir og haldi „nautgriparæktinni einni í gíslingu“ sé mál að linni. - óká



**KÁLFAR** Bolakálfar á bás sínum. Bændur eru langþreyttir á verkfalli dýralækna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








# Jöfn laun fyrir **konur og karla**

Jafnlaunaúttekt
PwC
2015

Isavia tekur stolt við gullmerki PwC fyrir launajafnrétti. Niðurstaðan er í takt við jafnréttisáætlun félagsins og staðfestir að við erum á réttri leið.

Við höldum ótrauð áfram að vinna að jafnréttismálum svo hæfileikar og kunnátta starfsmanna okkar, kvenna og karla, fái að njóta sín til fulls.









ISAVIA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörg prósent Íslendinga lesa aldrei bækur?
**2.** Hversu miklu ætlar Silicor Materials að safna í eigin fé frá íslenskum fjárfestum?
**3.** Hverjir semja Þjóðhátíðarlagið í ár?

**SVÖR:**
1. Rúmlega 13 prósent.
2. 100 milljónum króna.
3. Sálin hans Jóns míns.

David Miliband segir augljóst hvers vegna Verkamannaflokkurinn tapaði:

# Snúa þurfi aftur til Blair-tímans

**BRETLAND** David Miliband, fyrrverandi utanríkisráðherra Bretlands, segir Verkamannaflokkinn hafa goldið afhroð í kosningum tvisvar sinnum í röð vegna þess að hann sé fastur í fortíðinni. Eftir Blair-tímann hafi flokkurinn ekki fundið neina leið til framtíðar.

Í viðtali á bandarísku sjónvarpsstöðinni CNN á þriðjudagskvöld segir hann skýringuna á lélegu gengi flokksins augljósa. Undir forystu bróður síns, Eds Miliband, hafi kjósendur augljóslega vantreyst flokknum í efnahagsmálum.



**DAVID MILIBAND** Segist ekki vilja særa bróður sinn en gagnrýnir hann samt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hann segir Blair-tímann vissulega hafa haft sína galla, en nú þurfi flokkurinn að finna aftur þá „blöndu efnahagslegrar atorku og félagslegs réttlætis“ sem hafi einkennt Verkamannaflokkinn á árum Tonys Blair.

Breska dagblaðið The Times birti einnig viðtal við Miliband í gær, þar sem hann tók að nokkru í sama streng, en segir það jafnframt sársaukafullt fyrir sig að gagnrýna með þessum hætti stjórnartíð bróður síns, Eds Miliband, sem sagði af sér eftir úrslit þingkosninganna í vor. - gb

Metaðsókn fyrir haustönn:

# Aldrei fleiri sótt um nám í HA

**MENNTAMÁL** Aldrei hafa fleiri sótt um nám við Háskólann á Akureyri en fyrir næstu önn, að því er segir á vef skólans.

Umsóknir eru 30 prósentum fleiri en í fyrra og þakkar rektor breytinguna „þrotlausri vinnu starfsfólks skólans“.

Rúmlega 1.400 umsóknir höfðu borist um skólavist fyrir haustið 2015 þegar frestur rann út 5. júní og er þetta mesti fjöldi umsókna sem borist hefur skólanum frá upphafi. - óká

Landfylling í Norðfirði:

# Ætla að stækka hafnarsvæðið

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Til stendur að stækka Norðfjarðarhöfn í Neskaupstað um 26.350 fermetra með landfyllingu. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur auglýst tillögu að breytingu þessa efnis á aðalskipulagi. Þá er um leið auglýst breyting á deiliskipulagi Norðfjarðarhafnar og nágrennis þar sem gert er ráð fyrir nýjum lóðum fyrir hafnsækna starfsemi á landfyllingu.

Í greinargerð með breytingunum kemur fram að eftirspurn sé eftir auknu landrými fyrir hafnsækna starfsemi í Norðfjarðarhöfn. Við núverandi aðstæður sé ekki auðvelt að koma fyrir starfsemi með góðu aðgengi að hafnarkanti. - óká



**GÓÐGERÐARMÁL** Bónus styrkti þrjú góðgerðarfélög um samtals sjö milljónir króna. MYND/BÓNUS

Bónus styrkir góðgerðarmál:

# Styrkir um sjö milljónir króna

**GÓÐGERÐARMÁL** Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, afhenti í gær styrki til þriggja góðgerðarfélaga.

Styrkina hlutu Ljósið – endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra, BUGL, barna- og unglingageðdeild Landspítalans, og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra sem fékk styrk fyrir sumarbúðir félagsins í Reykjadal. Heildarupphæð styrkjanna var sjö milljónir króna.

„Starfsfólk Bónus óskar þessum aðilum velfarnaðar,“ segir í fréttatilkynningu sem Bónus sendi frá sér í gær. - þea

# Konur verða geðveikar og kvíðnar vegna svefnleysis

Langvarandi svefnleysi kvenna er algengt en falið vandamál. Doktor í sálfræði segir svefnlyfjanotkun Íslendinga keyra úr hófi fram. Svefnleysið getur skert getu og framleiðni kvenna á vinnumarkaði og leitt til veikinda.



**Ég fæ oft konur til meðferðar sem byrjuðu að sofa illa eftir fyrsta barnið fyrir tuttugu árum og svo hefur vandinn ágerst smám saman.**
*Erla Björnsdóttir, doktor í sálfræði.*

**HEILBRIGÐISMÁL** Konur leita í auknum mæli geðrænnar aðstoðar vegna langvarandi svefnleysis. Orsök svefnleysisins er samband af hormónatruflunum og álagi í daglegu lífi.

„Svefnleysi er algengara hjá konum almennt og það eru ýmsir þættir sem hafa áhrif á svefninn, svo sem hormón sem tengjast blæðingum, barneignum og tíðahvörfum,“ segir Erla Björnsdóttir, doktor í sálfræði og sérfræðingur í svefnleysi.

Svefnleysið orsakist líka af meira vinnuálagi á konur í tengslum við heimilishald og barnauppeldi. „Streita er algengari hjá konum. Konur hafa líka tilhneigingu til að velta hlutunum meira fyrir sér. Hugsanir okkar halda fyrir okkur vöku þegar loks er lagst á koddann.“ Hún segir að svefnleysi kvenna hefjist oft eftir barneignir þegar konur rjúfa sitt eðlilega svefnmunstur til að sinna brjóstagjöf um nætur. Þegar barnið fer að sofa óslitið sitji móðirin oft eftir andvaka.

„Svefnleysið hefur gríðarlega mikil áhrif. Eins og þeir þekkja sem misst hafa svefn í skamma stund þá lætur einbeitingin og orkan fljótt á sjá,“ segir Erla. „Þegar þetta er orðið langvarandi vandamál fer svefnleysið að snerta flesta fleti daglegs lífs. Fólk tekur fleiri veikindadaga frá vinnu og sýnir mun minni framleiðni. Sjúkdómatíðni eykst því ónæmiskerfið bælist og svo eykst tíðni geðraskana, þunglyndis og kvíða. Slysatíðni svefnlauss fólks eykst líka töluvert,“ segir Erla.

Þær konur sem þjást af svefnleysi leita sér oft hjálpar þegar þær eru komnar í andlegt og líkamlegt öngstræti. „Ég fæ oft konur til meðferðar sem byrjuðu að sofa illa eftir fyrsta barnið fyrir tuttugu árum og svo hefur vandinn ágerst smám saman. Þær leita til mín þegar þær eru komnar á stig sem er ekki lengur viðunandi.“

Erla segir svefnlyf ekki rétta svarið við langvarandi svefnleysi. Þau séu notuð í of miklum mæli hérlendis. „Það er klárt að langvarandi svefnlyfjanotkun er algjörlega úr öllu hófi á Íslandi. Það er í lagi að nota svefnlyf til að rjúfa ákveðinn vítahring í tvær til fjórar vikur. Það er hægt að meðhöndla þennan vanda í flestum tilfellum á árangursríkan hátt með hugrænni atferlismeðferð. Við þurfum að uppræta eigið hegðunarmynstur til þess að bæta svefninn.“ Erla segir sálfræðimeðferð við svefnleysi oftast taka um það bil sex vikur.

Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir á bráðageðdeild Landspítalans, tekur undir að um alvarlegt vandamál sé að ræða. „Margar konur upplifa þetta meira þegar árin færast yfir. Þessu fylgir kvíði, innri spenna og óróleiki og svo verður þetta að bolta sem vindur upp á sig.“



**Jafnvel getur fólk sem býr við langvarandi svefnleysi og er undir miklu álagi upplifað einhvers konar raunveruleikabrest.**
*Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir á bráðageðdeild Landspítalans.*

Haldóra segir að svefnlausar konur geti jafnframt upplifað athyglisbrest og að eiga erfitt með að halda utan um eigið líf. „Jafnvel getur fólk sem býr við langvarandi svefnleysi og er undir miklu álagi upplifað einhvers konar raunveruleikabrest. Við sjáum það stöku sinnum,“ segir Halldóra.

snaeros@frettabladid.is

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is




20% afsláttur
af 100g og 150g Voltaren Gel í júní

Lyfjaauglýsing

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **LEIKFÖNGUM**
**DAGANA** 11.-14. JÚNÍ

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# Fimm ákærðir fyrir að nauðga stúlku

Meðal sönnunargagna í málinu er myndband sem einn hinna ákærðu tók upp. Samkvæmt ákæru var stúlkunni nauðgað í tvígang. Verjandi segir að vegna ungs aldurs hinna ákærðu hefði verið æskilegra að rannsókn hefði lokið fyrr.

**LÖGREGLUMÁL** Fimm menn á aldrinum sautján ára til tvítugs hafa verið ákærðir fyrir að hafa í sameiningu nauðgað stúlku í samkvæmi í Breiðholti í fyrra. Stúlkan var sextán ára gömul þegar atvikið átti sér stað.

Þann 6. maí í fyrra lagði stúlkan fram kæru á hendur mönnunum fimm vegna hópnauðgunar sem hún segir hafa átt sér stað í samkvæmi tveimur dögum áður.

Í ákæru ríkissaksóknara kemur fram að mennirnir hafi með ofbeldi og ruddaskap átt kynferðismök við stúlkuna sem var stjörf af ótta. Allir hafi þeir sett kynfæri í munn hennar, meðal annars svo þrengdi að öndunarvegi stúlkunnar.

Jafnframt segir í ákæru að ól hafi verið spennt um læri stúlkunnar og hún hafi verið bitin.

Sá sem beit stúlkuna er jafnframt ákærður fyrir að hafa í kjölfarið á hópnauðguninni beitt stúlkuna ofbeldi og nauðgað í einrúmi á baðherbergi íbúðarinnar.

Einn mannanna er ákærður fyrir að hafa tekið atvikið upp á myndband og að fyrir að hafa sýnt samnemendum stúlkunnar myndbandið í matsal skólans sem hún og hinir ákærðu sóttu. Með því á hann að hafa brotið gegn barnaverndarlögum. Myndbandið er lagt fram sem sönnunargagn í málinu.



**GÆSLUVARÐHALD** Mennirnir fimm voru vistaðir í einangrun þegar málið kom upp í fyrra. Þeir voru jafnframt nafngreindir á samskiptamiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ERLENDUR ÞÓR GUNNARSSON**

Rannsókn málsins tók þrettán mánuði. Erlendur Þór Gunnarsson, verjandi eins mannanna, segir að æskilegra hefði verið ef rannsókn hefði lokið fyrr vegna ungs aldurs fórnarlambs og hinna ákærðu. „Mál sem þetta, þar sem mannorð ungmenna er undir, þá er heppilegast að það fari hraðar í gegn,“ segir Erlendur. Hann segir rannsókn málsins umfangsmikla og málsskjöl þess nokkur hundruð talsins.

snaeros@frettabladid.is















GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Ár undir ógnarstjórn

Um þetta leyti á síðasta ári heyrðu íbúarnir í Mósúl í vopnum vígasveita Íslamska ríkisins í útjaðri borgarinnar. Næstu vikurnar lagði hálf milljón manna á flótta. Vestrænir fjölmiðlar hafa í vikunni birt frásagnir íbúa sem flúðu frá borginni.

**ÍRAK** Íbúar Mósúl fylltust margir hverjir ótta þegar fréttist af því að vígasveitir Íslamska ríkisins væru að nálgast, en fyrst heyrðist til vopna þeirra í útjaðri borgarinnar þann 9. júní á síðasta ári. Aðrir fundu þó til léttis, að minnsta kosti í fyrstu, því íbúar borgarinnar höfðu mátt búa við ofríki af hálfu stjórnvalda.

„Sjía-stjórnin í Bagdad leit alltaf á Mósúl sem helstu bækistöð baathista, vafalaust vegna þess að flestir æðstu herforingjarnir á tímum Saddams voru frá Mósúl," er haft eftir 45 ára lækni frá Mósúl á fréttavef breska dagblaðsins The Guardian.

Baathistar voru liðsmenn Baathflokksins í Írak, flokks Saddams Hussein. Eins og Saddam voru baathistarnir flestir súnní-múslimar frá Anbar-héraði í vesturhluta landsins. Í höfuðborginni Bagdad hafa hins vegar sjía-múslimar ráðið ríkjum að mestu undanfarin ár, og njóta stuðnings frá Íran.

„Þegar Íslamska ríkið tók völdin í Mósúl þá komu þeir almennilega fram við heimafólk, tóku niður allar eftirlitsstöðvarnar sem herinn hafði sett upp og opnuðu göturnar," segir læknirinn, sem ekki er nafngreindur á vef The Guardian. „Fólk trúði ekki eigin augum að ekki væri neinn sjía-her í borginni, engar handtökur og engar mútur."

Fljótlega fór þó að koma annað hljóð í strokkinn. Fyrst voru allir krafðir um að lýsa yfir hollustu við kalífann Abu Bakr al Baghdadi, leiðtoga Íslamska ríkisins, sem þá hafði lýst yfir stofnun kalífaveldis í Sýrlandi og Írak. Viku síðar voru kristnum íbúum borgarannar settir afarkostir: Þeir skyldu taka upp íslamska trú eða hafa sig á brott hið fyrsta. Þriðji kosturinn var dauðinn.

Læknirinn, sem The Guardian ræddi við, forðaði sér til Irbil, höfuðstaðar Kúrdahéraðanna í norðurhluta Íraks.

Um hálf milljón manna er talin hafa flúið borgina fyrstu vikurnar eftir að liðsmenn Íslamska ríkisins komu þangað. Þeir sem eftir eru þurfa að sæta ströngum reglum um hvaðeina í daglegu lífi, að viðlögðum hörðum refsingum.

„Frá því Íslamska ríkið tók borgina hafa íbúarnir þurft að lúta „lögum kalífadæmisins", eins og þau eru kölluð. Lágmarksrefsing er hýðing, en henni er beitt vegna hluta á borð við sígarettureykingar," hefur breska útvarpið BBC eftir Zaid, einum flóttamannanna frá Mósúl.

„Fyrir þjófnað er refsað með því að höggva hönd af, fyrir hjúskaparbrot er körlum refsað með því að henda þeim ofan af hárri byggingu, en konum með því að grýta þær til dauða. Refsingunum er beitt til þess að hræða fólk, sem oft er neytt til þess að horfa á."

gudsteinn@frettabladid.is



**HÖFUÐPAURINN** Abu Bakr al Baghdadi er sagður hafa særst alvarlega í loftárás Bandaríkjahers í mars og sagður ófær um að stjórna samtökunum áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ár grimmdar og eyðileggingar

Þessa dagana er eitt ár liðið frá því leiðtogi Íslamska ríkisins lýsti yfir stofnun kalífadæmis í Írak og Sýrlandi. Enn hafa þessi samtök vald á stórum svæðum í báðum þessum löndum.

- **Júní 2014:** ISIS nær Mósúl og lýsir yfir stofnun kalífadæmis í Írak og Sýrlandi.
- **2. ágúst:** ISIS hefur sókn til norðurs ásamt ofsóknum gegn minnihlutahópum á borð við Jasída með fjöldamorðum, nauðgunum og þrælahaldi.
- **8. ágúst:** Bandaríkin hefja loftárásir gegn ISIS í Írak og stöðva sókn vígasveitanna inn á Kúrdasvæðin í norðri.
- **19. ágúst:** Bandaríski blaðamaðurinn *James Foley* hálshöggvinn og myndband birt af ódæðinu. Fleiri afhöfðanir erlendra gísla fylgja í kjölfarið.
- **September:** Loftárásir Bandaríkjanna og Arabaríkja gegn ISIS hefjast í Sýrlandi.
- **Desember:** Peshmerga-hersveitir Kúrda hrekja ISIS að mestu út úr Sinjar-héraði, með aðstoð loftárása frá bandarískum og arabískum herþotum.
- **Janúar 2015:** Sveitir Kúrda í Sýrlandi ná, með stuðningi frá loftárásum, Kobane aftur á sitt vald eftir meira en fjögurra mánaða hörð átök.
- **Febrúar:** ISIS tekur jórdanskan flugmann af lífi með því að kveikja í honum í litlu búri og birtir myndband.
- **Mars:** ISIS eyðileggur assýrískar fornminjar í Numrud og Hatra.
- **Apríl:** Íraksher og sjía-sveitir studdar af Íran ná Tíkrit aftur á sitt vald.
- **Maí:** ÍR nær á sitt vald bæði Ramadi, höfuðstað Anbar-héraðs, og hinni fornu borg Palmyra í Sýrlandi.
- **Júní:** Íraksher nær að hluta bænum Baídjí á sitt vald og vonast til að endurheimta einnig Mósúl úr höndum ISIS.




Heimildir: Institute for the Study of War, fréttaveitur © GRAPHIC NEWS


# Verið velkomin í Norræna tjaldið á Fundi fólksins

**Upplýsingaskrifstofan Norðurlönd í fókus og Norræna félagið í Reykjavík standa fyrir sameiginlegri dagskrá í Norræna tjaldinu á útisvæði Fundar fólksins við Norræna húsið, dagana 11.-13. júní. Tjaldið er opið alla hátíðina. Allir dagskrárliðir eru ókeypis og öllum opnir.**

**Fimmtudagur 11. júní frá kl. 12-22**

| | |
|---|---|
| kl. 12:30 | Smukke biler efter krigen |
| kl. 15:00 | Daglegt líf án eiturefna! |
| kl. 15:40 | Að læra allt lífið á Norðurlöndunum! |

**Föstudagur 12. júní frá kl. 12-22**

| | |
|---|---|
| kl. 14:00 | Geta Norðurlöndin reddað heiminum frá loftslagshörmungum? |
| kl. 14:40 | Bætum heilsuna með samstarfi við grannlöndin - tillögur Könbergs |
| kl. 15:30 | Allt í hring! Lífhagkerfið er framtíðin! |
| kl. 16:00 | Gildi í náttúrunni - virðing og vinsemd |
| kl. 16:30 | Norrænn málskilningur – skiptir hann máli? |
| kl. 17:00 | 100 ára kosningaafmæli á Íslandi og í Danmörku [í sal Norræna hússins] |
| kl. 20:00-22:00 | „Á norrænum nótum" og „Söngur og spé" Norrænar vísur og slagarar |

**Laugardagur 13. júní kl. 12-22**

| | |
|---|---|
| kl. 11:00 | Kosningar í Danmörku - pallborðsumræður. |
| kl. 13:00-15:00 | Norrænt menningarmót |
| kl. 15:00 | Gjörningur í minningarlundi um fórnarlömbin í Utøya. |

**Stjórnmál, menning, hugleiðingar um lífið sjálft.**

**Nánari upplýsingar á facebook.com/Nordurlondifokus og www.nordichouse.is**

Norræna húsið
The Nordic House

norden
Norðurlandaráð







**SKATTUR** Heilbrigðissamtök á Bretlandi vilja aukna skattlagningu á tóbaksframleiðendur. NORDICPHOTOS/GETTY

Um 120 heilbrigðissamtök taka höndum saman á Bretlandi:

## Vilja skatt á tóbaksframleiðendur

**BRETLAND** Um 120 heilbrigðissamtök á Bretlandi undir forystu samtakanna Action on Smoking and Health lögðu í gær til aukinn skatt á tóbaksframleiðendur.

Samtökin vilja að allur peningur sem safnast með skattheimtunni renni beint í forvarnir gegn reykingum. Samtökin segja að þessar aðgerðir ættu að fækka reykingamönnum um tuttugu prósent á næstu árum.

Meðalverð á sígarettupakka á Bretlandi er um 1.600 krónur í dag, þar af fara rúmlega 1.200 í skatt. - þea



**HEIMSÓKN** Frans páfi bauð Vladimír Pútín velkominn í Páfagarð í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Vladimír Pútín Rússlandsforseti í heimsókn hjá páfanum:

## Velkominn hjá páfa en ekki G7

**ALÞJÓÐASTJÓRNMÁL** Vladimír Pútín, forseti Rússlands, heimsótti Frans páfa í Páfagarð í gær. Páfinn bauð Pútín velkominn en tveir dagar eru síðan leiðtogar G7-ríkjanna, sjö helstu iðnríkja heims, funduðu í Brussel, höfuðborg Belgíu, án Rússlandsforsetans.

Rússland hafði áður átt aðild að samtökunum sem þá nefndust G8 en situr nú úti í kuldanum sökum meints stuðnings við uppreisnarmenn í Úkraínu.

Heimsóknin er önnur heimsókn Pútíns í Páfagarð en forsetinn hefur aldrei boðið páfanum til Rússlands. - þea




Opið til kl. 21:00 í kvöld

Gildir út sunnudag.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**JÓN STEINAR LÆTUR DRÆVERINN FINNA FYRIR ÞVÍ** Hinir í hollinu fylgjast með fullir aðdáunar. Jón Steinar hefur sérstakan stíl í golfinu, hann hikar dágóða stund en svo, líkt og höggormur, lætur hann til skarar skríða og lætur kylfuna vaða í kúluna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Refurinn Jón Steinar hafði sigur

Í harðri rimmu á Grafarholtsvelli fór Jón Steinar Gunnlaugsson með sigur af hólmi gegn blaðamanni Fréttablaðsins; með útsjónarsemi og þrautseigju. Lærdómur dagsins er sá að það borgar sig að vera með „gameplan“ þegar golfið er annars vegar.

**Jakob Bjarnar Grétarsson**
jakob@frettabladid.is



„Ég vil bara láta þig vita eitt,“ sagði Jón Steinar Gunnlaugsson (25.0) lögmaður við blaðamanninn (18.7) þegar verið var að skipuleggja golfhringinn sem hér er til umfjöllunar. Jón Steinar dró niður röddina þannig að ómögulegt var annað en veita því fulla athygli hvað hann ætlaði að segja. Svo kom tilkynningin ísmeygileg: „Ég ætla að vinna þig.“ Tónninn var dáleiðandi og það kvarnaðist ósjálfrátt úr sjálfstraustinu – einhvern veginn var ekki annað hægt en trúa þessu og það þurfti að hafa fyrir því að hrista af sér þessi álög: Svona vinna þeir þá þessir laganna refir.

### Óvæntur makker Jóns Steinars

Hugmyndin var að slást í hópinn með lögmönnum og dómurum sem spila gjarnan golf saman. Þar er Jón Steinar foringinn en í hópnum eru meðal annarra Brynjar Níelsson alþingismaður og Ólafur Börkur Þorvaldsson hæstaréttardómari. Jón Steinar var að tilkynna forföll fyrir Ólaf Börk, það væri svo mikið að gera í réttinum.

Jón Steinar hafði hins vegar mann og ekki ónýtan á kantinum til að hlaupa í skarðið fyrir dómarann: Björgvin Þorsteinsson (3.7) lögmann og margfaldan Íslandsmeistara í golfi. Jón Steinar, sem hefur spilað golf árum saman, er með um 25 í forgjöf og hann var búinn að reikna dæmið til enda: Hann og Björgvin áttu að vera saman í liði gegn blaðamanninum og Brynjari.

### Goðsögn bætist í hollið

Jæja, „the game was on“, en blaðamaður sá sæng sína upp reidda. Með fullri virðingu fyrir Brynjari þá var ekki mikil von til þess að okkur tveimur, sem erum slarkarar í golfinu sé miðað við forgjöf, ættum mikið í snillinginn Björgvin, herra Hola í höggi; hann hefur oftar fengið ás í golfinu en flestir. Nema, enn hringir Jón Steinar.



**MEISTARINN BJÖRGVIN MERKIR Á FLÖTINNI** Ásgeir Sigurvinsson mundar pútterinn en í baksýn má sjá glæsilegt klúbbhús þessa elsta golfklúbbs landsins – Golfklúbbur Reykjavíkur var stofnaður árið 1934.



**GLÆSILEG GOLFSVEIFLA** Ásgeir hefur spilað golf árum saman – en algengt er að íþróttamenn snúi sér að golfinu þegar ferlinum lýkur.



**HVAÐ ER ÞETTA EIGINLEGA LANGT?** Jón Steinar vissi nákvæmlega hvert hann var að fara, löngu áður en flautað var til leiks.



**HERRA HOLA Í HÖGGI** Björgvin er sexfaldur Íslandsmeistari í höggleik, og hann hefur farið oftar holu í höggi en aðrir menn, eða tíu sinnum.

Brynjar forfallaðist og lögmaðurinn spurði kurteislega: „Ég vona að þér þyki ekki verra en ég er búinn að fá annan mann í hans stað.“ Aldrei að spyrja spurninga sem þú veist ekki svarið við. „Ásgeir Sigurvinsson (9.5) er mikill vinur minn og hann gæti fyllt hollið.“ Tónninn í rödd Jóns Steinars var með þeim hætti að sá sem neitaði svo góðu boði væri galinn. Og það stóð heima. Ekki bara að blaðamaður hafi dýrkað Ásgeir, allt frá því hann sá þessa goðsögn í fótboltanum afgreiða A-Þýskaland á sínum tíma, heldur er Ásgeir mjög góður golfari.

Varamannabekkur Jóns Steinars var greinilega vel skipaður, þetta var orðið rándýrt holl.

### Spilað lengur með færri höggum

Menn mættu hressir í bragði á teig á tilskyldum tíma. Jón Steinar gantaðist með það að Björgvin hefði spilað golf 50 árum lengur en hann sjálfur, Björgvin sagði að það gæti verið, en með færri höggum. Grafarholtsvöllur er einhver allra skemmtilegasti völlur landsins og hann var í góðu standi. Jón Steinar, Ásgeir og Björgvin eru allir meðlimir í þessum elsta golfklúbbi landsins, sem stofnaður var 1934.

Jón Steinar lagði upp leikfyrirkomulagið. Þetta væri holukeppni, ekkert vesen, samanlögð stig, eða punktar, miðað við forgjöf. Jájá, ók.

### Sérhannaðir leiðir fyrir Jón Steinar

Það var spenna á 1. teig, Ásgeir átti frábært upphafshögg, blaðamaðurinn einnig, miðað við getu, Björgvin missti boltann aðeins til hægri og Jón Steinar sló honum eilítið út í móann en fékk vinahopp og var vel sláanlegur. Það átti eftir að sýna sig þegar leið á leikinn að Jón Steinar kann vel á völlinn og eitt sinn sló hann að því er virtist í gegnum grjótvaxinn móa, einhver leynigöng sem hann einn vissi um.

Ekki er ætlunin að rekja leikinn högg fyrir högg. Framan af leit vel út með viðureignina. Jón Steinar og Björgvin voru undir fyrstu holurnar og foringinn hafði engan húmor fyrir því þegar hann fór eftir vinnuvélagötu út í móa í leit að kúlu sinni og blaðamaður spurði hvort að þarna væri búið að leggja veg sérstaklega fyrir hann?

### Sígur á ógæfuhliðina

Galgopahátturinn átti eftir að hefna sín því nú fór að síga á ógæfuhliðina, Jón Steinar setti í gírinn eftir fáeinar holur og þegar meistarinn Björgin fór að negla niður fuglunum, einum fimm þennan hringinn, snerist taflið við. Ásgeir spilaði gott og stöðugt golf en því miður var þetta upp og niður hjá blaðamanninum. Hann missti hausinn ef högg misheppnaðist. Eins glatað og það nú er, var salt í sárin að vera að draga átrúnaðargoð sitt niður. En, það verður að segja Ásgeiri til hróss að hann var alveg einstaklega þægilegur makker.

Allir spiluðu þeir þrír á sinni forgjöf en blaðamaður ekki og því fór sem fór. Kampakátir hrósuðu þeir Jón Steinar og Björgvin sigri, eftir 15. holu var leik í raun lokið; forskot þeirra var orðið óyfirstíganlegt. En, fyrst og fremst var þetta ótrúlega skemmtilegur hringur. Að leik loknum gaf Björgvin blaðamanni vinsamleg ráð; vera ekki alltaf með þungann á hægri fæti í sveiflunni – en, ekki fyrr en að leik loknum. Það lá að.

**visir.is**
Nánar verður greint frá þessari viðureign á Vísi.


Made in Iceland
BIOEFFECT
BIOEFFECT
KYNNINGARVIKA
í verslunum Hagkaups
11. - 17. júní
BIOEFFECT
EGF SERUM
BIOEFFECT
EGF SERUM
ENN MEIRI VIRKNI
20% AFSLÁTTUR
AF BIOEFFECT EGF SERUM
Kaupauki ef keyptar eru BIOEFFECT húðvörur fyrir 6.900 kr eða meira. *
*meðan birgðir endast
Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla
www.bioeffect.is
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Sumar



## Libratone Lounge - hátalari **1stk**

Libratone Beat eru magnaðir þráðlausir hátalarar
Hægt að streyma hljóð frá iOS tæki (iPhone,
iPad, iPod touch) og tölvum.

**Útsöluverð: 149.990**.-
Fullt verð 217.990.-



## Libratone Beat - hátalari **2stk**

Libratone Beat eru óvenju öflugir, og notar gólf,
loft og veggi til að magna upp hljóminn.
Hægt að streyma hljóð frá iOS tæki
(iPhone, iPad, iPod touch) og tölvum.

**Útsöluverð: 39.990**.-
Fullt verð 79.990.-



**1stk**

## Bower & Wilkins A7 - hátalari

Þráðlaus hágæða hátalari með framúrskarandi
hljóðgæðum frá Bowers & Wilkins.
Frábær hönnun.
.

**Útsöluverð: 99.990**.-
Fullt verð 207.990.-

**Allt að 70% Afsláttur**

iPhone 4 aukahlutir **70%**
Optrix aukahlutir **70%**
Joy Factory **50%**
Aiino **50%**
Leikföng fyrir unga sem aldna **40%**
Aðrar valdar vörur á **15-50%**



## Bower & Wilkins Z2 - hátalari

Þráðlaus hágæða hátalari með framúrskarandi
hljóðgæðum frá Bowers & Wilkins. Z2
hefur allt að bera.

**Útsöluverð: 49.990**.-
Fullt verð 69.990.-



## iPad 2 mini 4G/64GB **5stk**

**Útsöluverð: 79.990**.-
Fullt verð 103.790.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
Útsöluverð gilda á meðan birgðir endast.

# útsala




## iMac 27"

**Útsöluverð: 319.990.-**

Fullt verð 419.990.-

3,4GHz Quad-Core Intel Core i5 örgjörvi
8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
1TB harður diskur




## MacBook Pro Retina

**Útsöluverð: 319.990.-**

Fullt verð 399.990.-

2.0 GHz Intel Core i7
8GB vinnsluminni
256GB harður diskur

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

Heimsforeldrum á Íslandi fjölgaði um 18,5 prósent á milli ára og voru þeir í lok síðasta árs yfir 26 þúsund talsins:

# Hvergi hærri framlög til UNICEF en hér á landi

Hvergi í heiminum gaf almenningur meira til landsnefndar UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, en hér á landi í fyrra. Framlagið sem safnaðist á Íslandi til baráttu UNICEF nemur 12 Bandaríkjadölum á hvern landsmann, að því er segir í fréttatilkynningu frá UNICEF á Íslandi. Næst á eftir Íslandi kemur Svíþjóð, með 9 dali á hvern landsmann, og þar á eftir Lúxemborg með 7 dali á mann. Um framlög einstaklinga og fyrirtækja er að ræða, ekki ríkisstjórna.

Í fréttatilkynningunni kemur jafnframt fram að heimsforeldrum á Íslandi hafi fjölgað um 18,5 prósent á milli ára. Í lok síðasta árs voru þeir orðnir 26.152 talsins. Mánaðarleg gjöf heimsforeldra gerir UNICEF kleift að bregðast samstundis við þegar neyðarástand brýst út, vera áfram til staðar fyrir börn eftir að kastljós fjölmiðla er farið annað, sinna hjálparstarfi á svæðum sem njóta engrar fjölmiðlaathygli, skipuleggja hjálparstarf til lengri tíma litið og beita sér á heimsvísu. Í fyrra söfnuðust alls 36,5 milljónir króna frá almenningi og fyrirtækjum í sérstakar neyðarsafnanir á vegum UNICEF á Íslandi. Auk þess hafa aldrei fleiri börn tekið þátt í grunnskólaverkefninu UNICEF-hreyfingunni en um 40 prósenta aukningu er að ræða frá árinu 2013.



**BARNVÆNT SVÆÐI** Eftir jarðskjálftana í Nepal opnaði UNICEF barnvæn svæði í landinu. MYND/UNICEF

Andrúmsloftið hreinsað vegna Ólympíuleikanna:

# Minni mengun jók fæðingarþyngdina

Skýrt samhengi er á milli mengunar í andrúmslofti og fæðingarþyngdar barna, að sögn Davids Q. Rich við Rochester-háskóla í New York í Bandaríkjunum. Hann stýrði rannsókn sem leiddi í ljós að börn sem fæddust í Kína rétt eftir Ólympíuleikana sem haldnir voru þar 2008 voru 23 grömmum þyngri en börn voru almennt við fæðingu.

Nokkrum mánuðum fyrir Ólympíuleikana settu kínversk stjórnvöld strangar reglur um akstur bíla. Þau lokuðu verksmiðjum og frestuðu byggingarframkvæmdum. Auk þess var efni skotið upp í skýin til að þau mynduðu regndropa sem hreinsa andrúmsloftið, að því er greint er frá á vefnum forskning.no. Þessar aðgerðir báru árangur. Brennisteinsdíoxíð í andrúmsloftinu minnkaði um 60 prósent, kolmónoxíð um 48 prósent og köfnunarefnismónoxíð um 43 prósent í um sex til sjö vikna skeið.

Nokkrir vísindamenn notuðu tækifærið til bera saman fæðingarþyngd barna þeirra mæðra sem voru á áttunda mánuði meðgöngu meðan Ólympíuleikarnir fóru fram við fæðingarþyngd barna fæddra 2007 og 2009 þegar mengunin var jafn mikil og venjulega. Skoðuð var fæðingarþyngd 83.672 barna og í ljós kom að börn fædd 2008 voru 23 grömmum þyngri en börn fædd árið á undan og á eftir. Bent er á að síðasti hluti meðgöngunnar sé sérstaklega mikilvægur fyrir vöxt fóstursins.

Rannsóknir í Evrópu hafa einnig sýnt fram á samhengi á milli minni fæðingarþyngdar og mengunar í andrúmslofti. - ibs



**Í KÍNA** Börn sem fæddust rétt eftir Ólympíuleikana í Kína voru þyngri en börn sem fæddust árið á undan og á eftir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stuðningsmönnum hjálpað að léttast

Íshokkíklúbbar í Norrköping og Linköping í Svíþjóð ætla í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld og háskóla að hjálpa of þungum stuðningsmönnum sínum til að halda sér í góðu formi. Á komandi hausti og vori verður 60 einstaklingum á aldrinum 35 til 65 ára sem eru með líkamsþyngdarstuðul yfir 28 boðið að taka þátt í verkefni sem miðar að bættri heilsu.

Þátttakendur í verkefninu eiga að hittast einu sinni í viku um 12 vikna skeið. Veitt verður fræðsla um heilbrigðan lífsstíl auk þess sem gerðar verða léttar líkamsæfingar.

Fyrirmyndin er námskeið sem haldið var í Skotlandi. Þar léttust þátttakendur um fimm kíló á 12 vikum en 90 prósent þátttakenda luku námskeiðinu. Fjöldi evrópskra klúbba býður nú stuðningsmönnum sínum upp á slík námskeið.

Greint er frá árangrinum í ritinu Lancet.



**PREYTA** Kostnaður vegna einbeitingarskorts starfsmanna kostar fyrirtæki í Bandaríkjunum 450 til 500 milljarða dali á ári. NORDICPHOTOS/GETTY

**450-500 MILLJARÐA DALI** á ári kostar einbeitingarskortur starfsmanna fyrirtæki í Bandaríkjunum.

# Ónæði í vinnunni elleftu hverja mínútu

Niðurstöður alþjóðlegrar rannsóknar sýna að 85% starfsmanna í opnu skrifstofurými geta ekki einbeitt sér. Veikindi algengari hjá þeim sem vinna í opnu rými.

Þeir sem vinna í opnu rými eru að meðaltali truflaðir elleftu hverja mínútu. Það hefur ekki bara áhrif á vinnufrið, heldur einnig framleiðni. Þetta eru niðurstöður alþjóðlegrar rannsóknar á vegum bandaríska húsgagnaframleiðandans Steelcase.

Alls tóku 10.500 einstaklingar í 14 löndum þátt í rannsókninni. Af þeim sögðust 85 prósent ekki geta einbeitt sér í vinnunni en 11 prósent sögðust vera ánægð með vinnuumhverfi sitt. Síðarnefndi hópurinn átti auðveldara með að einbeita sér.

Á fréttavef sænska blaðsins Dagens Nyheter er haft eftir Gunnari Aronssyni, prófessor í vinnu- og skipulagssálfræði við Háskólann í Stokkhólmi, að afar fáar rannsóknir leiði í ljós að opið skrifstofurými sé jákvætt fyrir starfsmenn. Rannsóknir hafi ekki bara sýnt fram á ónæði, heldur séu veikindi algengari hjá þeim sem starfa í opnu skrifstofurými.

Dagens Nyheter greinir frá því að með opnu skrifstofurými, sem farið var að nota á sjötta áratug síðustu aldar, hafi átt að auka samvinnu starfsmanna og hugmyndavinnu. Nú snúist þetta frekar um sparnað, pláss og möguleika á breytingum. Tekið er fram að einbeitingarskortur starfsmanna kosti talsverða fjármuni. Rannsókn á vegum Gallup sýni að eingöngu í Bandaríkjunum sé kostnaður fyrirtækja vegna þess 450 til 500 milljarðar Bandaríkjadala á ári.

Truflunin er ekki bara sögð draga úr framleiðni starfsmanna, heldur einnig áhuga þeirra. Gunnar Aronsson bendir á að sá sem er í starfi sem hann hefur persónulegan áhuga á geti orðið fyrir miklum vonbrigðum nái hann ekki að vinna verk sitt vel. ibs@frettabladid.is

22. júní er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana

Mundu að skila atkvæði þínu tímanlega. Ekki geyma það til síðasta dags

FLÓABANDALAGIÐ
EFLING STÉTTARFÉLAG
V.L.F. HLÍF
VSFK

ATH! Atkvæði póstleggist í síðasta lagi 18. júní

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

TOYOTA

# BETRI BÍLAR Í KAUPTÚNI

ALWAYS A BETTER WAY

BNB



Toyota Land Cruiser 150 GX
3000 Diesel. Sjálfsk.
Á götuna 05.13 Ekinn 40.000 km.
Verð: 8.390.000.- Raðnr: 310076

BNB



Toyota Yaris Hybrid Active
1500 Bensín. Sjálfsk.
Á götuna 07.14 Ekinn 21.000 km.
Verð: 3.150.000.- Raðnr: 360254

BNB



Toyota Yaris Live
1000 Bensín. 5 gíra.
Á götuna 07.13 Ekinn 29.000 km.
Verð: 2.250.000.- Raðnr: 999875

BNB



Lexus NX 300H Hybrid
2500 Bensín. sjálfsk.
Á götuna 04.15 Ekinn 2.000 km.
Verð: 11.590.000- Raðnr: 143000

BNB



Toyota Avensis S/D Active
1800 Bensín. Sjálfsk.
Á götuna 01.15 Ekinn 5500 km.
Verð: 4.590.000.- Raðnr: 280010

BNB



Toyota Proace Langur GX
2000, Diesel. Sjálfsk.
Á götuna 09.13 Ekinn 12.000 km.
Verð: 4.800.000.- Raðnr: 999862

BNB



Toyota Auris Hybrid Active
1800 Bensín. Sjálfsk.
Á götuna 03.14 Ekinn 12.000 km.
Verð: 3.890.000.- Raðnr: 280006

BNB



Toyota Auris TS W/G Active
1600 Bensín. Sjálfsk.
Á götuna 06.14 Ekinn 16.000 km.
Verð: 4.090.000.- Raðnr: 310082

BNB



Toyota Avensis W/G Active
2200 Dísel. Sjálfsk.
Á götuna 01.14 Ekinn 10.000 km.
Verð: 5.890.000.- Raðnr: 999991

UB



Lexus RX450 Hybrid EXE
3500 Bensín. Sjálfsk.
Á götuna 11.14 Ekinn 5.000 km.
Verð: 11.250.000 Raðnr: 380026

BNB



Toyota Land Crusier 150 VX
3000 Diesel. Sjálfsk.
Á götuna 03.11 Ekinn 89.000 km.
Verð: 8.450.000.- Raðnr: 182273

UB



Lexus IS300H Hybrid EXE+
2500 Bensín. Sjálfsk.
Á götuna 11.14 Ekinn 7.000 km..
Verð: 7.450.000.- Raðnr: 999989

## MIKIL SALA Í JÚNÍ OG JÚLÍ

Nú er mjög mikil sala í notuðum bílum og okkur vantar allar gerðir af Toyota og Lexus bílum á skrá. Júní og júlí eru með heitustu mánuðunum í bílasölu og því er upplagt tækifæri til þess að selja bílinn.

Sérfræðingar okkar aðstoða við verðmat og skráningu á bílnum. Þeir eru í góðu sambandi við viðskiptavini og miðla upplýsingum um tilboð áhugasamra kaupenda.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**BNB**
**Betri notaðir bílar**

**UB**
**Umboðssölu-bílar**

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG BÍLNUM ÞÍNUM



ÞINGSJÁ



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

## GJALLARHORNIÐ

**Katrín Júlíusdóttir**
**um störf þingsins**



Það er leitt að heyra að einhver hafi verið að hlæja að framsóknarmönnum í aðdraganda síðustu kosninga og þá kannski ekki síst vegna þess að menn hafi þar verið að tala um kylfur og gulrætur, ekki síst í ljósi þess að það gerðum við líka sem þá vorum í ríkisstjórn. Það kemur skýrt fram í fjölmiðlum frá þeim tíma þar sem við erum að fjalla um að beita þurfi aðferðafræði svipu og gulrótar. Það er kannski það sem var aðhlátursefni, það er að menn næðu ekki saman um það hvort beita ætti svipum eða kylfum.

**Jón Gunnarsson**
**um stóriðju á Bakka**



Það er ákveðinn tvískinnungsháttur í allri þessari umræðu. Þetta verkefni var stutt hér af þeim vinstriflokkum sem í dag eru að berjast fyrir því að leggja stein í götu virkjana í neðri hluta Þjórsár og stein í götu eðlilegrar afgreiðslu á rammaáætlun með þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér.

**Steingrímur J. Sigfússon**
**um orð Jóns Gunnarssonar**



Auðvitað kippi ég mér ekki mikið upp við skítadreifarana frá hv. þm. Jóni Gunnarssyni og ég mun hafa tækifæri síðar til að jafna þá reikninga ef svo ber undir, en mér er meira umhugað um að svona lagað sé ekki látið líðast í störfum þingsins, að svona lágkúra, svona ódrengskapur, að vega að mönnum sem ekki geta svarað og hafa ekki rætt í sömu umræðu sé látið viðgangast. En auðvitað er skömmin háttvirts þingmanns.

**Elsa Lára Arnardóttir**
**um störf þingsins**



Málið er að afnámsáætlun síðustu ríkisstjórnar tók ekki til slitabúa, annaðhvort gleymdu þeir kröfuhöfunum eða fannst að það mætti nota skuldsettan gjaldeyrisforða til að borga þá út, eins og sumir þeirra lögðu til. Aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar tekur á 1.200 milljarða vandamáli, þar af eru slitabúin 900 milljarðar. Heildarlausnin liggur því í að tekið sé á slitabúunum.

# Hverju lofuðu þeir fyrir kosningar?

Mikið er deilt um eignarhald á þeirri leið sem valin var við losun hafta. Höftin hafa verið eitt af stóru málum íslenskra stjórnmála frá hruni og voru hluti af kosningabaráttunni 2013. Þingsjá ákvað að kíkja á hvað oddvitar ríkisstjórnarinnar sögðu fyrir kosningar.

Einhverjum finnst kannski tittlingaskítur að velta því fyrir sér hver á eignarhaldið á þeirri leið sem valin var við losun hafta. Vissulega er aðalatriðið að aðgerðirnar takist vel og verði þjóðarbúinu til heilla. Lýðræðið byggir hins vegar á því að kjósendur vegi og meti orð og gjörðir stjórnmálamanna og kjósi þá sem þeim hugnast best eftir það mat. Það er því ekki úr vegi að skoða hvað oddvitar ríkisstjórnarinnar sögðu um haftalosun í aðdraganda síðustu kosninga.

Þá voru Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formenn flokka í stjórnarandstöðu. Hlutskipti þeirra var ólíkt. Framsóknarflokkurinn var í mikilli uppsveiflu, hreykti sér af því að sigur hefði unnist í Icesave-málinu og talaði nokkuð digurbarkalega um hrægammasjóði sem ættu kröfur á hina föllnu banka. Algjör viðsnúningur hafði orðið á fylgi flokksins eftir Icesave-dóminn og hann rauk upp í skoðanakönnunum og vann síðan gríðarlega stóran kosningasigur.

Sjálfstæðisflokkurinn var hins vegar í tilvistarkreppu á þessum tíma. Bjarni varð fyrir gagnrýni innan úr röðum flokksins og meðal annars var gerð skoðanakönnun sem sýndi gott fylgi við það að Hanna Birna Kristjánsdóttir yrði formaður í hans stað. Bjarni fór í frægt Kastljósviðtal og sneri vörn í sókn, en útkoman úr kosningunum varð flokknum ekki góð.

Að kosningum loknum þurfti að sameina þau ólíku sjónarmið flokkanna sem hér sjást til að mynda ríkisstjórn. Sú vinna er enn í gangi, enda áherslurnar ólíkar um margt.

## ÞAÐ SEM SIGMUNDUR OG BJARNI SÖGÐU UM HAFTALOSUN Í AÐDRAGANDA SÍÐUSTU KOSNINGA




# Fjármagna niðurfellingu

Framsóknarflokkur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar var býsna afdráttarlaus fyrir síðustu kosningar þegar kom að kröfum í föllnu bankana. Sigmundur vildi ekki gefa tommu eftir í samningaviðræðum við kröfuhafa.

„Í slíkum viðræðum þurfa menn að hafa bæði gulrót og kylfu. Það þarf að skapa hvata en menn þurfa líka að standa frammi fyrir því að ef þeir eru ekki tilbúnir til að spila með verði það þeim ekki til hagsbóta. Eins og lögin eru núna í stakk búin á að greiða úr þrotabúum íslenskra fyrirtækja í íslenskum krónum. Seðlabankinn gæti því í raun innkallað gjaldeyrinn, í krafti gjaldeyrishaftanna, og greitt út í íslenskum krónum sem menn sætu þá fastir með hér,“ sagði Sigmundur Davíð í viðtali við Fréttablaðið 9. mars 2013.

Blaðamaður spurði hvort þessi stefna gerði þá ráð fyrir samningsvilja kröfuhafa.

„Hún byggir annaðhvort á vilja þeirra eða því að ríkið nýti sér fullveldisrétt sinn, til dæmis með því að greiða út í íslenskum krónum eða sérstakri skattlagningu.“

### Ekki í skuldaniðurfellingu

Hugmyndir Sigmundar um að nýta fullveldisréttinn til að greiða út í íslenskum krónum urðu ekki að veruleika og aldrei mun koma til álagningar stöðugleikaskattsins. Raunar virðist aldrei hafa verið hætta á því, kröfuhafarnir hafi verið tilbúnir til að semja um leið og línur voru lagðar af ríkisstjórninni.

En Sigmundur Davíð tiltók í umræddu viðtali hvernig nýta ætti þá fjármuni sem hægt væri að sækja til kröfuhafanna erlendu. Þeir voru nefnilega forsenda þess að hægt yrði að fara í skuldaniðurfellinguna frægu, stærsta kosningaloforð flokksins.

„Sigmundur Davíð segir að til að hægt sé að fara í þessa skuldaleiðréttingu þurfi að semja við kröfuhafa föllnu bankanna. Líklega séu um 90 prósent krafnanna í eigu vogunarsjóða sem keypt hafi kröfurnar af upphaflegum lánveitendum,“ sagði í viðtalinu fyrir kosningar, viðtali sem Sigmundur las yfir og samþykkti.

Sú stefna varð ekki að veruleika. Farið var í skuldaniðurfellingu í fyrra, en áætlun um losun gjaldeyrishafta var kynnt á mánudag. Það er því ljóst að sú stefna flokksins að sækja peninga til erlendra vogunarsjóða og fjármagna þannig skuldaniðurfellinguna beið skipbrot.



**SETT Í SKULDANIÐURFELLINGU** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson vildi að fjármunir frá vogunarsjóðum færu í skuldaniðurfellingu Framsóknarflokksins.




# Afskrifa hluta krafna

Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf talað fyrir því að það verði að semja við kröfuhafa föllnu bankanna. Í því felist að afskrifa þurfi hluta krafnanna, en gera síðan upp við kröfuhafana. Raunar má segja að þetta hafi verið stefnan sem allir aðrir flokkar en Framsóknarflokkurinn kynntu. Raunsæi var það sem Sjálfstæðisflokkurinn talaði fyrst og fremst fyrir, finna þyrfti raunhæfa leið til að afnema höftin.Bjarni dró hins vegar enga dul á það að ef samningar næðust ekki við kröfuhafana þyrfti einfaldlega að keyra slitabúin í þrot, gera þau gjaldþrota. Færi svo yrði settur hár skattur á útstreymi fjármuna af landi brott.

Bjarni sagði, í viðtali við Fréttablaðið 16. mars 2013, að fyrst og fremst þyrfti að setja fram raunhæfa áætlun til að losa fjármagnshöftin.

„Höftin eru þarna vegna þess að við getum ekki leyft eignum í eigu erlendu kröfuhafanna að fara út á hinu opinbera skráða gengi. Það verður að ganga mjög ákveðið til verks núna og setja reglur sem miða að því að afskrifa stóran hluta af þessum kröfum og gera í framhaldi af því upp við kröfuhafana, án þess að gengi krónunnar verði sett í algjört uppnám.“

### Gjaldþrot og skattur

Bjarni lagði áherslu á samninga, að besta leiðin væri að semja við þrotabúin. Til þess þyrfti að finna nýjar leiðir.

„Ef hugmyndir um nýjar reglur leysa ekki vandann, þá er ekkert annað að gera en að taka þessi fjármálafyrirtæki sem eru í slitameðferð og setja í þrotameðferð. Þá verða bankarnir að gjaldþrota félögum og ég get séð fyrir mér að þá verði þetta ekki leyst með skilyrðum seðlabankans um útgreiðslu gjaldeyris, heldur einfaldlega með mjög háum skatti á greiðslu fjár út úr landinu,“ sagði Bjarni í umræddu viðtali.

Bjarni tiltók ekki hvernig þeir fjármunir sem myndu skapast við þessar aðgerðir yrðu nýttir. Raunar talaði hann sjaldan ef nokkurn tíma um þetta sem leið til að afla tekna sem hægt væri að nýta í ákveðin verkefni, líkt og Sigmundur Davíð gerði þegar hann sá fyrir sér að nýta fjármunina í skuldaniðurfellingu.

Sú stefna sem Bjarni talaði fyrir í mars 2013 er býsna lík þeirri sem kynnt var á mánudag. Samið um afskriftir skulda og að öðrum kosti komi til gjaldþrota og skattlagningar. Raunar er hún meira en lík, hún er nákvæmlega eins.



**RAUNHÆF ÁÆTLUN** Bjarni talaði fyrst og fremst fyrir raunhæfri áætlun sem ekki mætti hafa áhrif á gengi krónunnar.




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Stýrivextir Seðlabankans voru hækkaðir um 0,5 prósentustig í gær en þeir verða að líkindum hækkaðir aftur í ágúst:

# Seðlabankinn boðar talsverðar vaxtahækkanir

Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru í gær hækkaðir um 0,5 prósentustig og eru nú fimm prósent.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans kemur fram að einsýnt virðist vera að hækka þurfi vexti umtalsvert í ágúst og frekar á komandi misserum eigi að tryggja verðstöðugleika til lengri tíma litið.

Nefndin benti á að miklar launahækkanir í nýgerðum kjarasamningum hafi valdið því að verðbólguhorfur hafi versnað verulega og því hafi verið gripið til vaxtahækkunar. Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir að ómögulegt sé að segja til um hversu miklar þær hækkanir verði. Þá benti peningastefnunefndin á að aðgerðir stjórnvalda í tengslum við nýgerða kjarasamninga hafi áhrif á ákvörðun um hækkun stýrivaxta nú. Aðgerðirnar séu enn ófjármagnaðar og feli því að óbreyttu í sér slökun á aðhaldi í ríkisfjármálum.

„En ef þetta verður fjármagnað, sem við náttúrlega vonum, þá verða ekki þessi áhrif. En annars er þetta að leggjast á sveif með og koma til viðbótar við önnur eftirspurnaraukandi öfl og hækkanir á kostnaði í hagkerfinu sem eru að eiga sér stað. Og við skulum vona að það verði ekki,“ segir Már.

Þá varar peningastefnunefndin einnig við því að fé sem kunni að falla stjórnvöldum í skaut vegna losunar hafta verði varið þannig að það skapi þenslu. Þó sagði Már á fundi þar sem vaxtaákvörðunin var rökstudd í gærmorgun að ekkert hefði komið fram sem benti til annars en að þessir fjármunir yrðu nýttir til að lækka skuldir ríkissjóðs. Seðlabankinn myndi þó fylgjast með framvindu mála og grípa til viðeigandi aðgerða ef þörf krefði. -ih, hmp



**STÝRIVEXTIR KYNNTIR** Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson kynntu vaxtaákvörðun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SÁTTIR VIÐ KAUPIN** Mikael Noaksson, forstjóri Advania í Svíþjóð, og Tobias Öien, forstjóri Knowledge Factory.

35 manna fyrirtæki bætt við:

## Advania kaupir nýtt fyrirtæki

Advania hefur keypt Knowledge Factory sem veitir ráðgjöf um högun upplýsingatækniumhverfa.

Knowledge Factory þjónustar ríflega 500 viðskiptavini um heim allan. Fyrirtækið veitir ráðgjöf á sviði upplýsingatækni með megináherslu á högun upplýsingatækniumhverfa og tilfærslu úr hefðbundnu rekstrarumhverfi í skýjaumhverfi.

Sérhæfing fyrirtækisins liggur einkum á sviði Microsoft-lausna. Alls starfa 35 manns hjá fyrirtækinu sem er með þrjár starfsstöðvar á Norðurlöndunum. - jhh



**KATRÍN PÉTURSDÓTTIR HJÁ LÝSI** Fyrirtækið hefur keypt nýtt fyrirtæki með 50 starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfsemin í óbreyttri mynd:

## Lýsi hf. kaupir Akraborg

Lýsi hf. hefur skrifað undir samning um kaup á meirihluta hlutafjár í Akraborg ehf. Fyrirtækið var stofnað árið 1989 og hefur í rúm 20 ár framleitt niðursoðna þorsklifur.

Stærstu eigendur voru Triton ehf., auk Bornholms A/S, félags í eigu Christian Sieverts og fjölskyldu, sem hefur rekið félagið um árabil. Eftir kaupin mun Bornholms A/S áfram eiga stóran hlut í fyrirtækinu. Hjá Akraborg ehf. starfa 50 manns og verður starfsemi félagsins rekin í óbreyttri mynd. - jhh




**MEÐFERÐARHEIMILI VOGUR** SÁÁ á aðild að Almannaheillum og er dæmi um samtök sem hafa skipt sköpum fyrir velferðar- og heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Stephen Bubb segir að frjáls félagasamtök styrki samfélagið og lýðræðið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Óháðir aðilar oft betri en ríki

Stjórnvöld geta styrkt almannaþjónustu með því að semja við frjáls félagasamtök um að veita þjónustuna. Þetta segir framkvæmdastjóri Samtaka stjórnenda sjálfboðasamtaka í Bretlandi. Verður hér á landi á morgun.

Frjáls félagasamtök skipta miklu máli í starfi að velferðarmálum og heilbrigðismálum, segir Bretinn Sir Stephen Bubb.

Hann er framkvæmdastjóri ACEVO, samtaka stjórnenda sjálfboðasamtaka í Bretlandi, og verður aðalræðumaður á málþingi sem Almannaheill standa fyrir á Fundi fólksins á morgun.

Bubb segir að stjórnvöld gætu veitt almannaþjónustu mun betur með því að nýta frjáls félagasamtök og góðgerðarfélög á skilvirkari hátt. „Þegar þú horfir á heilbrigðisgeirann í Bretlandi þá hafa frjáls félagasamtök alltaf spilað stóra rullu. Og stundum eru frjáls félagasamtök betri í því að aðstoða fólk með geðheilbrigðisvanda, í fíkn, heldur en ríkið getur gert. Þau eru oft betur miðuð að skjólstæðingnum en ríkið,“ segir Bubb.

Þá bendir Bubb á að frjáls félagasamtök skipti verulegu máli fyrir efnahagslíf í hverju ríki. Hann bendir á að 1,5 milljónir manna séu á launum hjá frjálsum



**STEPHEN BUBB**

félagasamtökum í Bretlandi og um 6 milljónir manna starfa reglulega í sjálfboðaliðsvinnu fyrir frjáls félagasamtök.

Bubb segir að munurinn á sterkum samfélögum og veikum samfélögum sé fjöldi frjálsra félagasamtaka í samfélaginu. Það sé grundvallaratriði að stjórnvöld hafi mótaða stefnu sem styður og verndar frjáls félagasamtök og skaðar þau ekki. „Að auki er mikilvægt að stjórnvöld virði sjálfstæði þessara samtaka. Að þau styðji en séu ekki að reyna að stýra eða segja fyrir um hvað á að gera og hvað ekki,“ segir Bubb.

Bubb segir að stjórnvöld verði að gefa þessum félagasamtökum svigrúm til þess að tala frjálslega. „Þannig að ef stjórnvöld eru að gera eitthvað sem skaðar samfélagið þá er það hlutverk þessara félagasamtaka að koma í veg fyrir það,“ segir Bubb. Það verði að hafa á hreinu að það sé hlutverk þessara frjálsu félagasamtaka að benda á það sem miður fer. „Við erum ekki hluti ríkisins og stundum þurfum við að segja ríkisvaldinu ef það er að gera eitthvað rangt,“ segir hann.

Bubb bendir á að í hluta Austur-Evrópu og í Rússlandi hafi frjáls félagasamtök og góðgerðarsamtök hreinlega verið barin niður. „Þannig að þú þarft að geta boðið stjórnvöldum birginn og góð stjórnvöld skilja það en styðja samt við bakið á þessum sömu félagasamtökum,“ segir Bubb.

jonhakon@frettabladid.is

## Á vegum Almannaheilla

Stephen Bubb kemur hingað til lands á vegum Almannaheilla. Það eru heildarsamtök sem félög og sjálfseignarstofnanir sem starfa að almannaheill ákváðu að stofna með sér með það að markmiði að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Eftirtaldir aðilar áttu aðild að samtökunum:

| | |
|---|---|
| ADHD samtökin | Landssamband eldri borgara |
| Barnaheill | Landssamtökin Geðhjálp |
| Blindrafélagið | Landssamtökin Þroskahjálp |
| Bandalag íslenskra skáta | Neytendasamtökin |
| Einstök börn | SÁÁ |
| Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs | Samtök sparifjáreigenda |
| Heimili og skóli | Skógræktarfélag Íslands |
| Hjartavernd | Styrktarfélaga krabbameinssjúkra barna |
| Hjálparstarf kirkjunnar | Styrktarfélaga lamaðra og fatlaðra |
| Krabbameinsfélagið | Ungmennafélag Íslands – UMFÍ |
| Kvenréttindafélag Íslands | Umhyggja |
| Kvenfélagasamband Íslands | Vinir Vatnajökuls |
| Landvernd | Öryrkjabandalag Íslands |






Skrauthjörtu
áður 790,- NÚ 593,-
Oma hengistóll
áður 8.990,-
NÚ 6.743,-
Jardim blóm
áður 590,- NÚ 443,-
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
Hengirúm
áður 6.990,- NÚ 5.243,-
ANTON&BERGUR
Kanna
áður 2.990,-
NÚ 2.243,-
Mondavio stóll
áður 29.900,-
NÚ 22.425,-
Blómapottur
áður 5.990,-
NÚ 4.493,-
Adrien stytta
áður 9.990,-
NÚ 7.493,-
Vínglös
áður 990,-
NÚ 743,-
Blómapottur
m.krana
áður 6.990,-
NÚ 5.243,-
Búdda stytta
áður 6.990,-
NÚ 5.243,-
Lucy&Felipe
áður 19.990,- NÚ 14.993,-
SUMARSPRENGJA
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SUMARVÖRUM 11.–16. JÚNÍ
Blómapottar í stiga
áður 4.990,-
NÚ 3.743,-
Audrey garðsett
Borð og 2 stólar
áður 35.900,-
NÚ 26.925,-
Blómapottar/fötur
áður 990,- NÚ 743,-
AFSLÁTTUR • 25% AFSLÁTTUR • 25%
25%
Froskar
áður 1.590,- NÚ 1.193,-
Rimini bekkur
áður 25.900,- NÚ 19.425,-
Sumarblóm í potti
áður 690,- NÚ 518,-
Pailly blómakar
áður 12.990,- NÚ 9.743,-
Rimini borð
áður 15.990,-
NÚ 11.993,-
the PIER
Englastyttta
áður 5.990,-
NÚ 4.493,-
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
Erum á Facebook • www.pier.is
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

Ef allt er í blóma, til hvers þarf þá bókaskatt:

# Bókinni allt

Þau tíðindi bárust úr könnun sem Capacent vann fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda að þeim sem aldrei lesa bækur hefur fjölgað um 90 prósent á fjórum árum. Enn er umtalsvert lesið, 86,7 prósent 18 ára eða eldri lásu að minnsta kosti eina bók á síðasta ári, en þeim sem enga lásu fjölgaði úr 7 prósentum árið 2011 í 13,3 prósent í fyrra. Í miðri kynningu á aðgerðaáætlun um afnám hafta fer þessi frétt kannski fram hjá mörgum, en hún er engu að síður grafalvarleg.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

Bókin býður okkur öll velkomin, veitir okkur skjól, geymir alla hugsanlega og óhugsanlega heima, virkjar ímyndunaraflið, eykur sjálfstæði, býr til minningar, svo fáir af kostum hennar séu tíundaðir.

„Við höldum fast í heiðurinn af því að vera bókmenntaþjóð heimsins og fremst í flokki þegar kemur að því að lesa bækur. Það virðist vera að fjara undan okkur hvað það varðar og við verðum að bregðast við því,“ sagði Bryndís Loftsdóttir, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, í Fréttablaðinu í gær. Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður Rithöfundasambands Íslands, var ekki síður harðorð. „Það hringja allar viðvörunarbjöllur þegar maður sér svona upplýsingar og þær krefjast viðbragða frá fleirum en höfundum og bókaútgefendum. Þetta eru mikilvæg skilaboð og verkfæri fyrir stjórnvöld og samfélagið til að nýta sér, í stað þess að fljóta sofandi að feigðarósi.“

Og það er rétt, þetta eru mikilvæg skilaboð sem okkur ber að taka alvarlega. Okkur getur þótt hvað sem er um íslenskuna og áherslu á að viðhalda henni; ef við gerum það ekki sjálf þá gerir það enginn. Svo einfalt er það. Auðvitað er það ekki þannig að íslenskan hverfi á nóinu þó að einhverjir hætti að lesa bækur. Nei, en þetta er vísbending um þróun sem ber að taka alvarlega.

Þegar til þess er horft að við lok grunnskóla geti 30 prósent drengja ekki lesið sér til gagns, eins og birtist í rannsókn sem gerð var í desember 2013, verður málið enn alvarlegra. Eitthvað er rotið í Danaveldi, gætum við lesið á bók og gera vonandi flestir. Þó að eðlilegt sé að beina sjónum að ungviðinu, þá er ekki síður alvarlegt að æ færri fullorðnir lesa bækur. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft og ef við lesum ekki bækur, hví ættu þau þá að gera það?

Formaður Rithöfundasambandsins benti á að nýverið hefði virðisaukaskattur á bækur verið hækkaður. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, benti á að það hefði gerst um áramótin og væri ekki hægt að skýra hnignunina með því. Það er alveg rétt hjá ráðherra, en engu að síður eru skilaboðin það alvarleg að það er rétt að grípa til allra ráðstafana. Auka veg bókarinnar með öllum tiltækum ráðum.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði á þingi í gær að með aðgerðaáætlun um haftalosun yrði efnahagur okkar í frábærri stöðu. „Í betri efnahagslegri stöðu heldur en landið hefur nokkurn tíma upplifað, eða þjóðin.“

Er ekki ráð að nýta þessa góðu efnahagslegu stöðu sem ráðamenn guma af og afnema með öllu virðisaukaskatt á bækur?

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Buchheit í kjarasamningana**
Stærstu fréttamál undanfarinna daga eru vafalítið kjaradeilur og haftamálið. Bandalag háskólamanna hefur verið í verkfalli svo dögum skiptir og hingað til hefur ekki sést til lands. Kaflaskil urðu aftur á móti við afnám hafta. Þakka margir erlendu sérfræðingunum Glenn Kim, Anne Krueger og Lee Buchheit fyrir þá niðurstöðu. Þetta er í annað sinn sem Buchheit tekur að sér störf fyrir Íslendinga og hefur hann í bæði skiptin þótt skila ágætri niðurstöðu. Er þá nokkuð að furða þótt hagsmunaaðilar óski sér að lögmaðurinn geðþekki leggi sín lóð á vogarskálarnar til lausn vinnudeilnanna?

**Þing fyrir þrasgjarna**
Þeir sem fylgdust með umræðum á Alþingi í gær hafa væntanlega sopið hveljur. Beðið var þess að mælt yrði fyrir einhverjum stærstu frumvörpum þessa kjörtímabils, frumvörpunum um haftamálin. Miðað við móttökurnar sem málin hafa fengið hjá stjórnarandstöðunni hefði mátt búast við því að þingstörf gengju friðlega fyrir sig. Allt kom þó fyrir ekki því fjármálaráðherra varð að bíða með framlagningu frumvarpa sinna vegna þrætna um virkjanamál. Já, ætli megi ekki segja að þingið sé kjörlendi fyrir þrasgjarna menn.



**Nægjusamur Sigmundur**
Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra upplýsti þing og þjóð í gær um að 36 milljónum hefði verið varið af ríkisfé til kaupa á nýjum bílum það sem af er þessu kjörtímabili. Það voru Bjarni sjálfur, Gunnar Bragi utanríkisráðherra og Sigurður Ingi, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem fengu nýja bíla. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra er öllu nægjusamari. Viðskiptablaðið sagði frá því fyrir tveimur árum að ráðherrann hefði látið skila Benz-bifreið sem Jóhanna Sigurðardóttir, forveri hans, hafði pantað til reynslu í ráðuneytið. Í stað þess ók hann um á gömlum BMW 730 sem var fenginn í ráðuneytið í ráðherratíð Halldórs Ásgrímssonar. Nú ku sá bíll vera ónothæfur, en í stað þess að fá nýjan bíl á kostnað ríkisins sótti Sigmundur sér notaðan Land Cruiser í innanríkisráðuneytið.



jonhakon@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði ?
Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.


Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is


Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

# Unnið gegn ofbeldi

SAMFÉLAG



**Eygló Harðardóttir**
félags- og húsnæðismálaráðherra

Brýnt er að vinna gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. Innan stjórnsýslunnar höfum við innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra tekið höndum saman um að vinna gegn ofbeldi og niðurbrjótandi áhrifum þess, auka fræðslu og forvarnarstarf um ofbeldi, bæta samvinnu og verklag við að draga úr ofbeldi og styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála. Einnig verður efnt til samráðs á landsvísu milli félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis og lögreglu og ákæruvalds undir forystu ráðuneyta okkar þriggja og undirbúin aðgerðaáætlun til fjögurra ára gegn ofbeldi í samfélaginu. Samstarfið mun aðallega ná til ofbeldis gegn börnum, ofbeldis í nánum samböndum, kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis og ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og öðrum berskjölduðum hópum. Jafnframt mun vinnan taka til þess sem telst hatursfull orðræða sem hvetur til ofbeldis eða annarrar refsiverðrar háttsemi sem er lítillækkandi eða ógnandi í garð einstaklinga eða hópa fólks, svo sem vegna þjóðernis, kynþáttar, trúar, fötlunar, kynhneigðar eða kyns.

**Samráð við lögreglu og ákæruvald**
Að undanförnu hef ég átt góða samráðsfundi með ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóranum og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu sem allir eru mjög áhugasamir um að ná betri árangri með auknu samráði. Nýleg skýrsla ríkislögreglustjóra endurspeglar þetta en þar er m.a. lögð áhersla á að myndaður verði samráðsvettvangur lögreglu, félagsþjónustu og heilbrigðisyfirvalda til að auka öryggi í samfélaginu. Frumkvæðið sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið með auknu samstarfi gegn ofbeldi, fyrst á Suðurnesjunum og nú höfuðborgarsvæðinu, er einnig mikilvægt og hefur sannað sig.

**Beauty tips**
Opinber umræða um kynferðisofbeldi hefur aukist og nú síðast vegna Facebook-hópsins Beauty tips. Þar hafa þolendur hafnað þöggun og sagt sögu sína. Þolendurnir, sem oftast eru konur, þurfa á stuðningi að halda. Velferðarráðuneytið hefur veitt fé sem fjármagnar stöðu sálfræðinga við Sjúkrahúsið á Akureyri og Landspítalann. Sá stuðningur beinist sérstaklega að því að veita fórnarlömbum ofbeldis um allt land meðferð og stuðning. Ráðuneytið ákvað einnig nýlega að veita viðbótarframlag til meðferðarúrræðisins Karlar til ábyrgðar. Úrræðið er sérhæft fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum, en var nýlega útvíkkað og stendur einnig konum til boða. Með samstilltu átaki má ná betri árangri í baráttunni gegn ofbeldi í íslensku samfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Flokkur, forseti og stjórnarskrá

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Stjórnarandstaðan í Simbabve sótti svo í sig veðrið í þingkosningum 2008 að Robert Mugabe forseti og flokkur hans neyddust til að mynda samsteypustjórn með höfuðandstæðingi sínum, Morgan Tsvangíraí og flokki hans. Mikið var í húfi. Mugabe forseti og menn hans höfðu gengið svo fram af almenningi og alþjóðasamfélaginu að yfir landinu vofði innrás Breta léti Mugabe sér ekki segjast. Verðbólgan æddi áfram. Landið var rjúkandi rúst eftir áralanga óstjórn Mugabes samfleytt frá 1980. Ein krafan á hendur Mugabe var um nýja stjórnarskrá til að leggja grunninn að brýnum réttarbótum, einkum til að skerða völd forsetans. Lestu nú áfram, lesandi minn góður, því þessi Afríkusaga á brýnna erindi við þig en þér kann að virðast í fyrstu.

**Bullur gegn mannréttindum**

Mugabe og menn hans höfðu hvað eftir annað sigað bullum á andstæðinga sína með tilheyrandi mannslátum, limlestingum, nauðgunum og pyndingum og falsað kosningatölur. Mugabe sagði, væntanlega í ógáti, á flokksþingi 2008 að stjórnarandstaðan hefði uppskorið 73% atkvæða í þingkosningum það ár.

Nýja samsteypustjórnin skipaði stjórnlaganefnd 2009 til að semja nýja stjórnarskrá sem lögð skyldi fyrir kjósendur. Verkið leiddu fulltrúar flokkanna tveggja, mannréttindalögfræðingurinn Douglas Mwonzora úr flokki Tsvangíraís, fágaður í allri framgöngu, og Paul Mangwana fyrir hönd Mugabes, hreinræktuð bulla sem virtist hvorki kunna né telja sig þurfa að leyna eðli sínu og samherja sinna. Þessu er öllu lýst úr návígi í magnaðri heimildarmynd Camillu Nielsson, Mugabe og demokraterne, sem danska sjónvarpið sýndi nýlega.

Þegar Mugabe vígði stjórnlaganefndina til starfa skein lítilsvirðingin úr andliti hans. Hann sagði þá m.a.: „Við stöndum við stýrið og dirfumst ekki deila því starfi með öðrum. [...] Við erum fulltrúar fólksins í þinginu.“ Hann gleymdi m.a.s. að lýsa starfið hafið og þurfti að fara aftur í stólinn til að hrækja þeim orðum út úr sér. Fulltrúar hans í nefndinni þvældust fyrir starfinu við hvert fótmál, einkum þegar rætt var um þörfina fyrir að takmarka völd og þaulsetu forsetans. Mwonzora þurfti m.a.s. að dúsa án dóms og laga í fangelsi í þrjár vikur meðan á verkinu stóð. Hann gafst ekki upp, heldur tókst honum ásamt félögum sínum að ná samkomulagi innan nefndarinnar um mikilvægar réttarbætur handa almenningi gegn persónuafslætti handa Mugabe á þann veg að forsetinn, tæplega níræður maðurinn, yrði undanþeginn valdaskerðingu í tíu ár. Félli forsetinn frá innan tíu ára skyldi þingið tilnefna nýjan forseta í stað Mugabes án aðkomu kjósenda. Með líku lagi þurftu umbótasinnar að una því að stjórnlagadómstóllinn yrði fyrstu tíu árin skipaður sitjandi dómurum í Hæstarétti Simbabve sem er undir hæl forsetans þótt fyrir hafi komið að rétturinn byði forsetanum byrginn. Það gerðist 2004 eins og ég lýsti í grein minni „Æfur við Hæstarétt“ hér á þessum stað 4. nóvember 2004.

**Þjóðaratkvæðagreiðslan**

Þegar stríðandi fylkingar í stjórnlaganefndinni höfðu náð saman, m.a. um réttarbætur handa konum og stúlkum, stofnun sjálfstæðs ákæruvalds, stofnun sannleiks- og sáttanefndar og sérstakar ráðstafanir gegn spillingu, og kynntu sameiginlega niðurstöðu sína ásamt persónuafslættinum handa forsetanum, steig forsetinn í stólinn og sagði: „Mwonzora! Og nýi vinur þinn Mangwana! Hvað eruð þið að vilja upp á dekk? Stundum er eins og menn viti ekki hvaðan valdið sprettur.“ Fyrirlitningin

> Tveimur mánuðum síðar, í maí 2013, staðfesti þingið í Harare, höfuðborg landsins, niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

skein úr hverjum andlitsdrætti. Flokksmenn forsetans í salnum hlógu stirðum, hræddum hlátri. Oddvitar stjórnlaganefndarinnar, bæði mannréttindalögfræðingurinn og bullan, sátu stjarfir undir ræðu forsetans. Þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið var frestað í tvígang, en Mugabe tókst þó ekki að koma í veg fyrir hana. Hún var haldin í marz 2013. Kjörsókn var 59% og 94% kjósenda samþykktu frumvarpið. Tveimur mánuðum síðar, í maí 2013, staðfesti þingið í Harare, höfuðborg landsins, niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

**Eftirleikurinn**

Þess sér þó varla stað í Simbabve, ekki enn, að þjóðin hafi sett sér nýja stjórnarskrá. Mugabe tókst að hrekja Tsvangíraí og flokksmenn hans úr ríkisstjórninni 2013. Mwonzora var handtekinn. En stjórnarskráin stendur.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.

## AF NETINU

### Pensillín fyrir hjónabandið

Ég var að ræða við sálfræðinginn minn um hve erfitt það væri oft að ræða neikvæða hegðun fullorðinna án þess að því væri tekið sem árás eða a.m.k leiðinlegu tuði. Þá benti hann mér á að þetta væri bara eins með börnin og okkur, við þyrftum að ávarpa tilfinningar í núinu. Og þegar ég fór að hugsa um það þá er þetta svo rétt. Svo nú líður mér svolítið eins og ég sé Lykla- Hildur, að ég standi í dyrum hjónaríkis þar sem hamingjan er eilíf og dagur og nótt renna saman í eitt. Sem er kannski svolítið ýkt.

Að ávarpa tilfinningar í núinu jafnast hins vegar á við sterkan pensillínkúr, segjum við svæsinni streptókokkasýkingu. Það kemur kannski ekki í veg fyrir að streptókokkarnir taki sig upp aftur en það læknar alltént þá sem fyrir eru og þannig eigum við líka að lifa, við eigum að takast á við vandann sem upp kemur hverju sinni í stað þess að kvíða því ókomna.

http://www.pressan.is
*Hildur Eir Bolladóttir*

### Reiðikast á lyklaborði

Hvað þýðir setningin: „Hetjur hafsins komu líka í land, duttu í það og lömdu konurnar sínar“? Er hér talað um alla sjómenn, flesta sjómenn, marga sjómenn, nokkra sjómenn, einn sjómann? Orð eru hættuleg, séu þau of losaraleg, eins og reyndist vera í þessu tilviki. Hef stundum notað losaraleg orð, sem betur hefðu verið skilgreind nánar. Reyni að forðast slíkt, með misjöfnum árangri.

http://www.jonas.is/
*Jónas Kristjánsson*




**BMW X4 20d xDrive. Verð frá 8.790.000 kr.:** Nýja 190 hestafla dísilvélin í BMW X4 20d xDrive notar einungis 5,4 l/100 km* í blönduðum akstri og skilar honum frá 0-100 km/klst. á aðeins 8 sekúndum. Verið velkomin í reynsluakstur!

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Lýðræði í spennitreyju

LÝÐRÆÐI



**Stefán Jón Hafstein**
í áhugahópi um auðlindir í þjóðareign og sjálfbæra þróun

Traust fólks á valdastofnunum stendur í réttu hlutfalli við getu almennings til að hafa áhrif á þær. Í eldgamla daga mátti pöpullinn þakka fyrir að meðtaka boðskap að ofan, í dag segjum við nei: Við viljum hafa áhrif, beint og milliliðalaust. Þetta er eitur í beinum þeirra sem halda að „fulltrúalýðræði“ og „þingræði“ hafi verið endastöðin á langri þróun til valdeflingar almennings. Kemur þá til skjalanna bænaskrá til forseta Íslands sem meira en 50 þúsund manns hafa undirritað þar sem farið er fram á að hann stöðvi áform um svokallað makrílfrumvarp, komi til þess, og leyfi þjóðinni að hafa síðasta orðið. Náðarsamlegast.

Við þurfum bænaskrá af því að við erum með úrelta stjórnarskrá. Stjórnarskráin lýsir hugmyndafræði 19. aldar sem var yfirfærð í bráðabirgðaskjal við lýðveldisstofnun 1944 og átti alltaf að endurskoða við fyrsta tækifæri. Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir að almenningur geti risið upp gegn „fulltrúalýðræðinu“ nema á fjögurra ára fresti. En hún gerir ráð fyrir „öryggisventli“ sem var alveg prýðileg lausn – fyrir 60 árum. Sá ventill er forseti Íslands sem á að bera skynbragð á það hvenær myndast hefur svo breið „gjá milli þings og þjóðar“ að vísa verði málum beint til fólksins. Þess vegna hafa 50 þúsund manns látið sig hafa það að skrifa undir bænaskjal í 19. aldar stíl vegna þess að önnur úrræði eru ekki fyrir hendi. Engar reglur kveða á um það hvernig forseti fer með þessar bænir. Ef hann bænheyrir þá yfirleitt.

**Valdið til fólksins**

Ég skrifaði um það í ritgerð fyrir réttum tíu árum að svarið við auðræðistilhneigingum þeirra tíma væri lýðræðisvæðing. Ég sagði að fáránlegt væri að valdið til að skjóta málum til þjóðarinnar væri á hendi eins manns á Bessastöðum, þegar nær væri að fólkið sjálft gæti tekið sér það vald að kjósa um álitamál þegar svo ber við að horfa. Stjórnlagaráð var alveg sammála og í tillögum þess er einmitt gert ráð fyrir slíku samkvæmt reglum. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að ganga eigi lengra og leyfa almannasamtökum að leggja mál fyrir þjóðþingið, svo sem í formi þingsályktunartillögu, þjóðkjörnir fulltrúar ákveði síðan sjálfir hvernig þeir fara með og hafa þá trúnað við almenning að veði. Við núverandi aðstæður gætum við til dæmis hugsað okkur að samtök sem vilja berjast gegn Evrópusambandsaðild safni undirskriftum við tiltekna tillögu sem Alþingi yrði að taka til afgreiðslu. Eða, samtök sem vilja fara öfuga leið. Manni heyrist stundum að talsmenn 19. aldar vinnubragða sem halda því fram að „stjórnarskráin hafi staðist álagið“ séu hræddir um að pöpullinn fari að svalla með lýðræðið. Betra sé að málskotsrétturinn sé sveipaður „dulúð“ forsetaembættisins og „þjóðkjörnir fulltrúar“ séu í skjóli frá þjóðinni nema á fjögurra ára fresti. Við þessu er eitt svar: Þær aldir eru liðnar.

**➜ Það skiptir engu hvað manni finnst um makrílveiðar, allir ættu að geta sameinast um að færa valdið til fólksins og þar með traustið á lýðræði, valdastofnunum og stjórnmálum.**

**Makríll og lýðræði**

Stjórnarskráin er orðin að spennitreyju um lýðræðisvakningu Íslendinga. Það skiptir engu hvað manni finnst um makrílveiðar, allir ættu að geta sameinast um að færa valdið til fólksins og þar með traustið á lýðræði, valdastofnunum og stjórnmálum. En eftir því er nokkuð spurt á síðustu tímum.

# Yndislegt allt saman

KJARAMÁL



**Joseph G. Adessa**
framreiðslumaður

Nú er þráttað og þrefað um laun verkafólks, eina ferðina enn. Það er ótrúlegt að eftir áratugabaráttu launamanna fyrir mannsæmandi launum skuli þeir ekki enn þá, árið 2015, hafa laun sem duga fyrir framfærslu.

Ég tel það óvirðingu við fólk að bjóða því laun fyrir hundrað prósenta dagvinnu sem ekki duga fyrir framfærslu. Þetta er eins og að rétta manni fimmtíu krónur og segja honum að kaupa brauð þótt maður viti að brauðið kosti fimm hundruð krónur.

Látum ekki forréttindahópa maka krókinn af auðlindum jarðar og skapa sér góða nútíð og segja síðan við okkur alþýðuna að við munum eignast góða framtíð. Eina sem ég veit með vissu um framtíðina er að við verðum gömul og deyjum.

Svo nú langar mig að vita hvenær komi að því að við alþýðan eignumst góða nútíð. Eða er það kannski svo að til að forréttindahóparnir geti átt góða nútíð verður að lofa alþýðunni einhverju fögru? Eins og t.d. góðri framtíð? (Kannski ekki eins gott og eilíft líf á himnum, en eitthvað í áttina?)

Svo hún haldi áfram að borga skattana sína, kirkjugarðsgjaldið, klóakgjaldið, ruslagjaldið og öll hin gjöldin sem við borgum í þágu góðrar nútíðar fyrir forréttindahópa og góðrar framtíðar fyrir alþýðuna.

**Yndislegt allt saman**

Hugsum okkur: Allur hinn manngerði heimur, sem við höfum fyrir sjónum okkar hvern einasta dag, er byggður upp og samsettur af verkafólki. Allir vilja njóta verka þeirra. Bara enginn vill umbuna þeim. Mig langar aðeins til þess að minnast á auðlindir jarðar. Í einfeldni minni hélt ég að auðlindir jarðar væru auðlindir jarðarbúa. En ekki Jóns Jónssonar og hans nánustu. Kannski gætum við bara öll átt nokkuð góða nútíð um langa framtíð ef við skiptum þessu nú aðeins jafnara á milli okkar? Og förum vel með.

Stjórnmál! Látum ekki stjórnmál snúast um stjórnmálamenn, sérstaklega. Heldur: Hvað er hægt að gera til að almenningi líði betur í dag en í gær? Sem sagt: Hvað er hægt að gera til þess að létta fólki lífsróðurinn, þessi sjötíu til níutíu ár sem við þurfum að kúldrast um á þessari blessuðu moldarkúlu?

Að lokum vil ég ítreka það sem ég minntist á í upphafi. Sýnum fólki ekki þá óvirðingu að bjóða því laun, bætur eða lífeyri sem ekki duga fyrir framfærslu.

# Ekki alveg tímabær andlátsfregn

FJÁRMÁL



**Ingimundur Gíslason**
augnlæknir

Sunnanvindurinn hvíslaði í eyra mér að íslenska krónan væri dáin.

Andlátsfregn þessi reyndist þó ekki vera alfarið sannleikanum samkvæm.

Segja má að íslenska krónan hafi orðið til árið 1885. Hún var tengd þeirri dönsku fram til ársins 1923. Á ýmsu hefur gengið síðan. Gengi íslensku krónunnar hefur ýmist styrkst eða fallið en á heildina litið hefur heilsufar hennar verið vægast sagt bágborið og gengi hennar nú er bara lítið brot af gengi dönsku systurinnar.

En nú berast þær fregnir að íslenska krónan liggi inni á gjörgæslu. Hún er fárveik, meðvitundarlaus og í öndunarvél. Heilaritið er flatt, hjartsláttur reglulegur en blóðþrýstingur nokkurn veginn í lagi. Læknar hafa sagt að réttast sé að taka öndunarvélina úr sambandi og lofa íslensku krónunni að deyja eðlilegum dauðdaga en vissir vinir hennar, sem öllum stundum sitja við rúm hennar, eru þessu algjörlega mótfallnir. Gjörgæslulæknar hafa ekki þorað að taka af skarið.

Meðal vina íslensku krónunnar eru fulltrúar stórfyrirtækja í útflutningi. Þeim finnst svo notalegt að lofa íslensku krónunni að rúlla þegar illa gengur. Alþýðan fær svo að borga brúsann.

Þarna eru nokkrir vondir stjórnmálamenn. Þeim finnst svo gott að geta leiðrétt eigin mistök í fjármálastjórn með gengisfellingu og láta svo alþýðuna blæða. Og auðvitað sitja þarna fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Þeir segja sem svo að á endanum gangi ágætlega að semja um kauphækkanir sem þó enginn grundvöllur er fyrir. Væntanlegt gengisfall íslensku krónunnar muni fljótlega koma ástandinu í gamalkunnugt horf og alþýðan fær þá á ný að finna hvar skórinn kreppir. Þarna eru fleiri fulltrúar svokallaðra hagsmunaaðila. Þeir og allir þessir vinir íslensku krónunnar munu berjast um á hæl og hnakka gegn því að öndunarvélin verði tekin úr sambandi. Munu þeir endalaust geta komið fram vilja sínum? Varla.

Ýmislegt getur gerst. Veröldin er síbreytileg. Mun kannski koma sá tími að Íslendingar eignist góða stjórnmálamenn sem geta leitt alþýðuna með sér inn á braut þar sem hennar hagur nýtur forgangs?

# Sterkir bakhjarlar Silicor Materials

IÐNAÐUR



**Ingvar Garðarsson**
löggiltur endurskoðandi hjá Centra og veitir Silicor ráðgjöf á sviði fjármála

Nú er í undirbúningi uppbygging sólarkísilverksmiðju Silicor Materials á Grundartanga, sem er stærsta fjárfesting á Íslandi frá því ráðist var í byggingu álversins á Reyðarfirði. Þetta verkefni er hins vegar gjörólíkt; annars vegar er það fyrsta stóra verkefnið á sviði hátækniiðnaðar hér á landi og hins vegar verður verksmiðjan umhverfisvæn. Það hefur því verið áhugavert að fylgjast með umræðu um verkefnið að undanförnu. Þar hafa komið fram eðlilegar spurningar sem bæði varða umhverfisáhrif verksmiðjunnar en einnig illa grundvallaðar vangaveltur um áreiðanleika fyrirtækisins og verkefnisins.

**Umhverfisvæn verksmiðja**

Bæði opinberar eftirlitsstofnanir og virtir ráðgjafar á sviði umhverfismála hafa eytt öllum efasemdum um umhverfisáhrif verksmiðjunnar með því að staðfesta að hún verði umhverfisvæn og að hún falli vel að kröfum Íslendinga í þeim efnum. Þegar það lá fyrir fór umræðan að snúast um að efast um fyrirtækið Silicor Materials. Hefur þar verið talað um dökka fortíð fyrirtækisins, rætt er um kennitöluflakk og jafnvel ýjað að því að fyrirtækið hafi þurft að flýja Norður-Ameríku. Slíkur málflutningur stenst hins vegar enga skoðun.

**„Enn á sömu kennitölunni“**

Á heimasíðu Silicor er saga fyrirtækisins rakin. Þar kemur fram að fyrirtækið byggir á grunni tveggja fyrirtækja sem runnu saman undir nýju nafni eins og algengt er þegar tvö fyrirtæki renna saman. Engu að síður hefur verið reynt að gera það tortryggilegt að fyrirtækið hafi tekið upp nýtt nafn við samrunann þrátt fyrir að það sé alvanalegt að slíkt sé gert, bæði á Íslandi og annars staðar. Félagið er „enn á sömu kennitölunni“ þrátt fyrir nafnabreytingar. Á heimasíðunni kemur einnig fram að vegna viðskiptastríðs á milli Bandaríkjanna og Kína þurfti fyrirtækið að leita að stað utan Norður-Ameríku fyrir verksmiðju sína þar sem helsti markaðurinn fyrir framleiðslu fyrirtækisins er í Kína. Í umræðunni hefur einnig verið reynt að gera þetta tortryggilegt þrátt fyrir að augljóst sé að ekkert útflutningsfyrirtæki getur starfað ef 60% tollar eru inn á helsta markað þess.

**Umfangið kallar á könnun áreiðanleika**

Fram hefur komið að uppbygging verksmiðjunnar á Grundartanga felur í sér 120 milljarða króna fjárfestingu og mun það fjármagn koma að stærstum hluta að utan. Við sem störfum í viðskiptalífinu vitum að svo stórar fjárfestingar kalla á að áreiðanleiki verkefnisins og eigenda þess sé kannaður í þaula. Komið hefur fram í fjölmiðlum að danski lífeyrissjóðurinn ATP, einn af íhaldssamari lífeyrissjóðum Norðurlanda, hefur verið einn helsti bakhjarl þessa verkefnis undanfarin ár. Þá liggur einnig fyrir að verkefnið muni sækja lán sín til Þróunarbanka Þýskalands, KfW, og annarra þýskra fjármálastofnana sem þykja bæði íhaldssamar og kröfuharðar. Það að þessar fjármálastofnanir standi að baki verkefninu segir margt um móðurfélagið Silicor. Hvarflar það að einhverjum að slíkar fjármálastofnanir kanni ekki áreiðanleika félagsins og verkefna þess í þaula áður en þær ákveða að taka þátt í verkefni í lokuðu hagkerfi norður við íshaf?

Einnig hefur komið fram að þýska stórfyrirtækið SMS Siemag hefur starfað náið með Silicor undanfarin fimm ár við að þróa þá tækni sem verksmiðjan mun byggja á og mun sjá henni fyrir öllum vélbúnaði. Um er að ræða fyrirtæki með 150 ára sögu sem byggir á þýskri varkárni og nákvæmni. Slíkt fyrirtæki færi vart að ganga til samstarfs við Silicor án þess að kanna viðskiptasögu og líklega hvers einasta einstaklings sem þar kemur að málum. Halda menn að nú þegar hið þýska félag ákveður að selja búnað fyrir 70 milljarða kr. til Íslands sé það ekki gert að vel ígrunduðu máli?

**Umræða byggi á staðreyndum**

Það er ljóst að uppbygging sólarkísilverksmiðju Silicor á Grundartanga stendur á traustum grunni og nýtur stuðnings sterka bakhjarla. Það er gott að virk umræða fari fram um verkefni sem þetta bæði í samfélaginu og viðskiptalífinu. Slík umræða verður þó að vera sanngjörn, upplýst og umfram allt byggja á staðreyndum. Við sem leitum eftir því að endurreisa atvinnulíf og opið hagkerfi á Íslandi eigum að bjóða erlenda fjárfesta velkomna, sérstaklega ef þeir hafa jafn góð verkefni í huga og með jafn sterka bakhjarla og Silicor gerir.

# Vesturlönd bera fulla ábyrgð á borgarastríðinu í Sýrlandi

UTANRÍKISMÁL



**Sölvi Jónsson**
starfar með fötluðum

Í stuttri skýrslu leyniþjónustu bandaríska varnarmálaráðuneytisins (DIA) frá ágúst 2012, sem nýverið var gerð opinber vegna þess að dómsmál vannst, er talað um uppreisnarmenn í Sýrlandi sem annað af tvennu, meðlimi múslímska bræðralagsins eða al-Kaída-liða. Sem sagt „hófsamir“ eða „góðir“ uppreisnarmenn hafa aldrei verið til (a.m.k. verið í miklum minnihluta), Bandaríkin og strengjabrúður þeirra í Evrópu hafa alltaf vitað að þau voru/eru að styðja al-Kaída í Sýrlandi sem síðar stökkbreyttist í ISIS.

Það hefði fljótt séð fyrir endann á uppreisninni í Sýrlandi ef Vesturlönd og óvinir Sýrlands í Mið-Austurlöndum hefðu ekki byrjað að dæla vopnum og peningum í hryðjuverkamenn. Ef þetta væri raunverulega uppreisn fólksins þá hefði stjórnarherinn fyrir löngu snúist gegn Assad Sýrlandsforseta og hann hefði ekki fengið yfir 80% atkvæða í síðustu forsetakosningum. Ég hef enga sérstaka skoðun á Assad aðra en þá að í Sýrlandi var búið að vera friður lengi og þar var ágætis velmegun. Ef Assad er eða var harðstjóri þá var hann afskaplega mildur í samanburði við drullusokkana sem t.d. ráða ríkjum í Sádi-Arabíu og Katar. Þetta eru bandalagsþjóðir Bandaríkjanna og í löndunum tveimur er svo sannarlega ekkert lýðræði. Í Sádi-Arabíu eru menn t.d. reglulega afhöfðaðir í opinberum aftökum.

Það sem borgarastríðið í Sýrlandi snýst um er að fella stjórn Assads svo Katar geti lagt gasleiðslur í gegnum Sýrland og selt Evrópu gas. Hitt göfuga markmiðið er að hjóla síðan næst í Íran eftir að stjórn Assads er fallin og að lokum eru það stóru trompin tvö, Kína og Rússland.

Við sem sitjum í hásætum okkar hér í Evrópu og þykjumst standa öðrum þjóðum svo miklu framar erum blóðug upp fyrir axlir.

*Heimildir:*

*„Pentagon report predicted West's support for Islamist rebels would create ISIS: Anti-ISIS coalition knowingly sponsored violent extremists to 'isolate' Assad, rollback 'Shia expansion'“, höf.: Dr. Nafeez Ahmed.*

*„The Islamic State“ (ISIS) is made in America: The Pentagon had planned the fall of Mosul and Ramadi in 2012“, höf.: Steve Chovanec.*

Markhönnun ehf

netto
Kræsingar & kostakjör

VERÐSPRENGJA !

FERSKUR GRÍSABÓGUR
# 582 KR/KG!
## ÁÐUR 970 KR/KG



-40%

**Tilboðin gilda 11. júní – 14. júní 2015**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1509** Hinrik VII Englandskonungur kvænist fyrsta sinni. Það gerði hann fimm sinnum í viðbót á ævinni.

**1535** Greifastríðinu í Danmörku lýkur með sigri Kristjáns 3. í orrustunni við Øksnebjerg.

**1870** Bruggverksmiðjan Amstel er stofnuð í Hollandi.

**1910** Gasstöð Reykjavíkur tekur til starfa.

**1911** Melavöllurinn í Reykjavík vígður.

**1957** Handknattleikssamband Íslands er stofnað.

**1975** Lög um fóstureyðingar við sérstakar aðstæður taka gildi á Íslandi.

**1982** Orrustan um Stanley, lokaorrusta Falklandseyjastríðsins, hefst.

**1987** Margaret Thatcher verður fyrsti breski forsætisráðherrann til að vinna kosningar þrisvar í röð á síðustu 160 árum.

**1994** Íslandssíld er landað í fyrsta skipti í 27 ár.

**1994** Sveitarfélögum á Íslandi fækkar um 18.

**2001** Konunglegu fjöldamorðin í Nepal eiga sér stað. Dipendra prins myrðir 10 konungsmeðlimi og sviptir sig lífi.

**2004** Ronald Reagan er borinn til grafar.

**2000** Hafez Assad Sýrlandsforseti deyr, 69 ára að aldri.



**ÖLLU TJALDAÐ TIL** Hér má sjá hluta af sýningunni sem haldin er í Guðnýjarstofu í Görðum á Akranesi.

# Kvenna sem helguðu líf sitt umönnun minnst

Sýningin Saga líknandi handa verður opnuð á Akranesi í dag. Þar er farið yfir feril kvenna sem störfuðu við umönnun. Stúkufundur frá árinu 1915 verður settur á svið.

„Í tilefni af því að í ár eru liðin 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt á Íslandi er saga formæðra okkar rifjuð upp vítt og breitt um landið,“ segir Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra og tengiliður sýningarinnar Saga líknandi handa í Guðnýjarstofu í Görðum á Akranesi. „Þar ætlum við að bregða upp myndum af sögu líknandi handa, en hjúkrun, yfirseta og öll umönnun barna og aldraðra hefur að meira og minna leyti verið í verkahring kvenna í áranna rás, við mjög mismunandi aðstæður,“ bætir Ingibjörg við.

Farið verður yfir sögu nítján kvenna sem helguðu líf sitt umönnun annarra. Á meðfylgjandi myndum er sýnt örlítið brot af öllu því sem sagan geymir um þetta efni. „Með sýningunni viljum við heiðra allar þær konur sem hafa með fórnfýsi og umhyggju líknað, huggað og grætt mein. Tól, tæki og magnaðir búningar frá fyrri tíð í eigu Þjóðminjasafnsins eru meðal muna á sýningunni sem gefur innsýn í þær stórfelldu breytingar sem orðið hafa í gegnum tímann í heilbrigðismálum,“ útskýrir Ingibjörg. Meðal þeirra kvenna sem fjallað er um á sýningunni er Kristrún á Bjargi frá Akranesi, sem tók inn í sinn litla bæ sjúklinga til hjúkrunar og náði undraverðum árangri, eins og segir í fréttatilkynningu. Þar segir einnig að fyrsti sjúklingurinn hafi komið í hennar umsjá vorið 1886. Einnig er skyggnst inn í störf ljósmæðra á Akranesi og er farið yfir feril Guðrúnar Gísladóttur, sem fæddist 1868. Hún tók á móti 1.163 börnum á Akranesi auk þess sem hún þótti góð hjúkrunarkona og hjálpaði mikið í spænsku veikinni sem geisaði svo harkalega á Akranesi 1918. Hús Guðrúnar á Mið-Söndum var ávallt kallað Ljósuhús en það stendur enn að Krókatúni 2.



**MERKRA KVENNA MINNST** Hér má sjá tvær af þeim konum sem minnst er á hátíðinni.

Að sögn Ingibjargar verða sýnd sjónvarpsviðtöl við fimm konur sem segja reynslusögu sína og þar á meðal er viðtal við Sigurlínu Gunnarsdóttur sem var önnur tveggja hjúkrunarkvenna sem hófu störf þegar Sjúkrahús Akraness tók til starfa árið 1952.

„Skagaleikflokkurinn setur upp stúkufund frá 1915 þar sem tillaga Mettu Steinunnar í Mörk var samþykkt um byggingu sjúkraskýlis á Akranesi,“ bætir Ingibjörg við.

Hún segir að sum tæki væri jafnvel hægt að nota enn. „Já, til dæmis stólpípurnar, en þær erum við með í öllum stærðum og gerðum, flottar og emaléraðar. Ef lítið verður að gera á sýningunni verður hægt að panta smá hreinsun hjá okkur ef áhugi er fyrir hendi,“ segir ráðherrann fyrrverandi og hlær.

kjartanatli@365.is



Hjartans þakkir fyrir samúð, kveðjur og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, ömmu, systur og mágkonu,

**ÞÓRU KRISTINSDÓTTUR**
**Ársölum 1, Kópavogi.**

**Árni Ingólfsson**
**Ingólfur Árnason**
**Kristrún Árnadóttir**
**Ketill Árni, Tómas Kristinn og Hinrik Ari Ingólfssynir**
**Guðrún Kristinsdóttir** **Jóhann Guðmundsson**
**Erna Kristinsdóttir** **Elías Bragi Sólmundarson**



Kæru ættingjar og vinir.
Hjartans þakkir fyrir þá vináttu og hlýhug sem okkur fjölskyldunni hefur verið sýnd við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**BJÖRNS GÚSTAFSSONAR**
**frá Ásbyrgi, Djúpavogi,**
**síðast til heimilis á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili á Akranesi.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Höfða fyrir einstaka umönnun sem hann varð aðnjótandi, og hlýju til okkar fjölskyldunnar.

**Hilmar Björnsson** **Hanna Rúna Jóhannsdóttir**
**Lea H. Björnsdóttir** **Aðalsteinn Sigurgeirsson**
**Jón Valdimar Björnsson** **Selma Guðmundsdóttir**
**Sigrún Björnsdóttir** **Júlíus Ólafsson**
**Hreinn Björnsson** **Ingibjörg J. Ingólfsdóttir**
**Hlíf Björnsdóttir** **Magnús F. Ingólfsson**
**og fjölskyldur.**



Fyrrverandi eiginkona mín, elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGIBJÖRG BENEDIKTSDÓTTIR**
**Litlu-Brekku í Geiradal,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vesturlands laugardaginn 6. júní. Útför hennar fer fram þriðjudaginn 16. júní kl. 14.00 frá Reykhólakirkju.

**Birgir Hallgrímsson**
**Hreinn Ch. Birgisson** **Lilja Huld Sigurðardóttir**
**Hallgrímur Birgisson**
**Unnsteinn Birgisson**
**Fanney Birgisdóttir**
**Birta Dögg Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar dóttur, móður, systur, tengdamóður og ömmu,

**MARGRÉTAR MAGNÚSDÓTTUR**
**myndlistarkonu.**

**Sigríður Hanna Sigurbjörnsdóttir** **Ottó Schopka**
**Magnús Tómasson**
**Una Stígsdóttir, Anik Todd, Óðinn A. Todd, Æsa Margrét Todd**
**Magnús Ólafsson**
**Inga Franksdóttir**
**Friðrik Franksson**
**Teitur Atlason**
**Auðunn Atlason**
**Hrappur Magnússon**
**Helga Gerður Magnúsdóttir**
**Halla Oddný Magnúsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Vallholtsvegi 17,**
**Húsavík,**

lést þann 3. júní á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Útför hennar verður frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 13. júní 2015 kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

**Sigþór Haraldsson** **Brynja Ragnarsdóttir**
**Kristján Viðar Haraldsson** **Hugrún Inga Ingimundardóttir**
**og barnabörn.**



Okkar elskulega mamma og amma,

**BRYNDÍS M. FRIÐÞJÓFSDÓTTIR**
**Álfkonuhvarfi 37,**
**Kópavogi,**

kvaddi þennan heim þann 7. júní eftir virðingarverða baráttu við krabbamein. Fallegri og yndislegri manneskju er ekki hægt að finna og hennar verður sárt saknað. Jarðarförin verður 16. júní kl. 15.00 í Grafarvogskirkju.

Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Hanna Maja, Elísabet Hanna og Óskar.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**Hvítar blúndur**
Hippalegir blúndukjólar í hvítu verða allsráðandi í sumar.
SÍÐA 4



**Förðunarmistök**
Nokkur mistök sem ætti að forðast að gera þegar andlitið er farðað.
SÍÐA 6


TÆKIFÆRISGJAFIR




Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk Kristall
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955









# BRÚÐKAUP Í RAUÐA KROSSINUM

**BRÚÐKAUPSDAGUR** *Rómantíkin svífur yfir vötnum í verslun Rauða krossins í Mjódd á morgun, föstudaginn 12. júní. Þá verður haldinn brúðkaupsdagur í versluninni þar sem má finna notaða brúðarkjóla, jakkaföt og fylgihluti.*

FRAMHALD Á SÍÐU 2

MYND/STEFÁN


FEYDOM

RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN SVEFNSÓFA

Það nýjasta í dag... einingar sem hægt er að raða saman á ótal vegu Breyttu, bættu við eða stækkaðu svefnsófann. Sterkt áklæði sem auðvelt er að þrífa - Margar gerðir og litir.

Nýtt



BONBONS S
2 grunneiningar: 4 sæta sófi/ tvöfalt rúm með 2 púðum / kodda kr. 169.950.- ▼

FAYDOM BONBON M kr. 229.900.- ▲
KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA



12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

www.korter.is

GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum













**HÖFUÐDJÁSN** Krónur eru sjaldnar meira viðeigandi en á brúðkaupsdaginn. MYND/STEFÁN

Í fataflokkun Rauða krossins tökum við á móti öllum flíkum, allt frá rifnum handklæðum upp í hönnunarkjóla. Þegar eitthvað sérstakt á borð við brúðarkjól kemur inn á gólf er það tekið til hliðar og geymt fyrir sérstök tækifæri,“ segir Sandra Grétarsdóttir, rekstrarstjóri fatabúða Rauða krossins. Á morgun, föstudag, rennur upp slíkt tækifæri þegar verslun Rauða krossins í Mjódd heldur sérstakan brúðkaupsdag frá klukkan 10 til 18.

„Við höfum safnað þessum kjólum og fylgihlutum í dágóðan tíma og bjóðum þá nú til kaups. Þetta eru í kringum 17 kjólar af öllum stærðum og gerðum. Allt frá klassískum satínkjólum upp í rjómabollukjóla,“ segir Sandra en einnig verða til sölu jakkaföt og smóking fyrir brúðgumana auk úrvals af fylgihlutum, krónum, skrauti og skóm.

Sandra segir nokkra kjólana sérlega vandaða með perluútsaumi og fíneríi. Þeir eru á mismunandi aldri og í misjöfnu ástandi. „Þeir fylgja ekki allir nýjustu tísku og sumir gætu jafnvel hentað sem búningar í leikhús eða eitthvað slíkt,“ segir Sandra glaðlega.

Í Mjóddinni verður komið upp góðri aðstöðu til að skoða og máta kjólana og Sandra býst við nokkrum fjölda fólks. „Þá gildir reglan fyrstur kemur, fyrstur fær,“ segir hún glettin. Ekki hefur verið haldinn brúðkaupsdagur áður í verslunum Rauða krossins. „En við héldum útsaumsdag um daginn sem var mjög vinsæll og ætlum að gera meira af því að vera með þemadaga.“



**FAGUR FÓTABÚNAÐUR** Brúðarskór eru margir hverjir aðeins notaðir einu sinni.



**GLÆSILEGT HÖFUÐSKRAUT** Þær gerast ekki mikið fegurri kórónurnar.



**SKRAUT** Það kennir ýmissa grasa í fatasöfnun Rauða krossins.



**SOKKABAND** Slör og sokkaband eru hluti af hefðbundnum brúðarklæðnaði.



**PERLUR OG SKART** Þessi króna færi vel á höfði fagurrar brúðar.


ALLAR
SUMARVÖRUR
TAKTU 3
BORGAÐU
FYRIR 2
VIÐ GEFUM ÞÉR ÓDÝRARI VÖRUNA
Dressmann®
KRINGLAN 5680800 / SMÁRALIND 5659730 / GLERÁRTORG 4627800 / DRESSMANN XL 5650304

# HVÍTT SUMAR Í KORTUNUM

**TÍSKA** *Fátt kveikir meira sól og sumar í hjörtunum en léttir og bylgjandi sumarkjólar. Hvítir, hippalegir blúndukjólar verða allsráðandi í sumar.*

Þótt sumarið sé ekki alveg komið má vel láta sig dreyma um flaksandi kjóla og pils. Tískuvefirnir segja að hvítir, rómantískir blúndukjólar og heklaðir bekkir og krúsídúllur séu það sem kveiki sumarið í hjörtunum í ár.

Kvikmyndastjörnur á öllum aldri og fyrirsætur láta sjá sig í hvítum blúndukjólum, hvort sem er á rauða dreglinum eða á hversdagslegu göturölti. Sandalar og barðastórir sólhattar setja punktinn yfir i-ið. Á Style.com er mælt með því að finna ökklasíðan blúndukjól með síðum ermum til að fullkomna rómantískt sumar.



**BLÚNDA Á PÖLLUNUM** Á tískuvikunni í Kína í vor voru hvítar blúndur áberandi á pöllunum.



**GÖTUSTÍLL** Jamie King leikkona á rölti um götur New York í rómantískum kjól.



**TÍSKURITSTJÓRI** Anna Dello Russo, ritstjóri og listrænn ráðunautur hjá Vogue, klikkar ekki á hvítu blúndunni.






**SPARILEGT** Helen Mirren er glæsileg í drifhvítum blúndukjól. Rauður varalitur og rauðir skór.



**HILTON Í HVÍTU** Paris Hilton er með puttann á púlsinum og klæðist hvítu frá toppi til táar.



**HVÍTT SUMAR** Tískuspekúlantar segja hvíta blúndukjóla koma með sumarið.


TRI
Suðurlandsbraut 32
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við BORGUN
BORGUN
AIM 26 - Aluminium Lite
SHIMANO ALTUS
79.990kr
ELITE C68 PRO CARBON
SRAM XO1, 11-SPEED
649.990kr
Þýsk gæði á góðu verði!
CUBE
WWW.TRI.IS
- Opnunartími @ TRI VERSLUN -
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00
SHIMANO
SHIMANO






# ALGENG MISTÖK

**FÖRÐUN** *Vissir þú að svartur augnblýantur minnkar augun og maskari á neðri augnhárin undirstrikar baugasvæðið? Þá ætti ekki að nota blýant á augabrúnir.*

**1 AÐ NOTA FARÐA SEM PASSAR EKKI VIÐ HÚÐLITINN**
Farðinn á ekki að gefa húðinni lit. Það er gert með sólarpúðri, kinnalit og bronsi. Farðinn á aðeins að draga úr misfellum og gefa húðinni sléttari áferð. Hann þarf því að tóna sem best við húðlitinn. Best er að prófa farðann á kjálkanum. Ekki ætti að prófa hann á handarbakinu því hendurnar eru oft mun veðraðri en andlitið. Enn betra er að fá prufu og prófa farðann í speglinum heima. Stundum þarf að kaupa tvo mismunandi tóna og blanda þeim saman með meikbursta.

**2 AÐ BERA FARÐA Á ÞURRA OG FLAGNAÐA HÚÐ**
Til að komast hjá þessu verður að þrífa húðina vel kvölds og morgna og næra hana með rakakremi.

**3 AÐ NOTA BLÝANT Á AUGABRÚNIR**
Útkoman verður oft gervileg. Frekar er mælt með því að velja augnskugga í lit sem tónar vel við hárrótina og bera hann á með mjóum pensli. Stundum getur þurft að bleyta fremsta hluta pensilsins örlítið.

**4 AÐ PLOKKA OF MIKIÐ EÐA OF LÍTIÐ**
Vel snyrtar augabrúnir setja sannarlega punktinn yfir i-ið. Heimsókn til snyrtifræðings í litun og plokkun er því oft peninganna virði. Með aldrinum geta augabrúnirnar farið að þynnast og þá vaxa þær líka síður aftur. Það er því sérstaklega varasamt að plokka of mikið.

**5 AÐ NOTA ALLA AUGNSKUGGAPALLETTUNA**
Þó svo að augnskuggabox séu oft með fjórum eða fleiri litatónum þýðir það ekki að þú þurfir að nota þá alla í einu. Þrír tónar eru oftast yfirdrifið nóg við fínni tilefni. Einn á augnlokin, einn ljósari undir augabrúnirnar og einn dökkur til að undirstrika augnumgjörðina. Hversdags ætti einn tónn að duga.


**ÞRÍR LITIR ÆTTU AÐ DUGA** Þótt augnskuggapallettan sé oft með fjórum litatónum eða fleiri þýðir það ekki að það þurfi að nota þá alla í einu. Yfirleitt er yfirdrifið nóg að nota þrjá. Einn á augnlokin, einn dekkri til að undirstrika augnumgjörðina og einn ljósari undir augabrúnirnar.

**6 AÐ NOTA OF MIKINN SVARTAN AUGNBLÝANT**
Staðreyndin er sú að svarti liturinn minnkar augun og þá sérstaklega ef hann er bara notaður undir augun. Frekar ætti að leggja áherslu á að teikna línu við efri augnhárin og þykkja hana út við endana. Með aldrinum ætti frekar að draga úr augnmálningu en hitt. Blautur svartur liner dregur til að mynda athygli að hrukkum og öðrum öldrunareinkennum í kringum augun. Frekar ætti að nota brúnan blýant og létta augnskugga og leggja áherslu á mjúkar línur.

**7 AÐ SETJA MASKARA Á NEÐRI AUGNHÁRIN**
Það eru allar líkur á að hann smitist niður á baugasvæðið yfir daginn en fæstir vilja dekkja það svæði að óþörfu.

**8 AÐ NOTA OF MIKIÐ GLIT OG GLANS**
Gljáandi efnum er bætt í mjög margar snyrtivörur. Sé vel að verki staðið geta þær gert húðina hressilega og ljómandi. Hins vegar verður að gæta þess að andlitið verði ekki eins og glitrandi diskókúla.


**EKKI OF MIKIÐ SVART**
Mikill svartur augnblýantur minnkar í raun augun og þá sérstaklega ef hann er bara notaður undir augun. Frekar ætti að leggja áherslu á að teikna línu við efri augnhárin og þykkja hana út við endana.















# Bætiefnið sem allir hafa beðið eftir

Terranova Antioxidant Nutrien Complex er öflug blanda andoxunarefna sem endurnærir líkamann og hægir á ótímabærri öldrun fruma. Anna Björk Kristjánsdóttir, leikmaður í meistaraflokki Stjörnunnar, mælir með vörunum frá Terranova sem hún segir gefa sér aukna orku fyrir leiki.

Anna Björk Kristjánsdóttir, leikmaður í meistaraflokki Stjörnunnar, mælir með Antioxidant frá Terranova. „Mér finnst gott að taka inn svo öflugt og gott bætiefni.“

MYND/VILHELM

Antioxidant Nutrient Complex frá Terranova er mögnuð samsetning andoxunarefna sem á sér enga hliðstæðu í heimi bætiefnanna. Það er einstaklega einfalt í notkun, aðeins eitt til tvö hylki á dag,“ segir Signý Skúladóttir, markaðsstjóri Heilsu ehf.

**„Mér finnst gott að taka inn svo öflugt og gott bætiefni sem er fullt af andoxunarefnum. Antioxidant veitir mér líka aukna orku fyrir leiki og ekki skemmir fyrir að vörurnar frá Terranova eru algerlega án bindiefna og annarra aukaefna.“**

*Anna Björk Kristjánsdóttir, leikmaður í meistaraflokki Stjörnunnar, mælir sérstaklega með Antioxidant frá Terranova.*

### Hvers vegna þurfum við á andoxunarefnum að halda?

„Ef við skerum sundur epli og látum það liggja á borðinu í smástund verður það fljótt brúnt og ólystugt. Með öðrum orðum, það oxast og eldist um aldur fram. Ef við skerum annað epli og nuddum sítrónusafa í sárið verður það lítið sem ekkert brúnt. C-vítamínið og virku jurtaefnin í sítrónunni koma í veg fyrir að eplið oxist. Þessi virku efni kallast því andoxunarefni,“ útskýrir Signý.

„Þetta er alveg eins í líkama okkar, við þurfum andoxunarefni til að verja frumurnar okkar gegn oxun og ótímabærri öldrun. Antioxidant Nutrient Complex inniheldur þekkt andoxunarefni eins og C- og E-vítamín, sink og alfa-línólsýru. Það inniheldur einnig virka og verðmæta ávexti og ber sem hafa stórkostlega mikla andoxandi virkni. Ekki má gleyma „Magnifood“ blöndu sem tryggir hámarks upptöku og nýtingu í líkamanum, burtséð frá aldri, ástandi og heilsu.“

### Einstök lífræn olía með víðtæka virkni – inniheldur ómega 7

Terranova Omega 3-6-7-9 frá Terranova er lífræn olía úr jurtaríkinu með fjölbreytta og víðtæka virkni.

„Þarna er allur hópurinn samankominn, ómega 3, 6, 7 og 9, sem er sjaldgæf sjón,“ segir Signý. „Þessar góðu fitusýrur gegna fjölbreyttu og mikilvægu hlutverki í líkamsstarfseminni. Þær halda bólgum í skefjum, smyrja liði og húð, efla brennslu og viðhald líkamans og halda hormónakerfum gangandi. Þær styrkja einnig hjarta- og æðakerfi og síðast en ekki síst stuðla þessar fitusýrur að heilbrigðu taugakerfi ásamt því að viðhalda jöfnu geði og góðri gleði. Svo má heldur ekki gleyma því að hin mikilvæga ómega 7 olía er í þessari flottu blöndu en ómega 7 er einstaklega góð til að næra slímhúðir líkamans og halda húðinni ungri og ferskri.“

„Ég hvet fólk að fylgjast með okkur á Facebook, www.facebook.com/terranovaisland en þar erum við oft með skemmtilega fróðleiksmola,“ segir Signý.

*Terranova-vörurnar fást í flestum heilsuvöruverslunum og apótekum.*





## *Freknóttir eru með sérstakt genaafbrigði*

Erfðir ráða því hvort fólk fær freknur í húðina þegar sólin skín en freknóttir eru með sérstakt afbrigði af einu genanna sem ráða húð- og hárlit. Sama ferlið fer í gang og þegar fólk verður sólbrúnt, nema litarefnið melanín dreifist ekki jafnt um húðina svo hún dökkni heilt yfir heldur safnast það í litla bletti og skellur í húðinni, oft eins og títuprjónshaus að stærð.

Freknurnar eru algengastar í andliti, á nefi og út á kinnar en geta myndast hvar sem er á líkamanum ef sól skín á húðina. Freknóttir eru oft með ljósa húð og sólbrenna auðveldlega. Einstaklingar með ljósa húð ættu því ávallt að nota sólarvörn.

Freknurnar geta dofnað á veturna og jafnvel horfið alveg þá mánuði sem skammdegið varir. Þær spretta þó fram aftur þegar sólin fer að skína.

Hjá sumum freknóttum dofna freknurnar með aldrinum. Þá á að vera hægt að upplita freknurnar með sérstökum kremum en um leið og sólin skín aftur á húðina myndast nýjar.

Heimild: visindavefur.is



Bætiefni framtíðar

Fæst í heilsuvörubúðum og völdum lyfjaverslunum.

facebook.com/terranovaisland

MAGNIFOOD

Engin fylliefni
Engin bindiefni
Ekkert glútein
Engar mjólkurafurðir
Engin sykur eða sætuefni
Án litar-bragð og rotvarnaefna



Svo virðist sem eldri karlar leiti síður og seinna til læknis vegna breytinga á húð. Þannig eru sortuæxli sem finnast hjá körlum yfir fimmtugu oft þykkari og erfiðari við að eiga. NORDICPHOTOS/GETTY

# Karlar yfir fimmtugu eru í áhættuhópi

**Hrafnkell Stefánsson læknir er fyrsti höfundur nýlegrar rannsóknar á faraldri sortuæxla á Íslandi. Þar kom fram að mikil aukning er í þunnum æxlum með góðar horfur, sérstaklega á meðal ungra kvenna. Þá er nokkur aukning á þykkari æxlum á meðal eldri karla.**

Árlega greinast rúmlega fjörutíu Íslendingar með sortuæxli í húð og að meðaltali látast fimm árlega úr meininu. „Ef tekst að finna meinið snemma áður en það nær að dreifa sér um líkamann eru lífshorfurnar nánast alltaf mjög góðar en ef meinið hefur dreift sér eru dánarlíkur mun hærri,“ segir Hrafnkell Stefánsson læknir. Hann er fyrsti höfundur rannsóknar á faraldri sortuæxla á Íslandi sem birtist nýlega í vísindatímaritinu „Journal of the European Academy of Dermatology and Venereology“, sem er eitt stærsta húðlæknatímarit í Evrópu.

Rannsóknin var samvinnuverkefni Krabbameinsskrár Krabbameinsfélagsins og íslenskra húðlækna.

### Þykktin segir til um horfur

„Ég var að vinna á húðdeildinni á Landspítalanum sem læknanemi í sumarafleysingum og kynntist þar þáverandi yfirlækni og meðhöfundi rannsóknarinnar, Jóni Hjaltalín, sem bauð mér að vinna að þessari rannsókn með hópi fólks. Á þessum tíma hafði verið mikil aukning á nýgengi sortuæxla í húð á Íslandi og sérstaklega á meðal yngri kvenna og var þetta því spennandi rannsóknarefni,“ segir Hrafnkell.

Heiti rannsóknarinnar er „Cutaneous melanoma in Iceland: changing Breslow's tumour thickness.“ „Við vildum skoða ástæðuna fyrir mikilli aukningu á nýgengi sortuæxla. Þykktin á æxlunum í millimetrum kallast „Breslow-þykkt“ og segir til um horfur fyrir sjúklinginn. Því þykkara sem æxlið er því verri eru horfurnar,“ útskýrir Hrafnkell.

Rannsóknarhópurinn fór yfir gögn frá Krabbameinsskrá sem náðu yfir 30 ára tímabil. „Á þeim tíma greindust alls rúmlega 850 sortuæxli og við söfnuðum upplýsingum um þykkt æxlis, aldur við greiningu og fleira.“

Hverjar voru helstu niðurstöður rannsóknarinnar?

„Helstu niðurstöðurnar voru þær að það var mikil aukning á þunnum æxlum með góðar horfur. Þessi aukning var sérstaklega mikil á meðal ungra kvenna. Einnig var aukning á þykkari æxlum á meðal eldri karla eingöngu.“

En hvaða ályktun má draga af þessu? „Það er mjög líklegt að sólböð og ljósabekkjanotkun skýri að hluta til aukningu á þunnum æxlum hjá ungum konum en einnig er hugsanlegt að konur séu meira á varðbergi nú gagnvart húðblettum og leiti fyrr til læknis,“ svarar Hrafnkell.

### Leita síður til læknis

Hann segir að sama skapi hugsanlegt að eldri karlmenn leiti síður og seinna til læknis með sínar húðbreytingar þar sem æxli þeirra eru þykkari. „Einnig var væg hækkun á dánarlíkum eingöngu í þeim hópi,“ segir Hrafnkell.

Svo virðist sem karlar sem eru eldri en fimmtíu ára séu sérstakur áhættuhópur sem þarf að taka sig á og fara til læknis til að láta fylgjast með fæðingarblettum. Einkum er það mikilvægt ef viðkomandi hefur orðið fyrir sólbruna, jafnvel þótt bruninn sé vægur og jafnvel þótt langt sé um liðið.



Hrafnkell Stefánsson læknir

Í grein um sortuæxli á Norðurlöndum eftir Laufeyju Tryggvadóttur, faraldsfræðing og samstarfsaðila hjá norrænum Krabbameinsskrám, kom fram að þótt dánartíðni af völdum sortuæxla fari lækkandi hjá fólki undir fimmtugu fer hún hækkandi hjá einstaklingum yfir fimmtugu. Þetta gæti skýrst af því að eldri hópurinn fari síður til læknis til að láta fylgjast með fæðingarblettum.

# Sannleikurinn um sólarvarnir

**Fólk hefur almennt litla þekkingu á virkni sólarvarna samkvæmt nýlegri könnun. Anna Björg Hjartardóttir, framkvæmdastjóri og eigandi Celsus hjúkrunar- og heilsuvara ehf., er hafsjór fróðleiks þegar kemur að sólarvörnum og veitir hér innsýn í heim þeirra.**

Ég hef sjálf tekið eftir að fólk veit nánast ekkert hvernig sólarvarnir virka eða fyrir hvað UVA og UVB stendur,“ segir Anna en Celsus hefur flutt inn Proderm-sólarvarnir í 15 ár. Anna var því ekki hissa á niðurstöðu könnunar sem framkvæmd var í Svíþjóð á þekkingu fólks á virkni sólarvarna. Niðurstöðurnar hafa hins vegar vakið mikla athygli fjölmiðla þar í landi. „Mesta athygli vekur hvað fólk hefur litla þekkingu á virkni sólarvarna, og að þeir fáu sem telja sig vita eitthvað eru oftast að misskilja,“ segir Anna og telur líklegt að niðurstöðurnar megi heimfæra á Íslendinga.

Þriðjungur þeirra sem svöruðu könnuninni taldi sig vita hvað SPF-stuðullinn stæði fyrir en fæstir gátu svarað rétt þegar beðið var um nánari skilgreiningu. Anna telur því þörf á að útskýra grunnþætti sólarvarna.

### Hvað er UVA og UVB?

Skaðsemi sólarljóssins má rekja til útfjólublárra geisla en útfjólublátt ljós skiptist í tvær gerðir, UVA og UVB. „UVB-geislarnir valda því að við brennum í sólinni. Hins vegar valda UVA-geislarnir, sem hafa lengri bylgjulengd, skaða á undirhúð og eru taldir valda flestum húðmeinum af völdum sólarinnar á borð við ótímabærar hrukkur, slaka húð, brúna bletti og húðkrabbamein. UVB-geislarnir geta líka valdið krabbameini ef þeir ná að brenna húðina, oft eða alvarlega,“ segir Anna.

### Hvað þýðir SPF?

„SPF-talan á sólarvörn segir eingöngu til um hve há vörnin er gegn UVB, geislunum sem brenna húðina, en ekki UVA. Talan á sólarvörninni er ekki mælikvarði á varnarstyrkleika gegn UVB-geislunum. Heldur þvert á móti segir hún hve mikið af sólargeislum sleppur í gegnum vörnina. Það þykir flestum mikið undrunarefni,“ segir Anna.

Hún tekur dæmi um SPF10 vörn. „Sú sleppir í gegn einum tíunda hluta sólargeisla UVB af hundraði, það er 10 prósent. Því veitir SPF10 húðinni 90% vörn.“

Munurinn milli SPF-styrkleikatalna er miklu minni en flestir halda að sögn Önnu. „Munurinn verður enn minni eftir því sem SPF-talan hækkar. SPF30 veitir 97% vörn því einn þrítugasti af 100 er um 3% sem sleppur í gegnum vörnina. SPF50 veitir 98% vörn því einn fimmtugasti af 100 er 2%. Því munar aðeins einu prósenti á milli varnarstuðlanna 30 og 50. Þessi staðreynd gildir um allar sólarvarnir sem eru seldar.“

### UVA-vörnin afar mikilvæg

Því lengur sem fólk er úti í sólinni því meira fær það af UVA-geislum á húðina. „Því er mikilvægt að hafa einnig mikla og góða UVA-vörn enda valda UVA-geislarnir mörgum húðmeinum,“ segir Anna. Hún bendir á að samkvæmt reglum ESB þurfi sólarvarnir bara að innihalda 33 prósent UVA–vörn í hlutfalli við uppgefinn UVB-stuðul á umbúðunum. „Húðlæknar leggja áherslu á góða UVA-vörn vegna þess hve hættulegir þeir eru.“ Proderm-sólarvörnin er með yfir 90 prósent UVA-vörn í öllum sólarvörnum sínum.

Anna segir UVA-geislun lúmska. „UVA-geislarnir valda skaða þó við séum orðin sólbrún eða með sterka húð sem sjaldan brennur. Þeir komast gegnum bílrúður og hitastig skiptir ekki máli. Þess vegna eigum við að nota sólarvörn alltaf þegar við erum úti í sól, allan ársins hring,“ segir Anna og bendir á að sortuæxli séu algengustu krabbamein ungra kvenna og að menn yfir fimmtugt greinist í auknum mæli. UVA-geislarnir elda húðina mikið.

Anna minnir á mynd sem birtist í New England Journal of Medicine og víðar: „Hún var af andliti vörubílstjóra sem hafði keyrt í 28 ár. Önnur hlið andlitsins leit út fyrir að vera um 30 árum eldri af hrukkum vegna UVA-geislanna sem komust í gegnum rúður.“ Sjá: http://www.dailymail.co.uk/news/article-215361

### Magn skiptir máli

Anna bendir á að mikilvægt sé að fylgja ráðleggingum um það magn sem á að bera á líkamann því að SPF-vörnin lækki mikið ef of lítið sé borið á húðina. Hún segir skoðun margra húðlækna vera að háir stuðlar geti skapað falska öryggiskennd og leiði til þess að fólk noti of lítið magn.

Anna lýsir því að Proderm-sólarvörnin sé í froðuformi sem auðveldi að fara eftir ráðleggingum um rétt magn. Stærð á við golfbolta þarf á handlegg fullorðinna. „Froðan smýgur fljótt og vel inn í húðina og engin fituáferð verður á húðinni,“ segir Anna og getur þess að grunnformúlan sé læknisfræðilega skráð. „Húðlæknar mæla með Proderm fyrir viðkvæma húð og allar húðgerðir bæði fyrir líkama og andlit,“ segir hún en áréttar þó að þrátt fyrir góða sólarvörn sé mikilvægt að stilla sólböðum í hóf. „Engin vörn er blokk, slíkt er ekki til, sólum okkur því með skynsemi.“



Anna Björg Hjartardóttir hjá Celsus veitir innsýn í heim sólarvarna.

Celsus ehf.
Hjúkrunar- og heilsuvörur



# Sýrumeðferð eftir sólarlandafrí

Hvers kyns snyrtimeðferðir eru vel sóttar árið um kring en þarfirnar breytast þó svolítið eftir árstíðum og á sumrin er algengara að fólk komi í fótsnyrtingu og vax enda hægt að vera ögn léttklæddari en yfir kalda vetrarmánuðina. Litun og plokkun augabrúna er að sögn snyrtifræðingsins Jónu Sigríðar Angantýsdóttur vinsælasta snyrtimeðferðin árið um kring en auk þess hefur svokölluð sýrumeðferð verið að sækja í sig veðrið.

Vinsælustu meðferðirnar á flestum snyrtistofum eru litun, plokkun og vax. Jafnframt eru margir sem koma í fót- og handsnyrtingu og ýmiss konar andlitsmeðferðir en reglulega koma fram spennandi nýjungar í þeim efnum. „Sýrumeðferð er til að mynda mjög vinsæl um þessar mundir en hún dregur úr fínum línum, lokar húðholum, lagar litabreytingar og gefur frískara útlit. Full meðferð er fimm skipti en svo kemur fólk á 6-8 vikna fresti til að halda sér við,“ segir Jóna Sigríður sem rekur snyrtistofuna Carita í Hafnarfirði. Hvert skipti tekur innan við klukkutíma og er að sögn Jónu hæglega hægt að koma í meðferð í hádegishléinu. „Við byrjum á því að hreinsa húðina og svo er sýran borin á. Við byrjum á fjórum mínútum og endum í tíu. Þá er settur maski á andlitið og loks lokakrem. Húðin verður nánast ekkert rauð og því er hægt að fara út í daginn strax á eftir.“

> **Ég minni á að bóluör verða dekkri og lengur að hverfa eftir sól svo það er um að gera að hylja þau vel yfir daginn.**

### Munurinn kemur á óvart

Meðal annarra nýjunga er svokölluð Dermatude-meðferð en þá er undirlag húðarinnar gatað með harðplastnálum til að virk efni komist betur ofan í hana. Húðin fer í kjölfarið í viðgerðarfasa og við það sléttist úr henni. „Einhverjir gætu haldið að þetta væri vont en svo er ekki. Þetta er bara svipað og þegar húðin er skrúbbuð með bursta. Munurinn er hins vegar mjög mikill og kemur hann flestum á óvart. Jóna mælir þó ekki með þessum andlitsmeðferðum rétt áður en farið er í sól enda þarf húðin nokkra daga til að jafna sig.

### Farði með sólarvörn

Á þessum árstíma leggur Jóna ríka áherslu á að fólk noti sólarvörn. „Sumir kvarta reyndar undan því að vörnin stífli húðholur í andlitinu og margir koma til okkar í húðhreinsun eftir sólarlandafrí. Við mælum líka með því að konur noti meik með sólarvörn en þannig er bæði hægt að hylja bólur og misfellur og að verja húðina. Þá er gott að minna á það að bóluör verða dekkri og lengur að hverfa eftir sól svo það er um að gera að hylja þau vel. Það er svo ekki síður mikilvægt að nota sólgleraugu en það kemur í veg fyrir að fólk þurfi að píra augun, sem eykur hrukkumyndun. Þá er því miður nokkuð algengt í sólríkum löndum að fólk fái húðkrabbamein í kringum augun enda er húðin þar sérstaklega þunn. Það er því ekki bara töff að nota sólgleraugu heldur líka heilsusamlegt.“



Margar konur koma í húðhreinsun eða sýrumeðferð eftir sólarlandafrí enda á sólarvörnin það til að stífla húðina.








## Hvaða vörn hentar þér?

Á öllum sólarvörnum er svokallaður SPF-stuðull eða Sun Protection Factor en hann gefur til kynna hvað manneskja sem ber hana á sig getur verið lengi í sól án þess að brenna. Vissulega er það einstaklingsbundið og fer eftir því hversu sterk sólin er hverju sinni en stuðullinn gefur engu að síður vísbendingu.

Manneskja með ljósa húð er um það bil tíu mínútur að brenna án varnar. Manneskja með meðalhúð um það bil 15 mínútur að brenna án varnar og manneskja með dökka húð 20 mínútur. SPF-formúlan er eftirfarandi. Húðgerð x SPF-stuðull = tími í sólinni.

Beri manneskja með ljósa húð á sig vörn með SPF-stuðulinn 6 ætti hún að geta verið í sólinni í 60 mínútur. Það er 10 x 6 = 60. Beri manneskja með dökka húð á sig sömu vörn getur hún hins vegar verið í sólinni í tvo tíma; 20 x 6 = 120 mínútur.

Hér er tafla til sem er gott að hafa til viðmiðunar en sem fyrr þarf líka að taka til greina húðgerð og aðstæður hverju sinni:

**Ljós húð** – brennur eftir 10 mínútur án varnar:
**SPF 6** = 60 mínútur (1 klst.) í sól án þess að brenna
**SPF 15** = 150 mínútur (2,5 klst.) í sól án þess að brenna
**SPF 30** = 300 mínútur (5 klst.) í sól án þess að brenna

**Meðalhúð** – brennur eftir 15 mínútur án varnar:

**SPF 6** = 90 mínútur (1,5 klst.) í sól án þess að brenna
**SPF 15** = 225 mínútur (3,75 klst.) í sól án þess að brenna
**SPF 30** = 450 mínútur (7,5 klst.) í sól án þess að brenna

**Dökk húð** - brennur eftir 20 mínútur án varnar:

**SPF 6:** 120 mínútur (2 KLST) í sól án þess að brenna
**SPF 15:** 300 mínútur (5 KLST) í sól án þess að brenna
**SPF 30:** 600 mínútur (10 KLST) í sól án þess að brenna.




# LANCÔME BRÚÐARFÖRÐUN

## Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS.

Kristjana Rúnarsdóttir Lancôme National make up artist ásamt snyrti- og förðunarmeistara veita ráðgjöf fyrir brúðarförðun og undirbúning húðarinnar fyrir stóra daginn.

**20%**
**AFSLÁTTUR AF**
**LANCÔME**
**Á KYNNINGUNNI**



**GÁTLISTI BRÚÐARINNAR:**

- Ef þú mættir aðeins hafa einn hlut meðferðis á brúðkaupsdaginn eru þerriblöðin ómissandi.
- Varalitur
- Miracle Cushion farði í boxi
- Vatnsheldur maskari
- Ilmurinn þinn

GLÆSILEGUR KAUPAUKI ÞEGAR KEYPT ER FYRIR 8.900* EÐA MEIRA.

Lyf & heilsa
Kringlunni













Elín Birna segir ljósar strípur verða mjög vinsælar í sumar. MYND/VILHELM

# Ljóst, liðað og laust hár í sumar

Hártískan fer í hringi eins og önnur tíska og breytist með árstíðunum. Nú í sumar, líkt og önnur sumur, verður hárið ljósara en á veturna. Það á líka að vera meira liðað og meiri hreyfing í því. Millisítt hár er áberandi. Herrarnir eru stutthærðir og ólitaðir.

Eins og flest önnur sumur vilja margar konur skarta ljósara hári í sumar en þær gerðu í vetur. Elín Birna Harðardóttir, hárgreiðslumeistari hjá Hár & Dekur, tekur undir þetta. „Ljósar strípur verða gríðarlega vinsælar í sumar, þá sérstaklega falleg náttúruleg lýsing og mjúk hreyfing eða ískalt skol yfir ljósar strípur. Við notum mikið skemmtilega tækni í hárlitun sem heitir „balayage". Rótin er höfð náttúruleg eða lituð dekkri, svo eru endarnir litaðir ljósari og strípurnar eru teiknaðar í fríhendis, við vaskinn setjum við svo skol yfir hárið til að fá nákvæmlega þann tón sem við viljum," útskýrir Elín Birna.

Einnig er vinsælt að hafa endana í öðrum litum, til dæmis fjólubláum, bleikum eða rauðum, en þá er rótin lituð í dekkri tón. Heillitur er og verður alltaf inni og vinsælir litir eru meðal annars súkkulaðibrúnn og sandljós.

„Við erum mikið að nota efni sem heitir Olaplex og er nýtt efni hér á landi, það byggir hárið upp innan frá á meðan á efnameðhöndlun stendur. Olaplex gerir hárið heilbrigt, glansandi og fallegt. Með því er hægt að lýsa hárið hratt og örugglega, án þess að skemma það."

## Mýkri línur en hefur verið

Undanfarið ár hefur hártískan verið að styttast mikið og segir Elín Birna að millisítt hár sé núna áberandi. „Millisítt til sítt, alveg frá eyrum og aðeins niður fyrir axlir. Það er komin meiri hreyfing í hárið, mjúkar styttur, og beina línan sem var mjög vinsæl í vor verður ekki alveg eins áberandi."

Toppurinn er annaðhvort hafður jafnsíður hárinu eða styttri við andlitið og þá tekinn til hliðar. Annars verða eiginlegir toppar ekki mikið í gangi í sumar að sögn Elínar Birnu.

„Þær konur sem eru með stutt hár eru svo annaðhvort með tjásað yfir eyrun eða upp fyrir eyrun, það er ekki nein ein klipping í gangi hjá þeim og allt svolítið frjálst. Þær sem eru með sítt hár ættu að hafa það liðað og létt, það verður aðalmálið í sumar."

## Liðað og laust

Ekki er þörf á að hafa miklar áhyggjur af því hvernig eigi að greiða hárið í brúðkaupum, útskriftum og öðrum veislum sumarsins, málið er einfalt, hafið hárið laust og liðað. „Það er bara allt í boði og mjög frjálst," segir Elín Birna og brosir. Hún bætir því við að hárböndin sem hafa verið áberandi undanfarið haldi áfram að vera í tísku. „Svo eru það gormateygjurnar góðu, þær eru frábærar í hárið, slíta það ekki og það kemur ekki far eftir teygjuna, það er algjört möst að eiga þær."

## Grásprengt er flott

„Í sumar verða herrarnir frekar stutthærðir. Rakaðir í hliðum og aftan, stuttur toppur en meira hár skilið eftir að ofan sem þeir greiða með vaxi. Þeir ættu ekki að lita hárið sitt, gráspengt hár er flott," segir Elín Birna.



Ljóst og liðað verður inni í sumar.



Það er vinsælt að hafa rótina í dekkri tón og endana í öðrum lit, til dæmis ljósum en líka í fjólubláum, bleikum eða rauðum.


PANTENE
nýtt
SANNAÐUR ÁRANGUR.
HEILBRIGÐARA
hár
með hverjum þvotti*
PANTENE
PRO-V
HEALTHIER HAIR
WITH EVERY WASH
SHAMPOO
SMOOTH & SILKY
PRO-V
*sjampó + hárnæring vs sjampó án hárnæringar



## HÁRIÐ VEX Í SEX ÁR

**Á höfðinu** eru að meðaltali um hundrað til hundrað og sextíu þúsund hár sem vaxa um það bil einn sentimetra á mánuði. Hvert hár vex í allt að fimm til sex ár. Þá hættir það að vaxa og dettur að lokum af . Á hverjum degi detta um hundrað hár af höfðinu.

**Í rótum** hársins eru frumur sem framleiða litarefnið melanín. Með aldrinum hrörna frumurnar, framleiðsla litarefnisins minnkar og hárin grána.

**Hrörnun frumnanna** byrjar í kringum 30 ára aldurinn hjá körlum og um það bil fimm árum síðar hjá konum.

**heimild: vísindavefur.is**



## DRAGÐU FRAM ÞAÐ BESTA

**Flestar konur** kunna að setja á sig farða, púður og maskara. Þegar kemur að augnskuggum og öðrum skyggingum vandast hins vegar málið. Margar komast þó vel upp á lag með að skyggja andlitið og draga þannig fram það besta í eigin fari. Skyggingin fer reyndar svolítið eftir andlitsfalli en hér er tekið dæmi um algenga aðferð.

**Fyrst er** settur grunnur, augnmálning og farði. Þegar kemur að skyggingunni er bronspúður eða -gel á borið á enni upp við hárrótina, undir kinnbein, meðfram nefi og á kjálka. Kinnalitur er svo borinn á kinnbein og ljómi þar fyrir ofan, á mitt enni, undir augabrúnir, á nef og fyrir ofan og neðan varir.

**Í lokin** er mikilvægt að blanda með léttum burstastrokum.



## AF HVERJU FÁUM VIÐ HRUKKUR?

**Öll fáum** við hrukkur. Reyndar mismiklar og mishratt. Á Vísindavefnum er því svarað af hverju hrukkur myndast. Í stórum dráttum er það vegna þess að ung húð býr yfir miklum teygjanleika og getu til að halda í sér raka. Með aldrinum þynnist húðin og erfiðara er fyrir hana að halda í sér raka. Fita, sem er í undirhúð og gefur húðinni fyllingu, minnkar einnig með aldrinum. Þetta leiðir til þess að húðþekjan fer að hanga/síga og hrukkur myndast.

**Húðlæknar áætla** að allt að 90% þeirra breytinga í húðinni sem við álítum tilkomnar vegna öldrunar séu í raun vegna skemmda af völdum sólarljóss. Húð sem hefur orðið fyrir áralöngum ljósskemmdum er með fleiri og dýpri hrukkur, auk þess sem víða eru litaskellur vegna ójafnrar litadreifingar.

**Gefin eru** nokkur ráð til að hamla hrukkumyndun á unga aldri:

- Forðastu að vera of lengi í sólinni, einkum þegar hún er hæst á lofti. Sólarvörn dregur úr áhrifum útfjólublárra geisla að einhverju leyti en getur ekki haldið öllum geislunum frá.
- Slepptu því að fara í ljós. Útfjólubláu geislarnir í perum lampanna eru alveg jafnskaðlegir og geislar sólarinnar, stundum jafnvel verri.
- Ekki reykja! Reykingar ræna húðina verðmætum raka og valda hrukkumyndun fyrir aldur fram.



- Berðu rakakrem á húðina á hverjum degi, einkum í þurru og köldu veðri.
- Drekktu mikið vatn á hverjum degi til að líkaminn fái nægan vökva sem stuðlar að því að húðin verði mjúk og slétt.





20%
afsláttur
af kjólum
FLEIRI MYNDIR Á FACEBOOK!
hjá Hrafnhildi
Vertu vinur okkar á Facebook
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

# Síðustu 2 dagar

**rýmingarsölunnar**

**allt á að seljast, mikill afsláttur..**

Borð, stólar, rúm, rúmteppi, skrifborðsstólar ofl.

Opið í dag 13 – 18 föstudag 13 - 18

NÝFORM HÚSGAGNAVERSLUN

REYKJAVÍKURVEGUR 66 220 HAFNARFJÖRÐUR





Flottar sokkabuxur og leggings, í flottum stærðum

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is





Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

13 litir
Stretchbuxur
á 13.900 kr.
- háar í mittið
- stærð 34 - 54

black pepper FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook






**FINNST GAMAN AÐ VERSLA** Alexandra á erfitt með að hætta að hugsa um flík sem hana langar í fyrr en hún hefur eignast hana.

**Í FATASKÁP ÖMMU**

„Ég fór alltaf beinustu leið í fataskápinn hennar ömmu þegar ég var hjá henni en hún var algjör tískudrottning. Það eru því til ótal margar myndir af mér þegar ég var lítil í pelsunum hennar og með hatt á hausnum.“

# KULDASKRÆFA MEÐ EINFALDAN STÍL

**TÍSKUBLOGGARI** *Alexandra Bernharð á skemmtilega tíma í vændum í sumar. Hún verður að vinna sem flugfreyja og ætlar til Parísar og La Rochelle auk þess að spá í tísku og skrifa um hana á bloggið sitt, Shades of Style.*

Tíska er og hefur lengi verið helsta áhugamál Alexöndru Bernharð háskólanema og hefur hún bloggað um tísku frá árinu 2011 á tískubloggið sitt, Shades of Style, auk þess að skrifa fyrir NUDE Magazine. Hún fylgir þó ekki alltaf þeim tískustraumum sem eru í gangi þar sem hún er trú sínum eigin stíl.

**Hefurðu lengi pælt í tískunni?**

Já, ég hef lengi haft gaman af fötum og að klæða mig upp. Ég fór alltaf beinustu leið í fataskápinn hennar ömmu þegar ég var hjá henni en hún var algjör tískudrottning. Það eru því til ótal margar myndir af mér þegar ég var lítil í pelsunum hennar og með hatt á hausnum. Ég byrjaði þó ekki að pæla í tísku fyrir alvöru fyrr en ég var um átján ára og nokkrum árum seinna opnaði ég mitt eigið tískublogg.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?**

Ég reyni að klæða mig mjög þægilega hversdags en þægindi eru mjög mikilvæg að mínu mati þegar kemur að fatavali. Seinustu daga hef ég mikið verið í svörtum gallabuxum og þægilegri peysu eða síðri, víðri skyrtu yfir sokkabuxur.

**Hvernig klæðir þú þig spari?**

Það er mjög misjafnt eftir skapi og tilefni. Í augnablikinu er ég mjög hrifin af síðum samfestingum og fínum buxum en fallegur kjóll er alltaf klassískt val.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?**

Hann er mjög einfaldur og þægilegur. Mér finnst mikilvægt að líða vel í því sem ég klæðist og að geta notað flíkurnar á mismunandi vegu.

**Hvar kaupir þú fötin þín?**

Ég versla mest í Vila, Vero Moda, Zara, H&M og Asos.

**Eyðir þú miklu í föt?**

Já, það er það sem ég eyði eflaust mestum peningi. Næst á eftir kemur matur en það er áhugamál númer tvö á eftir tísku.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?**

Það er mjög erfitt að velja á milli þar sem ég á svo margar fallegar flíkur en í augnablikinu er það ólífugræni jakkinn minn úr H&M og svartur síður samfestingur úr H&M.

**Uppáhaldshönnuður?**

Elie Saab án efa, svo er ég mjög hrifin af Alexander Wang og Eyland.

**Bestu kaupin?**

Ég vildi óska að ég gæti nefnt einhverja fallega tískuflík en ég verð að segja 66° Norður úlpan mín, það er ekkert betra en hún enda er ég algjör kuldaskræfa. Annars eru allir hælaskórnir mínir mjög góð kaup þótt þeir séu ekki mikið notaðir.

**Einhver tískuslys?**

Það er alltaf eitthvað, en ég er þakklát fyrir þau því maður lærir af þeim.

**Hverju verður bætt við fataskápinn á næstu vikum?**

Það sem er á óskalistanum þessa stundina er útvíður samfestingur, fölbleikur biker-jakki og Chanel WOC-taska.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?**

Þegar ég sé flík sem ég er hrifin af þá get ég ekki hætt að hugsa um hana fyrr en hún er orðin mín. Það er alveg hægt að segja að ég eigi við örlítið verslunarvandamál að stríða.

**Hvers konar fylgihluti notarðu?**

Ég reyni að hafa hlutina alltaf mjög einfalda og því nota ég ekki mikið af fylgihlutum. Ég bæti oftast bara fallegri tösku og Daniel Wellington-úrinu mínu við dressið.

**Áttu þér tískufyrirmynd?**

Nei, ekki neina sérstaka. Ég fæ þó helling af innblæstri frá öðrum bloggurum en mér finnst Angelica Blick og Kenza æðislegar.

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilaborg.is
Sími 517-1111



PORSCHE 911 carrera 4 . Árgerð 2001, ekinn 65 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.133586. Glæsilegur bíll. Skipti möguleg.



ADRIA Classica 663uk kojuhús . Árgerð 2007, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.133914. Er á staðnum



FORD F350 crew 4x4 44" breyttur . Árgerð 2005, ekinn 146 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.133961. Er á staðnum



TOYOTA Land cruiser 100 diesel . Árgerð 2002, ekinn 249 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.890.000. Ásett verð 3290 þús Rnr.133790. Er á staðnum.



M.BENZ ML 63 AMG. Árgerð 2008, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.134023. Bíll með öllu. Ýmis skipti athugandi

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

Bílalíf



**OFURTILBOÐ 2.990Þ!!!**
LAND ROVER Range Rover Sport. Árgerð 2006, ekinn aðeins 122þ.km. Umboðsbíll. Frábært eintak! Ný dekk. Ásett verð 3.690þ. Ofurtilboð 2.990þ. Rnr.351727. Er á staðnum - Bílalíf S:562-1717

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

Bílás
Bílasala Akraness



CHEVROLET Roadtrek. Árg. 2005, ek. 21 Þ.MÍLUR, ssk, Flottur og vel útbúinn bíll. Sjón er sögu ríkari. Verð 9.700.000. Rnr.110799.



FORD Transit Rimor. Árg, 2006, ek. 37 Þ.KM, ssk. afturdrifinn á tvöföldu aftan. Mikill og góður bíll, lækkað verð 6.990.000. Rnr.119459.



FORD Transit Hobby t 600 Árg, 2006, ek. 27 Þ.KM, 5 gírar. Vel búinn og fallegt eintak, Verð 7.200.000. Rnr.110800.



FIAT Ducato Mc louis Árg, 2004, ek, 73 Þ.KM, 5 gírar. Gott eintak, Verð 4.390.000. Rnr.110816.

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

PLANIÐ bílasala 5170000



FIAT 244 niesmann bischof. Árgerð 2006, ekinn 48 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 6.990.000. Rnr.301435. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Tabbert Davinci 460 árg 2014 með tveimur rúmum aðeins sjö gistinætur, vönduð hýsi, hentugt fyrir slyddujeppa, v. 4480 þús skipti á ód,raðn.121957 vantar hjólhýsi og húsbíla á svæðið.

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2013, ekinn 41 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.390.000. Rnr.240361.



BMW 320d f30 sportline. Árgerð 2014, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.890.000. Rnr.990959.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 51 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.210358. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ C 200 CDI. Árgerð 2013, ekinn 17 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.390.000. Rnr.240411.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



**KLÁRT Í FERÐ**
POLARIS Sportsman x2 800 götuskráð Árgerð 2007 ekinn 4 Þ.KM Verð 1.490.000. Rnr.137894 sími 6952015

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR DODGE RAM 3500**
Nýtt útlit, flottari innrétting og Fáanlegur með loftpúðafjöðrun að aftan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

STÓRA BÍLASALAN



Suzuki SX4 - Nýir bílar Árgerð 2015. Beinskiptir. Bensín. 4x4. Eigum nokkra á staðnum. Frábært verð aðeins 2.990.000kr. Raðnr 157345. Sjá nánar á www.stora.is.



Toyota Yaris Hybrid - NÝTT Árgerð 2015. Vorum að fá bíla á lager! Takmarkað upplag. Verð aðeins 3.090.000kr. Raðnúmer 156735. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

MB bílar



VW Golf trendline. Árgerð 2012, ekinn 70 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.110010.



VW Golf comfortline. Árgerð 2013, ekinn 20 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.250.000. Rnr.110689.

**MB Bílar**
**Klettháls 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

HEIMSBÍLAR



VW Golf. Árgerð 2011, ekinn 106 Þ.KM, bensín,7 gíra sjálfskiptur. Verð 2.340.000. tilboð 1.990þ, góður bíll. Rnr.336332.



**HÚSBÍLL**
VW Lt35 tdi. Árgerð 2001, ekinn 128 Þ.KM, dísel, 5 gírar.svefnaðstaða fyrir tvo, eldavél, ísskápur, tveir rafgeymar. Verð 1.990.000. Rnr.337017.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**TILBOÐ 9 MANNA !!!**
VW TRANSPORTER DISEL árg. 2008 ek. 158 Þkm, 5 gíra, 9 manna, 1 eigandi frá upphafi, gott viðhald, Tilboðsverð nú 2890 þús !!! gsm 893-9500



**FLOTTUR DISEL !!!**
CHEV.CAPTIVA DISEL árg. 2007 ek. 107 þkm, sjálfskiptur, aukafelgur, ofl. mjög gott eintak, tilboðsverð 2290 Þús, gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA**
FORD FOCUS árg. 2007 ek. 88 Þkm sjálfsk, mjög gott eintak, tilboðsverð nú 990 þús, möguleiki á 100% láni, gsm 893-9500

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100bílar.is bílasala



BMW 520D M-SPORT F1 2014 ek 3 þkm, sjsk Hlaðinn aukabúnaði - M-Sport - Alcantara sport innrétting - Þessi er rosalegur, er á staðnum. Verð 9800 þús, raðnr 119425.



Nissan Leaf Acenta 2015, Nýr bíll - Verksmiðjuábyrgð - Evrópubíll- 7" opnanlegur snertiskjár - 6,6 kw hleðsa - Eigum 2 stk í mismunandi litum- Verð 3550þús er á staðnum. Raðnr 151734



Ford F350 Platinum 2015 árgerð, 6,7 dísel power stroke , 440 hö, mjög flottur og vel búinn bíll, er á staðnum, raðnr 110313, Verð 11990 þús ( ath pallhús ekki með í verði )

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

SUZUKI



**SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.**
Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bílaplan.is



**ALVÖRU FERÐABÍLL !!!**
CHEVROLET CHEVY VAN 1500 FERÐABÍLL árg. 1994 ek. 92 Pkm,1 eigandi frá upphafi, kemur nýr til landsins, framdrif og upphækkun gert á Íslandi. 35" sumar og vetrardekk allt á felgum, TV, DVD fjarstart,loftlæstur frama og aftan. ofl. skráður sem húsbíll, möguleiki á hópferðarskráningu, bíll í sérflokki, tilboðsverð nú 2990 Þús, gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

## 250-499 þús.



**LÍTIÐ KEYRÐUR - TILBOÐ 390 ÞÚS**
RENAULT LAGUNA II, 12/01 ek.121 þús, sk.16, beinskiptur 1600 eyðir mjög litlu og mjög gott að keyra, ásett verð 590 þús tilboð 390 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955



**TILBOÐ 390 ÞÚS - VÍSALÁN**
VW PASSAT COMFORTLINE STATION árg 2001 ek.184 þús, sjálfskiptur, sk.16, ásett verð 490 þús TILBOÐ 390 ÞÚS MÖGULEIKI Á 100% VÍSALÁNI s.841 8955

## 500-999 þús.



**TILBOÐSVERÐ 890ÞÚS STG**
Hyundai i30 1.4 árgerð 2010. ek 154þús km. beinskiptur. 5dyra. heilsársdekk. skoðaður ,16. samlæsingar. smurbók frá upphafi. tímakeðja. ásett verð 1.390þús. Tilboðsverð aðeins 890þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696



**DÍSEL SPARIGRÍS !**
Peugeot 207 1.4 Dísel. árg ,07. ek 134þús km. nýleg tímareim. ný sk. góð dekk. 5dyra. eyðir ca 4-5L/100km. Ásett v:1.390þús. Tilboðsverð 890þús stgr. möguleiki á vísalán eða bílaláni. uppl í s:659-9696

## Vélar og verkfæri



Rennibekkur, fínn í skúrinn! 750mm milli odda, 20mm öxulgat og 230mm swing. Ýmsir fylgihlutir. Gírskiftur,gott verð. Uppl. í s. 8437790 og togt@simnet.is

## HEILSA

### Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**TILBOÐ HEILSUNUDD**

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 10-20. S. 855 3199

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**

Lærðu að sigla seglskútu, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn

**ÞJÓRSÁ, HVÍTÁ OG ÖLFUS**

Netin tilbúin. Heimavík ehf, Smiðjuveg 28, rauð gata., S. 892 8655 www.heimavik.is

**VEIÐILEYFI TIL SÖLU Í**

Staðará á Snæfellsnesi fyrir landi Traða og í vatnasvæði Lýsu (veiðihús) Lax og sjóbirtingur. S. 893 4515 og tradir.net

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

3ja herbergja íbúð til leigu í Grafarvogi laus strax, áhugasamir sendið á netfangið siggasig2010@hotmail.com

### Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**HELGARVINNA.**

Viltu skemmtilega og krefjandi vinnu í góðum og samstilltum hóp ? Óskum eftir starfsmönnum í helgarvinnu við útleigu á bílum í Reykjavík. Um er að ræða aðra hvora helgi eða eftir nánara samkomulagi. Opnunartími um helgar er frá 8-17.

Getum einnig bætt við okkur starfsmönnum í bílaþvott um helgar í Reykjavík.

**Áhugasamir sendi upplýsingar ásamt ferilsskrá á job@procar.is fyrir 15. Júní nk.**



**GISTIHEIMILIÐ GERÐI**

óskar eftir að ráða kokk eða vanan mann eldhús. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Nánari upplýsingar í síma 893-0578 Þórey eða 846-0641 Björn eða á info@gerdi.is. www.gerdi.is

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR**

óskar eftir starfsmanni í eldhús. Viðkomandi þarf að vera með reynslu af matreiðslu og geta unnið undir álagi. Unnið er á kokkavöktum. Ráðið verður í starfið strax.

**Umsóknir berist á 10dropar@gmail.com.**

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í sumarvinnu. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## TILKYNNINGAR

### Einkamál


**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri

Stefnumót: 905-2000 • 535-9920

Konur, allt frítt í s. 555-4321

Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Símadömur • live spjall

908-6000 • 535-9999



**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is

Tjaldaleiga skáta

Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

TOPP HESTAR

Reiðskólinn hefst 10. júní 5 daga námskeið frá mán-fös., allan daginn frá kl. 9-16 með fæði. Aldur 5-12 ára.

Uppl. í s. 772 2535 Marta & 895 3588

NÝ ÞJÓNUSTA !

Skerpum handsláttuvélahnífa einnig öll garðverkfæri

Skerping 30 ár

Smiðjuvegi 11 Kópavogi Sími 564 2488

XPRENT - hönnun og merkingar

meira en 40 hulstur í boði!

ER SÍMINN ÞINN ÓVARINN?

Fáðu þér hulstur með persónulegri mynd!

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS

Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

Iveco

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

EYJALIND

DANA SPICER Off-Highway Products

- Skiptingar
- Öxlar
- Drifsköft
- Varahlutir

Vertu vinur okkar á Facebook

Viðurkenndur söluaðili Dana Spicer - Atvinnutæki

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur viðgerðir - sala hröð og góð þjónusta

Dugguvogi 23 - s: 5814991

rafstilling@rafstilling.is

VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault

Varahlutaþjónusta

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL

STEINSÖGUN • BORUN • BROT

Brotafl ehf

Símar 894 8040

894 8044

Fax 565 0050

brotafl@simnet.is

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT

Gólflist

Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvéla.

Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir

55ár í þjónustu við bíleigendur!

Ljósboginn ehf Bíldshöfða 14 sími 553-1244

ljosboginnehf@simnet.is


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir

heimili fasteignasala
– á traustum grunni



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

# Glæsilegt fjölskylduhús við Birtingakvísl 62
# Fimm svefnherbergi og fallegur suðurgarður








**Eignin verður sýnd í opnu húsi í dag frá kl. 17:30 – 18:00.**
Sérlega vel hannað og skipulagt endaraðhús. Í húsinu eru tvær stofur og fimm svefnherbergi, á efstu hæð eru þrjú herbergi og i kjallara tvö herbergi sem henta vel fyrir unglinginn. Mikil lofthæð í stofu og útgangur út á lóðina. Rúmgóður fullbúinn bílskúr. Húsið er sérlega vel staðsett með góðum suðurgarði og stórum sólpalli og heitum potti. Húsið er sérlega vel um gengið og í góðu ástandi, mjög gott fjölskylduhús.
**Verð 56,4 milljónir. Frekari upplýsingar veitir Finnbogi Hilmarsson fasteignasali.**

530 6500 **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** 530 6500

## tilkynningar

GARÐUR

### Tillaga að deiliskipulagi Útgarðs í Sveitarfélaginu Garði

Bæjarstjórn Garðs samþykkti á fundi 3.6.2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Útgarð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er 5 ha að stærð og er vestast í Útgarði.

Tillagan fjallar um gistiaðstöðu, verslun og þjónustu, aðkomu og skilmála. Afmarkaðar eru 9 lóðir. Deiliskipulagstillagan verður aðgengileg á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Garðs og heimasíðu www.svgardur.is, **frá 11. júní til 4. ágúst.** Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast til skipulags- og byggingarfulltrúa í síðasta lagi 4. ágúst, annað hvort á Sunnubraut 4, 250 Garður eða á netfangið jonben@svgardur.is

***Skipulags- og byggingarfulltrúi***
***Jón Ben Einarsson***

Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit

### Auglýsing á sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Mjólkurbúið ehf.

Með vísan til 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mun tillaga að sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir neðangreint fyrirtæki liggja frammi hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 1. hæð, frá 11. júní til 10. júlí 2015. Einnig eru starfsleyfisskilyrðin aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.

| Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum | Almenn skilyrði | Sértæk skilyrði | Reglugerð 785/1999 | Staðsetning |
|---|---|---|---|---|
| Mjólkurbúið ehf./12 ár | X | X | X | Bæjarflöt 5-7 |

**Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:**
1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

***Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirlit***
***Borgartún 12-14, 105 Reykjavík***
***sími 411 1111***

## atvinna

**Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. auglýsir eftirfarandi stöðu lausa til umsóknar**

### Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa:

Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa starfar með byggingarfulltrúa við alla almenna meðferð byggingarmála samkvæmt mannvirkjalögum og byggingarreglugerð, svo sem við yfirferð teikninga og úttektir.

Hæfniskröfur eru háskólapróf á sviði byggingarverkfræði, byggingartæknifræði eða byggingarfræði og góð almenn tölvukunnátta. Reynsla af sambærilegum störfum og / eða við hönnun bygginga er æskileg.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga.
Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst.

Skipulag- og byggingafulltrúi Uppsveita bs. er staðsett á Laugarvatni og þjónar sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Ásahreppur.

Umsóknir skulu berast embættinu að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni, **fyrir lok dags 19. júní n.k.** Nánari upplýsingar um starfið veita Helgi Kjartansson byggingafulltrúi (helgi@sudurland.is) og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi (petur@sudurland.is) í síma 486 1145 milli kl. 9 og 12 alla virka daga.

Kaupstaður FASTEIGNA



Einar Harðarson
Lögg. fasteignasali

### Sautjándajúnítorg 7, bjalla 414




**Glæsileg útsýnisíbúð.**
**Opið hús fimmtudag 11.júní kl 17:00 til 17:30**
Penthouse íbúð fyrir 50 ára og eldri með glæsilegu útsýni í Sjálandshverfi Garðabæjar. 3ja-4ja herbergja íbúð (144 fm) á 4 hæð í lyftuhúsnæði. **Verð: 57 millj.**
**Nánari upplýsingar í síma:**
**Einar í síma: 662-5599 eða Guðrún í síma: 663-2725**

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Capacent Ráðningar
Umsækjendur og atvinnurekendur • www.capacent.is
capacent

# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 20% afsláttur

### af öllum AEG vörum í nokkra daga




ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |


NÝTT ÚTLIT - NÝIR TÍMAR
NÝ VERSLUN
ELKO
VIÐ ENDURTÖKUM LEIKINN FRÁ SÍÐUSTU HELGI
FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!
ATH: Tilboðin gilda eingöngu í ELKO Lindum 11. - 14. júní
26% afsláttur
20 stk.
Verð áður 104.995
77.777
eða 6.858 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 82.300 kr. - ÁHK 17,9%
190 cm
Einnig í stáli
GBB539PZCZB
20 stk.
Verð áður 114.995
84.995
eða 7.721 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 92.650 kr. - ÁHK 16,5
A++ Orkuflokkur
227 Lítra kælir
91 Lítra frystir
LG
KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR
• Stafrænt stjórnborð og LED lýsing
• „NoFrost“ skápur með „Multi Air Flow“
• „Linear“ mótor með 10 ára ábyrgð
• Fullur skúffuútdráttur við 90° opnun
GBB539SWCZB
26% afsláttur
IP-68 ryk- og vatnsþolinn
Þolir allt að 1,5 m undir vatni í 1 klst.
IPS 4,8" snertiskjár (960x540)
SONY
100 stk.
Verð áður 44.995
29.995
33% afsláttur
SONY
GSM-XPERIA M2 AQUA
• IP-68 þolir allt að 1,5 m undir vatni í 1 klst.
• IPS 4,8” snertiskjár (960x540)
• 8Mpix myndavél. Full HD video
• 4 kjarna 1,2 GHz örgjörvi
• 1GB vinnsluminni. 8GB minni
SONYM2AQUABLA

150 stk.

Verð áður 4.995

**2.995**

40% afsláttur

CLATRONIC

**RAFMAGNSPANNA**

- Eldar, steikir, gufusýður og afþíðir
- 32 cm í þvermál og 3,5 cm djúp
- 1500W og viðloðunarfrítt yfirborð
- Hitaeinangruð handföng

PP3401C

200 stk. alls

Verð áður 4.795

**3.495**

27% afsláttur

KÖNIG

**ÚTVARPSTÆKI**

- AM/FM útvarp
- Heyrnartólatengi
- 4 litir í boði

HAVTR 10 / 11 / 12 / 13

50 stk.

Verð áður 4.995

**2.995**

40% afsláttur

gioteck

**BLUETOOTH HEADSET**

- Geoteck bluetooth headset fyrir Playstation 3

PS3GIOHSBT01

50 stk.

Verð áður 13.995

**9.797**

30% afsláttur

TURTLE BEACH

**HEYRNARTÓL**

- Turtle Beach tölvuheyrnartól fyrir Playstation með útskiptanlegum eyrnaplöttum, 4 mismunandi útlit. Tengimöguleikar eru 3,5 mm mini-jack, RCA og USB

TBEARMARVELSH

4 kjarna örgjörvi

Fjórir litir í boði

100 stk.

Verð áður 24.995

**17.995**

27% afsláttur

NOKIA

**GSM-LUMIA 630**

- Windows 8.1. 4,5" IPS LCD (480x854). Gorilla Glass 3
- 1,2GHz 4 kjarna örgjörvi 8GB minni
- 512MB vinnsluminni
- 5MP myndavél og HD upptaka (720p)

NOKLUM630(BLA/GREE/ORAN/WHI)

**100 kr.**

Yfir 100 DVD titlar á 100 kr. stk.

DC DUAL CORE · WiFi · 3D · 1500Hz · reddot design award · 47"

10 stk.

Verð áður 139.995

**109.995**

eða 9.877 kr. á mánuði

miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 118.525 kr. - ÁHK 14%

21% afsláttur

TOSHIBA

**LED SNJALLSJÓNVARP 3D**

- Full HD – upplausn 1920x1080
- 1500Hz AMR+
- 4xHDMI, 1xSCART, 1xComponent, 1xOptical o.fl.
- 3xUSB tengi fyrir myndbönd, tónlist og ljósmyndir
- Stafrænn móttakari – DVB-T2/C
- Gervihnattamóttakari – DVB-S2
- Passive 3D – 4 gleraugu fylgja
- Smart TV með innbyggðum netvafra og
- Dual Core örgjörva
- 30W hátalarar
- 2014 RedDot Award sigurvegari

47L7463DN

**Kíktu í ELKO Lindum, fjöldi annarra opnunar-tilboða**

ELKO LINDIR

## Veðurspá

Fimmtudagur

Í dag er búist við norðaustan 3-8 m/s og skúrum eða rigningu víðast hvar, en ætti að haldast þurrt á Vesturlandi og þar gæti jafnvel sést til sólar. Hann hvessir heldur vestanlands og birtir til í kvöld. Það kólnar fyrir norðan og austan, en suðvestanlands verður 10 til 12 stiga hiti þegar best lætur.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** niður, **6.** þys, **8.** hamfletta, **9.** gerast, **11.** fyrir hönd, **12.** skjálfa, **14.** steintegund, **16.** karlkyn, **17.** aska, **18.** stansa, **20.** bókstafur, **21.** ferðast.

**LÓÐRÉTT**
**1.** unaður, **3.** tveir eins, **4.** plöntutegund, **5.** lík, **7.** möttull, **10.** skst., **13.** flan, **15.** bakhluti, **16.** hugfólginn, **19.** ólæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ofan, **6.** ys, **8.** flá, **9.** ske, **11.** pr, **12.** títta, **14.** kvars, **16.** kk, **17.** sót, **18.** æja, **20.** sé, **21.** rata.
**LÓÐRÉTT: 1.** lýst, **3.** ff, **4.** alparós, **5.** nár, **7.** skikkja, **10.** ety, **13.** ras, **15.** stél, **16.** kær, **19.** at.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Óskar Long Einarsson (1.648) fann snaggaralega leið til sigurs gegn Vitterio Sorbelli (1.849) á Sardiníu.**
**Hvítur á leik**
**36. Hxg7+! Dxg7 37. Rf6+ Kg8 38. Rxd5** og Ítalinn gaf. Almennt hefur gengið vel hjá íslensku keppendunum á Sardiníu.
www.skak.is: Allt um Sardiníu-mótið



# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 8 | |
| 1 | 5 | | | 2 | | 9 | | |
| | 3 | 2 | | 6 | | | | 5 |
| 9 | | 5 | | | | 6 | 1 | |
| | | | 7 | 3 | 6 | | 5 | |
| 3 | 8 | | 1 | | | | 7 | |
| | 4 | 8 | | 7 | 2 | | | |
| | | | 3 | | | 4 | | 7 |
| | 2 | | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | 3 | 6 | | 9 |
| | | | | 7 | | 1 | | |
| | 2 | 3 | | 4 | | | 7 | |
| | 1 | | | | | | 4 | |
| 3 | | 6 | 4 | | | | | |
| 7 | 9 | | | 5 | | | | |
| 6 | | | | | 7 | 3 | | |
| 8 | | | 2 | | | 4 | | |
| 9 | 5 | | 3 | | | | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 7 | | 6 | 4 | 8 | |
| | | | | | | 7 | | |
| 7 | | | | 2 | 4 | | | |
| | 3 | | | 4 | 1 | 5 | 9 | |
| | 5 | | | | 7 | | | |
| | 6 | | | | 8 | | | 3 |
| | 9 | 1 | | | | | 2 | 8 |
| | | | 6 | | | | | 5 |
| | | | 9 | | | | 4 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 | 4 |
| 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 |
| 2 | 6 | 7 | 3 | 1 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 |
| 4 | 8 | 6 | 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 9 | 2 | 1 | 7 | 4 | 3 | 6 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 1 | 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 |
| 9 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 2 | 6 | 1 |
| 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 |
| 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 | 8 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 7 | 9 | 6 |
| 5 | 1 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 3 | 2 |
| 7 | 6 | 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 4 | 8 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 4 | 9 | 2 | 7 | 1 |
| 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 9 | 2 | 5 | 7 | 1 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 3 | 2 |
| 3 | 2 | 4 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 5 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 | 2 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM SUMARSMELLUM

**SMELLTU Á KÖRFUNA**

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**40% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM SONIC GEAR HEYRNARTÓLUM Í JÚNÍ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!




VERÐ ÁÐUR 1.690

### AIRPLUG100

Flott tappaheyrnartól með mjúkum þægilegum gúmmí töppum, og verðið tryggir eitt sett á mann :)

**995**

VINSÆLL SUMARSMELLUR;)

**40% AFSLÁTTUR** VERÐ ÁÐUR 4.990

**2 LITIR**




### EARPUMPSTUDIO

Frábær lokuð heyrnartól frá SonicGear með samanbrjótanlega spöng, henta vel til að ferðast með, létt og þægileg

**2.995**

GLÆSILEG HEYRNARTÓL

**HÁGÆÐA VATNS- OG VEÐURÞOLIN GÚMMÍ TAPPA HEYRNARTÓL**




### SENNHEISER SPORTS

Ein bestu heyrnartólin í rækt og útivist, eru svita og vatnsþolin með flækjulausri snúru

**9.990**

CX 686G SPORTS HEYRNARTÓL

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

acer lenovo hp packard bell TOSHIBA Apple Microsoft intel

# Festisvall fer til fjögurra borga

Listahátíðin Festisvall fagnar fimm ára afmæli í sumar með tónleikum og myndlist.

Listahátíðin Festisvall fagnar fimm ára starfsafmæli í sumar í fjórum Evrópuborgum með tónleikum og myndlistarsýningu.

„Þetta átti að vera voðalega einfalt allt saman, við ákváðum að gera plakatasýningu af því að það væri einfalt og þægilegt að ferðast með,“ segir Dóra Hrund Gísladóttir, myndlistarkona og annar stjórnandi Festisvalls.

„Það hafa allir búnir verið svo til í þetta og við erum búin að fá góðar viðtökur, þess vegna er þetta búið að stækka svona mikið,“ segir hún en undirbúningur afmælishátíðarinnar, sem nefnist Festisvall Fünf, hófst í desember. Festisvall hóf göngu sína árið 2010 í Hjartagarðinum og var stofnuð af myndlistarmanninum Árna Má Erlingssyni. Festisvall Fünf ferðast frá Reykjavík til Leipzig, Berlínar og Amsterdam og taka tuttugu íslenskir, þýskir og hollenskir listamenn þátt í hátíðinni. „Við erum að fara með sömu sýninguna í fjögur rými en hún er í rosalega mismunandi samhengi á hverjum stað þó að þetta séu sömu verkin.“

Sýningin verður sett upp þann 22. ágúst í almenningsrými á Hverfisgötu í samstarfi við Kex Hostel. Tónleikarnir fara fram daginn áður í Iðnó þar sem fram koma Berndsen, Hermigervill, Good Moon Deer, M-Band og East of My Youth. - gló



**ALLT Á FULLU** Dóra og Árni eru nú á fullu við að undirbúa afmælishátíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM












**FYRIRMYND** Anna Þorvaldsdóttir segist eiga að erfitt með að sjá sig sem fyrirmynd ungra kvenna við tónsmíðar.

MYND/SAGA SIG

# Gefur tónlistinni líf

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands verða sérstakir kvennatónleikar og þar verða flutt verk eftir þrjár konur. Þeirra á meðal er Anna Þorvaldsdóttir sem nýverið vann til virtra tónlistarverðlauna hjá Fílharmóníunni í New York.

**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is



„Það er vissulega frábært að standa fyrir svona tónleikum en að sama skapi leiðinlegt að þess sé þörf. En þetta er gott framtak hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og þá sérstaklega að fá svona flotta konu eins og Ligia Amadio stjórnanda,“ segir Anna Þorvaldsdóttir tónskáld en í kvöld verða sérstakir kvennatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Á efnisskrá tónleikanna er píanókonsertinn Slátta eftir Jórunni Viðar, Dreymi eftir Önnu Þorvaldsdóttur og Gelíska sinfónían eftir bandaríska tónskáldið Amy Beach. Einleikari í Sláttu verður Ástríður Alda Sigurðardóttir, sem er á meðal okkar helstu píanóleikara af yngri kynslóðinni.

### Þurfum fyrirmyndir

Anna Þorvaldsdóttir segir að Ligia sé bæði frábær stjórnandi og brautryðjandi fyrir konur á þessum vettvangi og reyndar alveg sérstaklega í Suður-Ameríku. Ligia er frá Brasilíu og starfar sem aðalhljómsveitarstjóri Fílharmóníusveitarinnar í Bogotá í Kólumbíu.

„Konum er vissulega aðeins að fjölga á meðal hljómsveitarstjóra en það gerist hægt. Helst til of hægt í rauninni. Málið er að ungar konur þurfa fyrirmyndir til þess að sjá að þetta er hægt – sjá að þær geta fetað þessa braut. Hið sama gildir um tónskáldin.

Þegar ég var að byrja sem tónskáld þá reyndi ég vissulega að finna slíkar fyrirmyndir en það er ekki mikið flutt af verkum kventónskálda. En þetta er að verða meira og meira og það skiptir miklu máli. Það er samt erfitt fyrir mig að meta það hvort ég sé fyrirmynd í augum yngri kvenna sem hafa áhuga á að leggja fyrir sig tónsmíðar. En ég vinn mikið og reyni að vera góð fyrirmynd.“

### Verðlaunin lífga tónlistina

Anna hlaut nýverið hin virtu Marie-Josée Kravis Prize for New Music sem Fílharmónían í New York veitir. „Vissulega finn ég að verðlaun sem þessi skipta máli enda er eftir þeim tekið. Í grunninn er það samt tónlistin sem er hið eiginlega framlag og skiptir mestu máli og það er fullt af fólki að gera góða hluti í heimi tónlistarinnar í dag. Ég lít því á verðlaun sem ákveðna vegsemd fyrir tónlistina.

Auðvitað er þetta mikil hvatning fyrir mig og þá ekki síst að fá að vinna með Fílharmóníusveitinni í New York. Það gerir tónlistinni minni fært að lifna við og það er það dýrmætasta í þessu og að fá að skuli verið að vinna með nýja tónlist á þessum vettvangi. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einmitt verið mikið í að flytja nýja tónlist og er í raun á meðal hljómsveita sem eru í fararbroddi í heiminum í þessum efnum.“

### Sérstök upplifun

Anna segir að þótt hún búi í Reykjavík sé hún óneitanlega mikið á faraldsfæti vegna starfsins. „Ég ferðast mikið til bæði Bandaríkjanna og Evrópu. Vinn með ýmsum hópum og skemmtilegu fólki en ég þarf að passa mig að hafa tíma til þess að semja.

Mér finnst líka mikilvægt að vera hluti af flutningi verkanna. Vil kynnast flytjendum hverju sinni og finn líka að þau vilja heyra í mér. Þessi æfingatími fyrir flutninginn á verkunum er alltaf sérstök upplifun sem mér finnst vera mikilvægur hluti af þessu. Þannig nýt ég þess að vinna og fylgjast með stjórnanda koma með ferska nálgun – eins og til að mynda hjá Ligia á tónleikum kvöldsins.“

magnus@frettabladid.is





# SUMAR- OG GRILLRÉTTIR **EYÞÓRS**

Glænýir, girnilegir og sumarlegir grillþættir með meistarakokknum Eyþóri Rúnarssyni. Í þáttunum sýnir hann okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í rétta sumarskapið.

365.is | Sími 1817



**ÁNÆGÐ** Sóley er ánægð með viðbrögðin sem platan hefur fengið en hún ákvað að gera hana eins og hún vildi hafa hana. MYND/INGIBJÖRGBIRGISDÓTTIR

# Gleymdi teikningunni á hótelherbergi í Berlín

Sóley fagnar útgáfu sinnar annarrar breiðskífu, Ask the Deep, í Fríkirkjunni í kvöld.

Tónlistarkonan Sóley efnir til tónleika í kvöld þar sem hún fagnar útgáfu plötunnar Ask the Deep.

Sóley er nýkomin heim úr vel heppnaðri tónleikaferð um Evrópu sem hún segir hafa gengið vel, verið mikla keyrslu, og ágætlega vandræðalausa en að lítið hafi verið sofið. „Það var eitt svolítið fyndið. Þegar ég var í Póllandi og var að labba af sviðinu sé ég að einn gaur stendur og veifar einhverju að mér.“ En Sóley segir það talsvert algengt að aðdáendur komi með gjafir á tónleika, geisladiska eða jafnvel heimagert föndur.

„Hann réttir upp risastóra blýantsteiknaða A2-mynd af mér sem hann hafði teiknað sjálfur. Ég tók hana með baksviðs og hafði ekki hugmynd um hvað ég ætti að gera við hana.“

Sóley segir að staðið hafi til að gefa móður sinni myndina en blýantsteikningin náði því miður ekki heim til Íslands. „Hún gleymdist á hótelherbergi í Berlín. Vonandi hefur einhver sem fann hana hengt hana upp þar,“ segir hún og hlær.

Á tónleikaferðinni var Sóley að fylgja eftir sinni annarri breiðskífu, Ask the Deep, sem kom út þann 12. maí síðastliðinn og hefur fengið góða dóma í erlendum miðlum. „Viðbrögðin við plötunni hafa verið jákvæð, sem er gaman. Það er alltaf svolítið erfitt að koma með plötu númer tvö og hún er aðeins öðruvísi en fyrsta platan,“ segir Sóley og bætir við: „Ég gerði hana bara eins og ég vildi hafa hana og ég held að það sé mikilvægt.“ Ask the Deep er dekkri og þyngri plata heldur en hennar síðasta breiðskífa hennar, We Sink, sem kom út árið 2011.

➜ Hann réttir upp risastóra blýantsteiknaða A2-mynd af mér sem hann hafði teiknað sjálfur. Ég tók hana með baksviðs og hafði ekki hugmynd um hvað ég ætti að gera við hana.

Tónleikarnir í kvöld eru fyrstu útgáfutónleikar Sóleyjar hérlendis. „Ég hef aldrei hugsað út í það að halda útgáfutónleika. Ég hef gefið út tvær EP og eina breiðskífu og langaði bara til þess að prófa að halda útgáfutónleika.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 í Fríkirkjunni. Miðaverð er 2.500 krónur og hægt er að nálgast miða á midi.is.

gydaloa@frettabladid.is


RISTAÐ BRAUÐ
• með Dualit Architect •



Dualit.

Brauðrist
• 2 brauðsneiðar
• Auðvelt að þrífa
Kr. 18.032,- m.vsk.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar - opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### 11. JÚNÍ 2015

### Tónleikar

**19.30** Stór hljómsveitarverk eftirtektarverðra tónskálda; baráttukvenna og brautryðjenda verða í brennidepli þegar aldarafmælis kosningaréttar íslenskra kvenna verður minnst á sögulegum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem fara fram í Hörpu.

**20.00** Hekla, portal 2xtacy og Arnljótur spila á Húrra. Húsið opnar 20.00 og tónleikar 21.00. Krystal Carma þeytir skífum eftir tónleikana.

**20.00** Sóley fagnar útkomu plötunnar Ask the Deep með útgáfutónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík. Húsið opnar kl. 20.00 og hefjast tónleikarnir hálftíma síðar. Miðaverð er 2.500 kr. og má nálgast miða á midi.is.

**21.00** Skemmtistaðurinn Gaukurinn ætlar að bjóða öllum sem vilja að stíga upp á svið, leika sér með hljóðfærin sín og skapa tónlist saman! Ekki er þörf á að skrá sig fyrir fram heldur mætir þú einfaldlega á svæðið og hoppar upp á svið þegar tækifæri gefst. Á staðnum verður gítar, trommusett og að sjálfsögðu vocal mics. Annars er langbest að koma með sín eigin hljóðfæri. Hefst klukkan 21.



**22.00** Hljómsveitin Flakk heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, í kvöld. Aðgangur er ókeypis!

### Listasmiðja

Í sumar verður boðið upp á listsmiðjur fyrir börn á aldrinum 6-12 ára í Hafnarborg. Í fyrra fylltist fljótt á námskeiðin sem eru bæði skemmtileg og uppbyggjandi. Farið verður í rannsóknarleiðangra og undirstöðuatriði myndlistar kynnt bæði í gegnum það að rannsaka umhverfið, sýningarnar í safninu og með skapandi vinnu. Unnin verða skapandi verkefni í fjölbreytta miðla, teiknað, málað og mótað, með það að markmiði að þjálfa sjónræna athygli, örva skapandi hugsun og persónulega tjáningu barnanna.

### Sýningar

**12.10** Dr. Margaret E. Willson mun leiða gesti um sýninguna SJÓKONUR í Sjóminjasafni Reykjavíkur, en hún fjallar um sögu íslenskra kvenna sem sóttu sjóinn, í fortíð og nútíð.





### Fræðslufundir

**12.00** Fundur fólksins er lífleg þriggja daga hátíð um samfélagsmál. Þar kemur saman fólk úr ólíkum áttum til að ræða hin ýmsu málefni sem snerta okkur öll. Aðstandendur Fundar fólksins eru Norræna húsið, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Almannaheill, Norræna félagið, samstarfsráðherra Norðurlanda og Reykjavíkurborg. Eygló Harðardóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, Mikkel Harder, forstjóri Norræna hússins, og tónlistarmaðurinn KK munu ávarpa gesti. Kynnir er Gunnar Sigurðarson, talsmaður Fundar fólksins.

**18.00** Málþinginu Gilt eða ógilt er ætlað að varpa ljósi á viðurkenningu á menntun innflytjenda sem ekki var aflað á Íslandi. Reynslusögur segja að erfitt er fyrir fólk af erlendum uppruna að fá menntun viðurkennda hér á landi. Þetta á líka við um þá sem öðlast háskólagráðu frá evrópskum háskólum, þar sem evrópska viðurkenningarkerfið fyrir námseiningar (ECTS) gildir. Málþingið fer fram í Norræna húsinu.

### Tónlist

**12.00** Plata sveitarinnar Úlfur Úlfur fer í allar helstu plötuverslanir. Platan ber titilinn Tvær plánetur og var þrjú ár í vinnslu. Úlfur Úlfur er ein vinsælasta rappsveit landsins og koma meðlimir hennar frá Sauðárkróki.

**20.00** MARTEINN leikur á Prikinu í kvöld. Kvöldið er liður í ítarlegri sumardagskrá á Prikinu. Par leika gjarnan plötusnúðar kvöld hvert og er af nægu af taka. Staðurinn er opinn frá morgni til kvölds.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



# HÁSKERPU 4K OFURUPPLAUSN

## Philips Ambilight sjónvarp með Android stýrikerfinu




PHILIPS



- Glæsileg rammalaus hönnun
- Ultra HD – 4K ofur háskerpuupplausn 3840x2160
- Pixel Precise Ultra HD myndvinnsla með quad core örgjörva
- Alvöru myndgæði með 600Hz PMR Ultra, Perfect Natural Motion og Micro Dimming Pro
- Ambilight baklýsing, eykur upplifun til muna
- Android stýrikerfi , nýr heimur leikja, kvikmynda og afþreyingar, til dæmis sjónvarp Símans og Google Play Movies beint í tækið
- Twin tuner – hægt að horfa á eina stöð og taka upp aðra á sama tíma
- Snjöll fjarstýring – Vönduð fjarstýring með músabendli, lyklaborði og hægt að tala við tækið!
- Endalausir möguleikar með Cloud TV, Simplyshare, Multiroom server, Dropbox og Miracast
- Hægt er að horfa á 3D myndir – 4 gleraugu fylgja!

ambi light 2 · með Android

ULTRA RESOLUTION · PixelPrecise ULTRA HD · Twin Tuner 2xDVB-T2 2xDVB-C 2xDVB-S2

QuadCore · 600Hz PMR ULTRA

**49”** Philips 49PUS7909
**TILBOÐ**
**179.995**
VERÐ ÁÐUR 229.995

**55”** Philips 55PUS7909
**TILBOÐ**
**249.995**
VERÐ ÁÐUR 349.995

PHILIPS

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**29 ára Shia LaBeouf**

**Þekktastur fyrir** leik sinn í Transformers-kvikmyndunum, Fury, Disturbia og Surf's Up.

## BÍÓFRÉTTIR

### Mynd um Ronaldo

Knattspyrnumaðurinn Cristiano Ronaldo hefur staðfest þann orðróm um að unnið sé að heimildarmynd um hann.
Myndin mun bera titilinn Ronaldo en kappinn staðfesti orðróminn á Twitter á dögunum.



Breski leikstjórinn Anthony Wonke, sem vann BAFTA-verðlaunin fyrir þáttaröðina The Tower: A Tale of Two Cities leikstýrir myndinni og mun Universal Pictures framleiða hana. Áætlað er að myndin verði tilbúin í haust.

## FRUMSÝNINGAR



**Entourage**
**Gamanmynd**
Leikarar: Adrian Grenier, Jeremy Piven, Kevin Connolly, Jerry Ferrara og Kevin Dillon.
**17. júní**

IMDb 7,6/10



**Paper Towns**
**Rómantískt drama**
Leikarar: Cara Delevingne, Nat Wolff, Halston Sage, Meg Crosbie og Austin Abrams.
**17. júní**



**Inside Out**
**Gamansöm teiknimynd**
Leikarar: Diane Lane, Amy Poehler, Kyle MacLachlan, Mindy Kaling og Bill Hader.
**17. júní**

IMDb 9,1/10



**ROSA EÐLUR** Kvikmyndin Jurassic World er komin í kvikmyndahús og bíða eflaust margir eftir því að sjá risaeðlurnar á nýjan leik.

# Mun stærri Júragarður opnaður á ný

**Kvikmyndin Jurassic World var frumsýnd hér á landi í gær. Mikil eftirvænting var eftir myndinni en sögusvið hennar er sama eyja og fyrsta myndin gerðist á og eru risaeðlurnar enn flottari. Myndin hefur nú þegar fengið góða gagnrýni hjá erlendum gagnrýnendum.**




Garðsláttur.

FÁÐU GARÐSLÁTTINN Í ÁSKRIFT Í SUMAR.
Til fjölda ára hefur Garðlist þjónustað viðskiptavini sína með garðslátt í formi áskriftar. Við bjóðum upp á fjölmargar lausnir sem miða af viðhaldsþörf hverrar lóðar.
Hafðu samband, þetta gæti verið ódýrara en að kaupa sér nýja sláttuvél.

554 1989 www.gardlist.is

TRAUST ÞJÓNUSTA Í YFIR 20 ÁR
Frá því Garðlist ehf. var stofnað fyrir 26 árum síðan, höfum við haft það að leiðarljósi að veita framúrskarandi þjónustu fyrir garðinn á einum stað. Við þökkum þeim þúsundum einstaklinga, húsfélaga og fyrirtækja sem við höfum átt í viðskiptum við undanfarin ár, á saman tíma og við bjóðum nýja viðskiptavini hjartanlega velkomna.

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
Tunguhálsi 7 | 110 Reykjavík | 554 1989 | www.gardlist.is


Mikið var um að vera í helstu kvikmyndahúsum landsins í gærkvöldi þegar ein af stórmyndum sumarsins, Jurassic World, var frumsýnd hér á landi.

Kvikmyndin á að gerast tuttugu og tveimur árum eftir atburðina í myndinni Jurassic Park árið 1993 og er glænýtt framhald af einni vinsælustu kvikmyndaseríu allra tíma sem stórmeistarinn Steven Spielberg kom af stað.

Jurassic World gerist á eyjunni Isla Nublar sem er sögusvið fyrstu myndarinnar þar sem Júragarðurinn var fyrst reistur. Ekki tókst þó að opna garðinn sökum eftirminnilegra óhappa á prufustiginu og var eyjan brátt yfirtekin af risaeðlum af öllum stærðum og gerðum. Nú eru tuttugu og tvö ár liðin frá þeim atburðum og nú hefur verið opnaður nýr, miklu stærri og fjölbreyttari garður: Jurassic World.

Samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs er gert ráð fyrir að myndin muni skila talsverðum peningum í kassann á heimsvísu. Hún er sögð koma til með að verða tekjuhæsta risaeðlukvikmyndin hingað til en gert er ráð fyrir að innkoman af fyrstu sýningarhelginni verði um fimmtán milljarðar króna. Það gerir helgina að þriðju stærstu frumsýningarhelgi ársins, á eftir Fast and the Furious 7 og Avengers: Age of Ultron.

Af risaeðlumyndunum hefur Jurassic Park: The Lost World halað inn mest fé hingað til með um tíu milljarða króna fyrstu sýningarhelgina.

Til gagns og gamans reiknaði vefsíðan Fandango út að það myndi kosta rúma þrjú þúsund

> ➜ Jurassic World gerist á eyjunni Isla Nublar sem er sögusvið fyrstu myndarinnar þar sem Júragarðurinn var fyrst reistur. Ekki tókst þó að opna garðinn sökum eftirminnilegra óhappa á prufustiginu og var eyjan brátt yfirtekin af risaeðlum, af öllum stærðum og gerðum. Nú eru tuttugu og tvö ár liðin frá þeim atburðum og nú hefur verið opnaður nýr, miklu stærri og fjölbreyttari garður.

milljarða íslenskra króna að byggja Júragarðinn eins og hann kemur fram í Jurassic World. Þetta kom fram í myndbandi sem gefið var út til að kynna myndina. Jafnframt kom út að viðhaldskostnaður á ári yrði 11,9 milljarðar dala, eða um 1.600 milljarðar íslenskra króna, þannig að það er harla ólíklegt að garður sem þessi verði nokkurn tímann að veruleika.

Aðalhlutverkin í Jurassic World leika þau Chris Pratt, Judy Greer, Vincent D'Onofrio, Bryce Dallas Howard og Ty Simpkins. Colin Trevorrow leikstýrir myndinni. Myndin hefur fengið góða gagnrýni í erlendum miðlum eins og fjórar stjörnur af fimm mögulegum í The Guardian og í The Telegraph. Þá er myndin með 8,5 í einkunn á IMDB.

gunnarleo@frettabladid.is


ÍSINN MEÐ GULA LOKINU
Skafís
Í TILEFNI DAGSINS
– ALLA DAGA
Skafís
MEÐ SÚKKULAÐISÓSU
1,0 lítri
emmessís
MEÐ VANILLUBRAGÐI
MEÐ SÚKKULAÐISÓSU
HNETUÍS MEÐ KARAMELLUSÓSU
emmessís

## UPPÁHALDS HLAÐVARPIÐ | NERDIST




**Vikulegur viðtalsþáttur**

**Hófst** 8. febrúar 2010

**Fjöldi þátta** 687

**Þáttastjórnendur** Chris Hardwick ásamt Jonah Ray og Matt Mira

**Þemalag** Jetpack Blues, Sunset Hues með Anamanaguchi



**Hrafn Jónsson,** pistlahöfundur og kvikmyndagerðarmaður

„Ég er nýbúinn að uppgötva hlaðvörp og nota þau nær eingöngu sem svefnmeðal. Ástandið er svo alvarlegt að ég hef vaknað upp við það að hvítu Apple-heyrnartólin voru búin að vefjast utan um hálsinn á mér og byrjuð að murka úr mér lífið. Hlaðvarpið Nerdist er í miklu uppáhaldi en þar ræðir hópur af nördum og nördynjum um grín, kvikmyndir, sjónvarpsþætti og allt sem tengist nördisma–oft geggjuð viðtöl við alls konar kempur–var til dæmis að hlusta á meistara John Cusack í nótt. Hann hefur það ágætt.“

### Hrafn hlustar einnig á þessi hlaðvörp



**The Joe Rogan Experience**
Grínistinn, UFC-lýsandinn og leikarinn Joe Rogan fær til sín gesti í spjall. Kosið the Best Comedy Podcast of 2012 á iTunes.



**Fighter & The Kid**
Vikulegt hlaðvarp um allt milli himins og jarðar. Stjórnað af UFC-keppandanum Brendan Schaub og leikaranum og grínistanum Bryan Callen.



**Scriptnotes**
Handritshöfundarnir John August og Craig Mazin ræða handritaskrif og tengd umfjöllunarefni í kvikmynda- og sjónvarpsbransanum.

# Myndbirtingin kom talsvert á óvart

Ljósmyndarinn Ingi Árnason skráði sig í Copenhagen Photo Festival en datt ekki í hug að mynd eftir hann myndi enda á forsíðu menningarhluta danska blaðsins Politiken. „Ég var bara heppinn, ég veit ekki af hverju þeir völdu mína mynd úr þessum þúsundum mynda.“

Inga Árnasyni, sjálfstætt starfandi ljósmyndara í Kaupmannahöfn, brá í brún þegar rigna tók yfir hann textaskilaboðum með hamingjuóskum vegna ljósmyndar eftir hann sem prýddi forsíðu menningarhluta danska dagblaðsins Politiken á dögunum.

„Það er ljósmyndahátíð í gangi hér í tíu daga og það eru fleiri en þúsund myndir á sýningunni en ég komst í þeirra eigin ritskoðuðu sýningu sem þeir sjálfir halda,“ segir Ingi ánægður en sýningin sem um ræðir er Copenhagen Photo Festival og önnur af myndunum sem Ingi sendi inn í keppnina rataði líkt og áður sagði á forsíðu menningarhluta Politiken sem samkvæmt dreifingartölum frá árinu 2013 er dreift til 88.597 manns og því myndbirting í blaðinu talsverður áfangi. „Ég var bara heppinn, ég veit ekki af hverju þeir völdu mína mynd úr þessum þúsundum mynda,“ segir hann hógvær.

„Þetta er náttúrulega mikil hvatning fyrir mig, bæði persónulega og hvað frama snertir,“ segir hann glaður og bætir við: „Það er alltaf gott að fá klapp á bakið í þessum bransa þegar maður er að vinna sjálfstætt.“

Sjálfur hafði Ingi ekki hugmynd um myndbirtinguna. „Ég fór bara í bakaríið og keypti blaðið, var ekki einu sinni búinn að opna það þegar ég fékk sms og svo komu bara fleiri og fleiri. Maður var ekki einu sinni að leiða hugann að möguleikanum,“ segir Ingi sem var að borða morgunmat með konu sinni og börnum í rólegheitunum þegar fregnirnar bárust.

Ingi hefur verið sjálfstætt starfandi í Danmörku frá því í desember og segir fara vel um sig og fjölskylduna í Kaupmannahöfn. „Ég flutti hingað 2009 og er kominn með börn og konu og það fer vel um mig. Það er gott fyrir ljósmyndara að vera hérna, þetta er stór vettvangur.“

Ingi ferðaðist með fyrirsætuna, Hönnu, til Íslands þar sem hann skaut seríu og landslagsmyndir en forsíðumyndin er tekin í Noregi. „Við fórum skömmu seinna til Íslands og hún var með þegar ég tók landslagsmyndirnar en var bara í bílnum. Það var þokkalega kalt en engu líkt,“ segir hann hress. „Þegar mann vantar innblástur er alltaf gott að koma heim.“

Ingi hefur að eigin sögn mestan áhuga á því að mynda fólk þótt hann taki einnig landslagsmyndir. Ljósmyndaáhuginn vaknaði árið 2009 og hélt áfram að vaxa og hann skráði sig í nám sem hann kláraði árið 2011. „Ég er mikið að vinna með myndir af fólki. Vinn mikið með andlit og líkamstjáningu, hvernig fólk kemur fyrir og annað. Mér finnast andlitin og týpurnar mest spennandi,“ segir hann og bætir við að oft þurfi að beita talsverðum sannfæringarkrafti til þess að fá fólk til þess að sitja fyrir. „Ef ég finn einhverja persónu sem mér finnst spennandi þá gefst ég eiginlega ekki upp fyrr en ég fæ að mynda hana. Það var einmitt þannig með Hönnu, það tók alveg ár að fá hana til að leyfa mér að mynda sig. Hún er albínói og fékk að líða svolítið fyrir það en svo á endanum samþykkti hún að vera með,“ segir Ingi og bætir við að þau séu auðvitað bæði ánægð með að hún hafi slegið til.

gydaloa@frettabladid.is



**„Ef ég finn einhverja persónu sem mér finnst spennandi þá gefst ég eiginlega ekki upp fyrr en ég fæ að mynda hana.**

*Ingi Árnason*


COPENHAGEN PHOTO FESTIVAL 4.-14. JUNI 2015

**FORSÍÐA** Myndin sem prýddi forsíðu menningarhluta Politiken en hún var tekin í Noregi. MYND/INGI

VIRTUS leigumiðlun kynnir: VIRTUS payroll Nóta

## Skrifstofur í 105

**VIRTUS leigumiðlun er með til leigu stakar skrifstofur í Skipholti 50 d. 2. hæð.**

*Frekari upplýsingar á leigumidlun@virtus.is*

Skrifstofurnar eru frá 17 – 25 m² með aðgengi að móttökuritara, fundarherbergjum, kaffistofu og fleiru. Húsið er snyrtilegt lyftuhús með góðri aðkomu og nægum bílastæðum.

## Íbúð í Norðlingaholti

**Falleg 76 m² tveggja herbergja íbúð í nýlegu lyftuhúsi í Norðlingaholti.**

Rúmgóð og björt íbúð á annarri hæð með suðursvölum. Forstofa, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús, stofa, svalir, svefnherbergi og baðherbergi.

*Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á leigumidlun@virtus.is*

**Nánari lýsing:**
Forstofa með rúmgóðum skáp. Þvottahús með gólfflísum og hillum. Sjónvarpshol.
Rúmgóð stofa með hurð út á stórar suðursvalir. Eldhús inn af stofunni með góðri innréttingu og tækjum.
Rúmgott svefnherbergi með skáp.
Baðherbergi með baðkeri, allt flísalagt.
Vandaðar innréttingar.

Íbúðin er laus frá 6. júlí n.k. og leigist á 170 þús. á mánuði og er innifalið í leiguverði hússjóður, hiti og rafmagn. Leiga er greidd fyrirfram og auk þess sem trygging sem nemur þriggja mánaðar leigu er skilyrði.

# Gera ráð fyrir tvöfalt stærri tónleikum

Tónleikahátíðin Sumargleðin fyrir unglinga í 8. til 10. bekk fer fram í annað sinn í kvöld í Kaplakrika.



BJARNI HALLGRÍMUR

„Við sjáum fram á að viðburðinn verði tvöfalt ef ekki þrefalt stærri í kvöld heldur en í fyrra,“ segir Bjarni Hallgrímur Bjarnason, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar Sumargleðinnar. Um er að ræða hátíð fyrir öll ungmenni í 8.–10. bekk í grunnskóla sem fram fer í Kaplakrika í kvöld. Bjarni og Grímur Óli Geirsson reka viðburðafyrirtækið Basic House Effect, sem stendur á bak við hátíðina.

Um 1.200 unglingar mættu á tónleikana í fyrra. „Þetta verða allavega yfir tvö þúsund unglingar í ár. Við leggjum mikið upp úr umgjörðinni og viljum leyfa unglingunum að upplifa alvöru stórtónleika.“

Þar koma fram margir af vinsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar eins og Friðrik Dór, AmabAdamA, Jón Jónsson, María Ólafsdóttir og margir fleiri.

Skipuleggjendur hátíðarinnar leggja mikið upp úr öryggi unglinganna á hátíðinni. „Við leggjum mikið upp úr öryggi unglinganna, það er númer eitt, tvö og þrjú. Við erum auðvitað að vinna þetta í samstarfi við félagsmiðstöðvarnar í Hafnarfirði og fleiri aðila.“ Sumargleðin er styrktarsöfnun þar sem ágóðinn rennur óskertur til Barnaspítala Hringsins. Miðasala fer fram við dyr.



MARÍA ÓLAFSDÓTTIR

Afmælistónleikar

19. september 2015

# Maggi Eiríks
# 70 ára



**Reyndu aftur**
**Braggablús**
**Elska þig**
**Vegurinn heim**
**Samferða**
**Ó, þú**

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar. **Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.**

**Aukatónleikar**

**Kl. 21 – Uppselt**
**Kl. 17 – Aukatónleikar**

**Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is**

HARPA

DÆGURFLUGAN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| JURASSIC WORLD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JURASSIC WORLD 2D VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SAN ANDREAS 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| GOOD KILL | KL. 10:30 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| SAN ANDREAS 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 - 10:40 |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| JURASSIC WORLD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| SAN ANDREAS 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SPY | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 - 10:30 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| JURASSIC WORLD 3D | KL. 8 - 10:30 |
| SPY | KL. 10:20 |
| SAN ANDREAS 2D | KL. 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| SAN ANDREAS 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:30 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 - 10:30 |




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| JURASSIC WORLD 2D | 5, 8, 10:35(P) |
| SAN ANDREAS 3D | 10 |
| SPY | 8, 10:30 |
| HRÚTAR | 4, 6, 8 |
| PITCH PERFECT 2 | 5 |




**THE SIMPSONS** Á meðan allt lék í lyndi.

## Homer og Marge skilja

Aðdáendur The Simpsons eru margir hverjir gríðarlega áhyggjufullir, en svo virðist sem Homer og Marge bindi enda á tuttugu og sjö ára hjónaband sitt í næstu seríu þáttanna. Lét Al Jean, einn framleiðenda þáttanna, hafa þetta eftir sér í viðtali á dögunum. Jafnframt sagði hann að Homer yrði ekki lengi einsamall, því hann myndi fljótlega verða bálskotinn í lyfjafræðingi nokkrum, en Lena Dunham, aðalnúmerið í Girls-þáttunum, mun ljá henni rödd sína.

Jean vildi þó ekki segja hvort skilnaður Marge og Homers væri kominn til að vera. Serían fer í loftið vestanhafs í september á þessu ári.



**SÉRFRÓÐ** Kim kann allar reglurnar þegar kemur að vel heppnuðum sjálfsmyndatökum. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

## Vöxuð í sjálfsmyndatöku

Madame Tussauds-vaxmyndasafnið í London er nú í óðaönn að undirbúa næsta vaxmyndastykkið og er engin önnur en Kim Kardashian í smíðum. Mun glanspían mótuð þannig að hún sé í miðri sjálfsmyndatöku, sem hin raunverulega Kim kann manna best, en hún gaf einmitt út bók, Selfish, stútfulla af sjálfsmyndum ekki alls fyrir löngu.

Segja aðstandendur safnsins ekki annað hafa komið til greina, enda séu „sjálfurnar“ hennar einkennismerki og geta gestir safnsins látið smella mynd af sér með sjálfsmyndadrottningunni. Þó verða reglur hennar hátignar í hávegum hafðar, en í umræddri bók kemur skýrt fram að ekki skuli taka fleiri en þrjár „sjálfur“ á hverjum stað.









**ÓTRÚLEG UPPLIFUN** Lilja Ingibjargardóttir skemmti sér konunglega á Triple Crown-veðreiðunum. Þar var meðal annars Bill Clinton í góðum gír.

# Lilja varð vitni að sögulegum viðburði í Bandaríkjunum

Fyrirsætan Lilja Ingibjargardóttir var viðstödd hinar svokölluðu Triple Crown-kappreiðar í Bandaríkjunum á dögunum en þá vann veðhlaupahesturinn American Pharoah þrennuna, sem hefur ekki gerst síðan 1978.

Sögulegur viðburður átti sér stað á dögunum, þegar veðhlaupahesturinn American Pharoah vann þrennuna í hinum svokölluðu Triple Crown-veðreiðum í Bandaríkjunum. Til þrennunnar teljast Kentucky Derby-veðreiðarnar, Preakness Stakes og Belmont Stakes sem fram fara í maí og júní en þetta er í fyrsta sinn síðan árið 1978 sem hestur vinnur þessa mögnuðu þrennu.

Fyrirsætan og sálfræðineminn Lilja Ingibjargardóttir var stödd á lokaveðreiðunum í Belmont og varð vitni að því þegar að American Pharoah komst á spjöld sögunnar. „Mér fannst þetta æðislegur dagur! Andrúmsloftið var rafmagnað, allir svo spenntir og miðar löngu uppseldir. Það var troðið af fólki, allir í sínu fínasta pússi, stelpurnar flestar með stóra og skemmtilega hatta (þ.á m. ég) og allir að vonast eftir að núna væri tíminn fyrir Triple Crown. Ég kynntist fullt af yndislegu og skemmtilegu fólki,“ segir Lilja spurð út í upplifunina.

Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem Lilja fer á veðreiðar. „Mér var boðið og ég kynnt fyrir keppninni. Vinur minn sagði mér að ég mætti ekki missa af þessu, að þetta gæti orðið eitthvað sem kæmist í sögubækurnar og ég gæti sagt börnum og barnabörnum frá. Mér fannst þetta mjög spennandi og varð að fara og upplifa,“ segir Lilja alsæl.

Flestir vinir Lilju í New York höfðu ekki hugsað um annað en veðreiðarnar og hversu frábært þetta væri allt saman. „Það var lítið talað um annað en hversu frábært það væri ef American Pharoah myndi ná að vinna Triple Crown og auðvitað studdum við hann,“ bætir Lilja við.

Samskiptamiðillinn Snapchat var á staðnum, þannig að stöðugt var verið að birta snöpp af veðreiðunum og öllu því sem þeim fylgir og gat fólk því fylgst vel með. Var fólk ekki alveg í skýjunum þarna? „Fagnaðarlætin stóðu allavega í 20 mínútur og allir voru mjög hamingjusamir. Bill Clinton var einnig þarna og fólk var mjög spennt að hitta hann.“

Lilja er um þessar mundir í fríi í Bandaríkjunum og nýtur lífsins. „Núna er ég í fríi og mun ferðast til NYC, NJ, Arizona, Seattle og LA. Ég bý akkúrat núna á Íslandi og er í HR að klára sálfræðinám mitt,“ segir Lilja alsæl í Bandaríkjunum.

gunnarleo@frettabladid.is



> Mér fannst þetta æðislegur dagur! Andrúmsloftið var rafmagnað, allir svo spenntir og miðar löngu uppseldir.



Á matseðli í
júní
Hálfur grillaður kjúklingur með frönskum, hrásalati og sósu
Heitur matur er afgreiddur frá 11:30
995,-
Bættu okkar einstöku heimagerðu chilisósu á kjúklinginn fyrir 100 kr.
© Inter IKEA Systems B.V. 2015
IKEA®
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

## Ásdís mætir þeim bestu í Ósló

**FRJÁLSAR** Ásdís Hjálmsdóttir verður á meðal þeirra tíu sem etja kappi í spjótkastskeppni á Demantamóti í frjálsum íþróttum sem fer fram á hinum sögufræga Bislett-leikvangi í Ósló í kvöld.

Ásdís verður þriðja í kaströðinni í keppninni sem hefst klukkan 18.20 í kvöld. Bein útsending frá mótinu hefst klukkan 18.00 á Stöð 2 Sport.

Heimsmethafinn og Ólympíumeistarinn Barbora Spotakova verður á meðal keppanda sem og Christina Obergföll, ríkjandi heimsmeistari og stigahæsti keppandinn á Demantamótaröðinni til þessa. Sunette Viljoen frá Suður-Afríku er einnig líkleg til afreka í kvöld en hún á lengsta kast ársins til þessa. Þessar þrjár komust allar á verðlaunapall á Ólympíuleikunum í Lundúnum fyrir þremur árum.

Ásdís er í nítjánda sæti heimslistans með 62,14 m en þeim árangri náði hún á móti í Lettlandi á dögunum. - esá



## Skilar vonandi fleirum erlendis

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 árs landsliðið hefur leik í undankeppni EM 2017 í kvöld þegar Makedónía kemur í heimsókn á Vodafone-völlinn. Auk Íslands og Makedóníu eru Frakkland, Úkraína, Skotland og Norður-Írland í riðlinum.

Ísland var nálægt því að komast í lokakeppnina 2015 en miklar breytingar hafa orðið á liðinu frá síðustu undankeppni. Sjö nýliðar eru í hópnum og aðeins tveir leikmenn eiga fleiri en fjóra landsleiki að baki; Rúnar Alex Rúnarsson og Orri Sigurður Ómarsson. „Það á eftir að koma í ljós hvar við stöndum en þetta er mjög spennandi verkefni og ég hef fulla trú á því að við getum gert góða hluti,“ sagði Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 árs liðsins, í samtali við íþróttadeild 365.

Sex leikmenn í 20 manna hópi leika í atvinnumannadeildum í Evrópu. Eyjólfur vonar að góð frammistaða með landsliðinu skili fleiri leikmönnum í atvinnumennsku eins og raunin var í síðustu undankeppni. „Ég vona að við náum góðum árangri og vonandi komast þá fleiri leikmenn út,“ sagði landsliðsþjálfarinn. - iþs



**BREYTINGAR** Rúnar Alex er enn í íslenska hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÚRSLIT

### UNDANKEPPNI EM 2016

**4. RIÐILL**

**ÍSRAEL - ÍSLAND 24-34 (12-17)**

**Mörk Ísraels (skot):** Amit Yehuda Gal 5/1 (7/2), Alexander Sychenko 5/1 (9/2), Niv Levy 5 (13/1), Vladislav Kofman 4 (5/1), Tal Gera 3/1 (4/1), Ido Turel 1 (1), Dan Nathan 1 (3), Daniel Andres Friedmann (1), Daniel Shkalim (1), Omer Davda (1), Oren Meirovich (1), Amit Yehiel Stelman (2/1),

**Varin skot:** Oren Meirovich 16/1 (46/2, 35%), Dan Tepper 2/1 (4/1, 50%), Eldar Shikloshi 1/1 (3/3, 33%),

**Mörk Íslands (skot):** Stefán Rafn Sigurmannsson 8 (12), Guðmundur Árni Ólafsson 6 (8), Guðjón Valur Sigurðsson 5/2 (10/4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 (4), Arnór Þór Gunnarsson 3/1 (5/2), Vignir Svavarsson 2 (3), Tandri Már Konráðsson 2 (4), Rúnar Kárason 1 (1), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (2), Kári Kristján Kristjánsson 1 (2), Róbert Gunnarsson 1 (2), Björgvin Páll Gústavsson (1), Aron Pálmarsson (3),

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 18/3 (37/5, 49%), Aron Rafn Eðvarðsson 3/1 (8/2, 38%).

**SVARTFJALLALAND - SERBÍA 23-23**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ísland | 5 | 3 | 1 | 1 | 157-115 | 7 |
| Svartfjallaland | 5 | 3 | 1 | 1 | 124-118 | 7 |
| Serbía | 5 | 2 | 2 | 1 | 121-129 | 6 |
| Ísrael | 5 | 0 | 0 | 5 | 111-151 | 0 |

**NÆSTU LEIKIR**

**Ísland - Svartfjallaland sun. kl. 17.00**
**Serbía - Ísrael sun. kl. 16.30**

**2. RIÐILL**

**LITHÁEN - DANMÖRK 25-31**

Guðmundur Guðmundsson er landsliðsþjálfari Danmerkur sem var þegar búið að tryggja sér sigur í riðlinum og sæti í lokakeppni EM.

**7. RIÐILL**

**FINNLAND - ÞÝSKALAND 34-20**

Dagur Sigurðsson er þjálfari Þýskalands sem tryggði sér sæti í lokakeppni EM með sigrinum.

**AUSTURRÍKI - SPÁNN 24-30**

Patrekur Jóhannesson er þjálfari Austurríkis sem er úr leik í baráttunni um sæti á EM.

### SPÁNN

### Malaga vann Barcelona

Jón Arnór Stefánsson var í byrjunarliði Unicaja Malaga sem minnkaði muninn í undanúrslitarimmu sinni gegn stórliði Barcelona í úrslitakeppni spænsku úrvalsdeildarinnar. Staðan er nú 2-1 fyrir Börsunga en þrjá sigra þarf til að komast í lokaúrslitin. Framlengja þurfti leikinn sem Malaga vann, 89-84. Jón Arnór skoraði sjö stig og tók eitt frákast á tæpum fimmtán mínútum.

# Strákarnir stóðust prófið

**Ísland vann auðveldan tíu marka sigur á Ísrael ytra í gær, 34-24. Landsliðsþjálfarinn fagnar því fyrst og fremst að hafa klárað verkefnið með sóma en fram undan er úrslitaleikur gegn Svartfjallalandi á sunnudag.**

**HANDBOLTI** Ísland má ekki tapa gegn Svartfjallalandi í leik liðanna í Laugardalshöllinni á sunnudag en það varð ljóst eftir úrslit gærkvöldsins í undankeppni EM 2016.

Ísland vann Ísrael ytra örugglega, 34-24, en leik Svartfellinga og Serba lauk með jafntefli, 23-23. Ísrael er stigalaust í riðlinum og hin þrjú eru að berjast um tvö efstu sæti riðilsins.

Sem stendur eru Ísland og Svartfjallaland efst og jöfn með sjö stig hvort. Serbía kemur svo næst með sex stig en reikna má með því að Serbía vinni Ísrael í lokaleik sínum um helgina og endi með átta stig.

Sigurvegari leiksins í Laugardalshöll á laugardag tryggir sér um leið sigur í riðlinum. Tapliðið situr hins vegar eftir með sárt ennið.

Serbar eru þó alls ekki hólpnir því jafntefli Íslands og Svartfjallalands þýðir að bæði lið komast áfram og Serbar sitja eftir með sárt ennið.

„Þetta er einfalt. Við ætlum okkur að vinna þennan leik og ná efsta sæti riðilsins,“ sagði Aron Kristjánsson en þess ber þó að geta að jafntefli mun einnig tryggja strákunum okkar efsta sætið þar sem Ísland er með besta markahlutfallið af þessum þremur liðum eftir sextán marka stórsigur Íslands á Serbum í byrjun mars.

„Við förum inn í þennan leik með eitt skýrt markmið og það er að vinna leikinn,“ sagði landsliðsþjálfarinn um leikinn mikilvæga á sunnudag.

**Einbeiting og þolinmæði**

Leikurinn í gær var skrautlegur og var Aron fyrst og fremst ánægður með að sleppa aftur heim með tvö stig í farteskinu og alla menn heila.

„Verkefni dagsins var einbeiting og þolinmæði. Við þurftum að leggja okkur fram og að vinna með tíu marka mun á útivelli er góð niðurstaða. Við stóðumst prófið,“ segir Aron.

„Okkur gekk vel í sókninni lengst af í leiknum. Það var óðagot á okkur inn á milli og við klikkuðum á nokkrum dauðafærum. En í hvert skipti sem við gáfum okkur tíma og vorum þolinmóðir þá gekk þetta betur,“ segir þjálfarinn.

„Hvað varnarleikinn varðar þá var byrjunin nokkuð erfið. Við vorum lengi að koma okkur í gang þó svo að við værum að vinna marga bolta. En það vantaði upp á kraftinn. Þegar það kom náðum við góðri forystu í leiknum og náðum að dreifa álaginu á milli manna. Það var gott að fá framlag úr mörgum mismunandi áttum og það veit á gott fyrir leikinn á sunnudag.“



**SIGUR ER SIGUR** Strákarnir gerðu sitt í Ísrael í gær og komu sér í góða stöðu fyrir helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

**Nýttu tækifærið vel**

Hornamennirnir Stefán Rafn Sigurmannsson og Guðmundur Árni Ólafsson voru hvorugur í byrjunarliði Íslands í gær en nýttu tækifærið sem þeir fengu vel. Þeir voru tveir markahæstu menn Íslands – Stefán Rafn með átta mörk og Guðmundur Árni sex – og voru drjúgir þegar Ísland náði loks góðum tökum á leiknum eftir erfiðar fyrstu 20 mínútur.

Ásgeir Örn Hallgrímsson nýtti færin sín vel og Björgvin Páll Gústavsson átti góðan dag í markinu og naut góðs af því að vera, á köflum að minnsta kosti, með góða vörn fyrir framan sig. Björgvin Páll varði einnig þrjú vítaskot í leiknum og Aron Rafn Eðvarðsson þar að auki eitt.

Aron Pálmarsson skoraði ekki fyrir Ísland í gær en hann spilaði engu að síður vel fyrir félaga sína þær mínútur sem hann var á vellinum og sem fyrr var greinilegt hversu mikilvægur hann er sóknarleik íslenska landsliðsins.

eirikur@frettabladid.is



Eina sérverslun landsins
með grill og garðhúsgögn

# Grillbúðin














Komdu og fáðu ráðleggingar

# Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

# Ætla ekki að líkja mér við Beckham

Jóhann Berg Guðmundsson gæti söðlað um í sumar en áhugi er á honum víða eftir gott tímabil. Þjálfari hans líkti honum við David Beckham og hefur honum verið svolítið strítt eftir það. Hann segir strákana ætla sér stóra hluti gegn Tékkum í Dalnum á morgun.

**FÓTBOLTI** „Ég spilaði mjög vel í vetur og mæti til leiks með sjálfstraustið í botni," segir landsliðsmaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson en hann er klár í slaginn fyrir stórleikinn gegn Tékkum á morgun. Svo sannarlega risaleikur fyrir strákana þar sem toppsætið í riðli Íslands í undankeppni EM er undir.

Jóhann Berg skoraði tíu mörk fyrir Charlton í ensku B-deildinni í vetur og nokkur þeirra komu úr glæsilegum aukaspyrnum. Spyrnurnar vöktu athygli og var honum líkt við sjálfan David Beckham.

„Þetta var eitthvað sem þjálfarinn sagði og strákarnir eru búnir að stríða mér svolítið út af þessu. Vilja meina að ég hafi sagt þetta en ég er ekki svo kolruglaður að ætla að líkja mér við Beckham," segir Jóhann Berg hlæjandi en honum fannst samlíkingin ekkert leiðinleg. „Nei, það var fínt að fá að heyra þetta."

Frammistaða Jóhanns hefur komið honum enn frekar á kortið. Úlfarnir eru meðal annars sagðir vera að undirbúa tilboð í hann.

„Ég ætla bara að taka þennan leik og sjá svo til hvað gerist. Ég á auðvitað eitt ár eftir af samningi mínum við Charlton, það eru því þreifingar því ég spilaði vel. Ég vil spila í eins sterkri deild og mögulegt er og ég hef líka sagt að ég vil sjá hvað Charlton gerir í sumar. Hver metnaður liðsins sé. Ég vil auðvitað vera í liði sem er að reyna að komast upp af alvöru."



**MÆTIR MEÐ SJÁLFSTRAUSTIÐ Í BOTNI** Jóhann Berg er í flottu formi og á örugglega eftir að gera Tékkum lífið leitt á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Líkt og aðrir í hópnum getur Jóhann ekki beðið eftir stóra leiknum annað kvöld.

„Það er gaman að spila alvöruleik hér á Laugardalsvelli. Fullur völlur og fyrsta sætið í boði. Það er ekki hægt að biðja um mikið meira," segir Jóhann og bætir við að leikmenn liðsins séu komnir með reynslu af því að spila stórleiki.

„Flestir eru vanir því með félagsliðum sínum og skemmtilegra að gera það með landsliðinu. Þetta eru allt stórleikir núna og ef við náum góðum úrslitum í þessum leik erum við komnir í góða stöðu til að komast á okkar fyrsta stórmót. Það er gaman fyrir þjóðina núna að fá svona stórleik enda yfir litlu að gleðjast þar sem veðrið leikur ekki beint við fólk," segir Jóhann Berg léttur.

„Við ætlum að njóta þess að spila þennan leik. Við lærðum mikið af fyrri leiknum. Þeir pressuðu okkur hátt og við leystum það alls ekki nógu vel. Menn urðu svolítið hræddir eftir að við komumst yfir. Fórum að verja markið í stað þess að halda áfram okkar leik. Við verðum líka að sjá til hvernig þeir leggja þetta upp. Þetta verður örugglega svolítil skák en við ætlum að gera betur en í fyrri leiknum í Tékklandi. Við höfum fulla trú á okkur."

henry@frettabladid.is


## 100 ára kosningaafmæli á Íslandi og í Danmörku

Konur fagna 100 ára afmæli kosningaréttar í ár, bæði í Danmörku og á Íslandi. Í tilefni þess boða Norðurlönd í fókus til opins fundar í Norræna húsinu á Fundi fólksins, **föstudaginn 12. júní kl. 17-18.30**.

Dagskrá:

Inngangsorð: Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar.

**Dr. Auður Styrkársdóttir**, stjórnmálafræðingur og forstöðukona Kvennasögusafns Íslands, ræðir sögu kosningaréttarins í Danmörku og á Íslandi.

Rithöfundarnir **Leonora Christina Skov** frá Danmörku og **Gerður Kristný** frá Íslandi flytja ræður um sína sýn á stöðu kvenna í sínum löndum, bæði í nútíð og fortíð.

Fundarstjóri er Charlotte Bøving, leikkona og leikstjóri.

Fundurinn fer fram á skandinavísku og er öllum opinn. Aðgengi er fyrir fatlaða.

Fundurinn er haldinn í samvinnu við danska sendiráðið á Íslandi og Reykjavíkurborg.







Reykjavíkurborg | Norræna húsið The Nordic House | 100 ÁRA | KOSNINGARÉTTUR KVENNA Á ÍSLANDI




**KLÁR Í SLAGINN** Kári Árnason stendur vaktina í vörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Góður að selja sig

Kári Árnason spilar fyrir öðruvísi knattspyrnustjóra.

**FÓTBOLTI** „Ég er búinn að bíða eftir þessum leik allt sumarfríið," segir Kári Árnason, miðvörður íslenska fótboltalandsliðsins, við Vísi um leikinn gegn Tékklandi í undankeppni EM 2016 á föstudaginn. Þar geta strákarnir okkar tekið risastórt skref í átt að fyrsta stórmótinu í sögu karlalandsliðsins.

„Sumarfríið hefur verið langt og hefur nánast bara gengið út á að bíða eftir þessum leik," segir Kári sem spilaði síðast fótboltaleik með félagsliði sínu Rotherham 2. maí.

Miðvörðurinn öflugi verður því ekki búinn að spila fótboltaleik í 41 dag þegar flautað verður til leiks á Laugardalsvelli á föstudaginn.

„Ég eyddi stærstum hluta frísins hér heima en fór aðeins til útlanda. Maður hefur bara verið að reyna að halda sér í standi," segir Kári sem hefur æft mest einn.

„Ég reyndi að æfa með Víkingunum en vellirnir eru misgóðir þannig það var bara best að halda sig á hlaupabrettinu," segir hann og hlær.

Tékkland vann Ísland, 2-1, þegar liðin mættust síðast, en þann sigur verðskulduðu Tékkarnir sem eru með tveggja stiga forskot á toppi riðilsins.

„Við förum yfir það sem miður fór þar í Kasakstan og reyndum að laga hlutina fyrir þann leik. Við gerðum það ágætlega en nú erum við að mæta mun sterkara liði," segir Kári.

Víkingurinn hefur spilað með Rotherham í neðri deildum Englands undanfarin þrjú ár, en liðið hélt sér uppi með naumindum í B-deildinni í ár sem nýliði. Árangurinn er góður hjá liðinu, sem var í D-deildinni þegar Kári samdi.

„Það hefur alltaf verið mikill baráttuandi og karakter í þessu liði. Alltaf þegar það er búið að afskrifa okkur, eins og í úrslitaleiknum um að komast upp í B-deildina þar sem við lentum 2-0 undir, komum við til baka," segir Kári, en liðið lenti líka í kröppum dansi á síðustu leiktíð.

„Það voru náttúrlega tekin af okkur stig á lokakaflanum í deildinni en við komum til baka eftir það og héldum okkur uppi. Við höfðum alltaf trú á þessu, en þetta var erfitt eftir að stigin voru tekin af okkur. Það var klaufalegt af hálfu stjórnar liðsins. Við leikmennirnir vissum samt alveg að þetta var hægt."

Knattspyrnustjóri Rotherham, Steve Evans, er litríkur í meira lagi. Hann elskar sviðsljósið og fór hamförum undir lok tímabilsins þegar hann sagði leikmanni Millwall að hann mætti halda kjafti og hlakka til lífsins í C-deildinni eftir að liðið féll en Rotherham hélt sér uppi. Þá mætti hann í stuttbuxum og með mexíkóhatt í lokaumferðinni.

„Hann nær svolítið að færa athyglina yfir á sig sjálfan," segir Kári, en er hann þá eins konar feitlaginn José Mourinho?

„Ég læt það nú vera," segir Kári og hlær. „Hann er góður sölumaður. Hann selur sjálfan sig með þessu og það er það sem hann var að gera með þessu."

- tom
















# Mótaðu þína framtíð á Bifröst

Hagnýtt nám með áherslu á frumkvæði og sjálfstæði nemenda. Við Háskólann á Bifröst getur þú valið um staðnám í heillandi fjölskylduvænu umhverfi eða vel skipulagt fjarnám í lotubundinni kennslu.

### Viðskiptasvið

Viðskiptafræði - BS
- með áherslu á markaðssamskipti
- með áherslu á ferðaþjónustu
- með áherslu á matvælarekstur
- með áherslu á þjónustufræði

### Félagsvísindasvið

Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði - BA
Miðlun og almannatengsl - BA
Stjórnmálahagfræði - BA
Byltingafræði - BA

### Lögfræðisvið

Viðskiptalögfræði - BS
Viðskiptalögfræði með vinnu - BS
Lögfræði - ML

### Háskólagátt

Undirbúningur fyrir háskólanám

**Velkomin í Háskólann á Bifröst**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir*










HELGARTILBOÐ















KLÚBBTILBOÐ

**GRILLPRO gasgrill,** 8,8 kW.

**25.995** kr.

50657522 Almennt verð: 32..995 kr.

# GOTT Í SUMAR




KLÚBBTILBOÐ

**BROIL KING gasgrill GEM SUPER,** 8,8 kW, ryðfrítt stál brennarakerfi, aðal eldunarsvæði er 49x32,5 cm, 3 brennarar.

**39.995** kr.

50657518 Almennt verð: 49.995 kr.




KLÚBBTILBOÐ

**BROIL KING Gasgrill MONARCH 320,** 8,8 kW, ryðfrítt brennarakerfi, aðal eldunarsvæði er 57x37cm, 3 brennarar.

**64.995** kr.

50657510 Almennt verð: 69.995 kr.




KLÚBBTILBOÐ

**OUTBACK Hunter gasgrill,** 3 brennarar, 11,88 kW.

**54.995** kr.

50630086 Almennt verð: 64.995 kr.

43 CM SLÁTTU-BREIDD



KLÚBBTILBOÐ

**Sláttuorf BC139,** fjórgengismótor, 0,7 kW, 43 cm sláttubreidd.

**24.995** kr.

53323120 Almennt verð: 29.995 kr.

## ÁBURÐUR OG BÆTIEFNI




**Kalkkorn,** 5 kg.

**895** kr.

55090002




**Blákorn,** 5 kg.

**1.295** kr.

55095007




**Leirkúlur,** 5 lítrar.

**1.495** kr.

55097057




**Graskorn,** 5 kg.

**1.595** kr.

55095001




**Lífrænn massi,** jarðvegsbætir, 20 L.

**695** kr.

55097024




**Flúðamold,** 20 L.

**595** kr.

55097014




KLÚBBTILBOÐ

**Blákraftur,** einkorna, 25 kg.

**4.595** kr.

55095160
Almennt verð: 6.195 kr.

byko.is

SKOÐAÐU OG VERSLAÐU Á BYKO.IS

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# DAGSKRÁ




**20:30**
**SUMAR- OG GRILLRÉTTIR EYÞÓRS**
Glænýir og sumarlegir grillþættir með Eyþóri Rúnarssyni, meistarakokki. Í þessum þáttum sýnir hann okkur réttu taktana við útigrillið og snarar fram girnilegum og gómsætum grillréttum sem koma okkur í rétta sumarskapið!

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**20:55**
**RESTAURANT STARTUP**
Raunveruleikaþættir í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og Tim Love. Í hverjum þætti velja þeir á milli tveggja hópa þátttakenda.



**21:40**
**BATTLE CREEK**
Glæpaþættir með gamansömu ívafi sem fjalla um tvo afar ólíka rannsóknalögreglumenn en þeir hafa mismunandi skoðun á öllum hlutum!



**22:25**
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**23:10**
**THE JINX: THE LIFE AND DEATHS OF ROBERT DURST**
Nýir og vandaðir heimildarþættir þar sem kafað verður ofan í líf og feril bandaríska auðjöfursins, Roberts Durst.




**22:00**
**ARGO**
Óskarsverðlaunamynd með Ben Afleck sem gerist árið 1980 þegar starfsmenn bandaríska sendiráðsins í Íran voru teknir í gíslingu.



**Krakkastöðin 07:00-20:30**
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Masterchef USA**
**08.50 The Middle**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 It's Love, Actually**
**11.25 Jamie's 30 Minute Meals**
**11.50 Dads**
**12.10 Enlightened**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Wag the Dog**
**14.35 Night at the Museum**
**16.30 The O.C**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Simpson-fjölskyldan**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Ísland í dag**
**19.40 Fóstbræður**
**20.05 Anger Management**
**20.30 Sumar og grillréttir Eyþórs** Glænýir, girnilegir og sumarlegum grillþættir með meistarakokknum Eyþóri Rúnarssyni. Í þessum þáttum sýnir hann okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í rétta sumarskapið.
**20.55 Restaurant Startup**
**21.40 Battle Creek**
**22.25 NCIS**
**23.10 The Jinx: The Life And Deaths Of Robert Durst** Nýir og vandaðir heimildarþættir þar sem kafað verður ofan í líf og feril bandaríska auðjöfursins Roberts Durst. Hann hefur verið sakaður um þrjú morð en sekt hans hefur aldrei verið sönnuð. Morðmálin eru enn óleyst. Eiginkona Roberts hvarf sporlaust og er enn ófundin. Robert Durst hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu. Í þáttunum koma fram upplýsingar sem aldrei hafa komið upp á yfirborðið áður.
**23.55 Shameless**
**00.50 NCIS: New Orleans**
**01.35 The Eagle**
**03.25 Wag the Dog**
**05.00 Fóstbræður**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**09.50 Juventus - Barcelona**
**11.40 Cleveland - Golden State: Leikur 3**
**13.30 Víkingur - FH**
**15.25 Pepsímörkin 2015**
**16.40 Evrópudeildarmörkin**
**17.30 Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur**
**18.00 Demantamótaröðin - Ósló**
**20.05 Kiel - Lemgo**
**21.25 Þýsku mörkin**
**21.50 Goðsagnir - Gummi Ben**
**22.35 Demantamótaröðin - Ósló**
**00.35 The Association - Cleveland Cavaliers**
**01.00 Cleveland - Golden State: Leikur 4** Bein útsending

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.55 Tottenham - West Ham**
**13.45 Goals of the Season**
**14.40 Hull - Chelsea**
**16.25 Man. City - WBA**
**18.10 Tottenham - Leicester**
**20.00 Sigurður Jónsson** Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórliðin.
**20.45 Chelsea - Arsenal**
**21.15 Premier League World 2014**
**21.45 Liverpool - Man. Utd.**
**23.30 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea**
**00.00 Premier League World 2014**

## STÖÐ 3

**19.00 Community**
**19.25 Hot in Cleveland**
**19.45 Last Man Standing**
**20.10 Dallas**
**20.55 Sirens**
**21.20 Supernatural**
**22.05 American Horror Story**
**22.50 The Lottery**
**23.30 Last Man Standing**
**23.55 Dallas**
**00.35 Sirens**
**00:55 Supernatural** Áttunda röðin af yfirnáttúrulegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur. Englar og djöflar eru hluti af daglegu lífi bræðranna og þurfa þeir einnig að gera upp nokkur mál.
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Latibær **07.47** Töfrahetjurnar **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.49** Tommi og Jenni **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir 1 0.22 Kalli á þakinu **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.25** Latibær **11.47** Töfrahetjurnar **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.49** Tommi og Jenni **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Strumparnir **15.25** Latibær **15.47** Töfrahetjurnar **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.49** Tommi og Jenni **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.22** Kalli á þakinu **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Pétur og kötturinn Brandur

## GULLSTÖÐIN

**18.35 Friends**
**19.00 Modern Family**
**19.25 Mike & Molly**
**19.45 The Big Bang Theory**
**20.10 Sullivan & Son**
**20.35 Ally McBeal**
**21.20 True Detective**
**22.20 Curb Your Enthusiasm**
**22.55 Tyrant**
**23.40 Arrested Development**
**00.15 Sullivan & Son**
**00.35 Ally McBeal**
**01.20 True Detective**
**02.15 Curb Your Enthusiasm**
**02.45 Tyrant**
**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.35 James Dean**
**13.10 Draugabanarnir II**
**14.55 To Rome with Love**
**16.45 James Dean**
**18.20 Draugabanarnir II**
**20.10 To Rome With Love**
**22.00 Argo** Frábær mynd sem hlaut Óskarsverðlaunin fyrr á þessu ári sem besta myndin auk þess sem hún hlaut verðlaun fyrir handrit og klippingu. Alls var myndin tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna. Myndin gerist árið 1980 þegar bylting var gerð í Íran og starfsmenn bandaríska sendiráðsins voru teknir í gíslingu. Lítill hópur náði að læðast út og leita skjóls í kanadíska sendiherrabústaðnum og bandarísk yfirvöld þurftu að beita frumlegum aðferðum til að frelsa hópinn. Leikstjóri myndarinnar er Ben Affleck sem einnig leikur aðalhlutverkið.
**00.00 Red**
**01.50 Puncture**
**03.30 Argo**

## ÍNN

**20.00 Landsbyggðin á Hrafnaþingi**
**21.00 Frjáls verslun**
**21.30 Sjónvarp Víkurfrétta**

## RÚV

**15.55 Matador**
**17.20 Stundin okkar**
**17.45 Kung Fu Panda**
**18.07 Nína Pataló**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Á götunni** Norsk gamanþáttaröð tekin upp í Karls Jóhanns-götu í Ósló. Þar getur næstum allt gerst og fólkið á götunni lendir óvart í sjónvarpinu.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Team Spark**
**20.40 Best í Brooklyn** Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni. Aðalhlutverk: Andy Samberg, Stephanie Beatriz, Terry Crews og Melissa Fumero.
**21.05 Skytturnar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð**
**23.05 Baráttan um þungavatnið**
**23.50 Kastljós**
**00.10 Fréttir**
**00.25 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Talk**
**13.45 Cheers**
**14.10 Dr. Phil**
**14.50 Black-ish**
**15.15 The Odd Couple**
**15.35 Survivor**
**16.20 Bachelor Pad**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Talk**
**19.10 Minute to Win It Ísland**
**19.55 America's Funniest Home Videos**
**20.15 Royal Pains**
**21.00 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**21.45 American Crime**
**22.30 Sex & the City**
**22.55 Scandal**
**23.40 Law & Order**
**00.25 American Odyssey**
**01.10 Penny Dreadful**
**01.55 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**02.40 American Crime**
**03.25 Sex & the City**
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00 PGA Tour 2015**
**13.00 Golfing World 2015**
**13.50 PGA Tour 2015 – Highlights**
**14.45 European Tour 2015**
**17.15 Golfing World 2015**
**18.05 Inside the PGA Tour 2015**
**18.30 PGA Tour 2015**
**22.30 Inside the PGA Tour 2015**
**22.55 Golfing World 2015**

## *HRINGBRAUT*

**10.00** Mannamál **10.45** Heimsljós **11.15 433**.is **11.45** Tara og Trixin **12.00** Mannamál **12.45** Heimsljós **13.15 433**.is **13.45** Tara og Trixin **14.00** Mannamál **14.45** Heimsljós **15.15 433**.is **15.45** Tara og Trixin **16.00** Mannamál **16.45** Heimsljós **17.15 433**.is **17.45** Tara og Trixin **18.00** Mannamál **18.45** Heimsljós **19.15 433**.is **19.45** Tara og Trixin **20.00** Þjóðbraut **21.00** Sjónarhorn **21.30** Lífsins list **22.00** Þjóðbraut **23.00** Sjónarhorn **23.30** Lífsins list

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


BYLGJAN
989
AUKATÓNLEIKAR
Ásgeir
ELDBORG Í HÖRPU 16. JÚNÍ KL. 23:00
MIÐASALA Á MIÐI.IS
ASGEIRMUSIC.COM

## BESTI BITINN



**Snoop Dogg á Prikinu er mesta „bang for the buck“ sem ég veit um!**

Helgi Sæmundur Guðmundsson, rappari og meðlimur í sveitinni Úlfur Úlfur sem gefur út plötuna Tvær plánetur í dag.

# Hjónabandssæla heillar hvar sem hún kemur

### Jörundur Ragnarsson hlaut verðlaun fyrir besta handritið á Tel Aviv International Student Film Festival.

Stuttmynd Jörundar Ragnarssonar, Hjónabandssæla, hlaut verðlaun fyrir besta handritið á hinni virtu Tel Aviv International Student Film Festival á sunnudag.

Skammt er stórra högga á milli, því í byrjun mánaðarins var myndin valin sú besta í flokki erlendra stuttmynda á New York International Film Festival, og hafði áður hlotið verðlaun á kvikmyndahátíðum í Prag og Montreal.

„Ég átti ekki von á neinu þegar ég var að gera þessa mynd, og hún var allt eins líkleg til að enda ofan í skúffu hjá mér,“ segir Jörundur en myndin er skólaverkefni hans við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum.

Myndin hefur sumsé sannarlega fallið vel í kramið og er Jörundur nú önnum kafinn við að fylgja myndinni vítt og breitt um heiminn. „Myndin var valin til að vera með í prógramminu Les Nuits en Or, á vegum Frönsku kvikmyndaakademíunnar, og er þýdd yfir á sex tungumál. Ég er á túr núna ásamt þrjátíu og tveimur öðrum akademíuverðlaunaleikstjórum, svo sem BAFTA- og Óskarsverðlaunahöfum, þar sem við sýnum myndirnar,“ útskýrir Jörundur og viðurkennir að nú hlaðist verulega inn í reynslubankann.

Mun Jörundur útskrifast um áramótin og segir stefnuna tekna beinustu leið heim á Klakann með fjölskylduna. „New York er ekki sérlega aumingjagóð, mikið hark hérna. Auk þess sakna ég plássins heima á Íslandi,“ segir hann að lokum. - ga



**FARSÆLL** Stuttmyndin var sýnd hér á landi á RIFF, Stockfish-hátíðinni og á Patreksfirði, þar sem hún er tekin upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








**KVENFANGAR** Hér má sjá konurnar sem leika í þáttunum, sem hafa verið lengi í bígerð.

# Raddir þessara kvenna þurfa að heyrast núna

### Unnur Ösp og Nína Dögg skrifuðu handrit að dramatískum spennuþáttum sem innblásnir eru af sjö ára rannsóknarvinnu þeirra í Kvennafangelsinu í Kópavogi.

„Umræðan síðustu daga kveikir í okkur, og sýnir okkur enn frekar mikilvægi þess að segja þessa sögu, okkur finnst samfélagslega mikilvægt að gera þetta núna,“ segir Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona sem ásamt leikkonunni Nínu Dögg Filippusdóttur stendur í stórræðum í Kvennafangelsinu í Kópavogi þar sem tökur á sjónvarpsseríunni Fangar munu fara fram.

„Þetta verður sex þátta leikin drama- og spennusería sem við byggjum á sjö ára rannsóknarvinnu, og hefur hún mikið til farið fram innan veggja fangelsisins meðan það var virkt,“ segir Unnur og bætir við að þetta sé í raun mjög innblásinn skáldskapur.

„Við tókum okkur góðar pásur inn á milli í þessu sjö ára ferli, þetta fékk að gerjast á sínum hraða, en rannsóknarvinnan tók gríðarlega á. Sögurnar sem konurnar höfðu að segja eru mjög dramatískar og erfiðar. Þetta er allt mjög eldfimt og viðkvæmt,“ útskýrir Unnur og segir að þær Nína, auk hópsins, brenni í skinninu að koma þessu fram í dagsljósið.

Hópurinn samanstendur af þeim Ragnari Bragasyni, sem leikstýrði Vaktarseríunum vinsælu og mun hann leikstýra þáttunum, og Margréti Örnólfsdóttur sem skrifar handritið ásamt Ragnari, Unni Ösp og Nínu Dögg. Það eru svo Árni Filippusson og Davíð Óskarsson hjá Mystery sem framleiða auk Vesturports.

„Í ljósi umræðunnar sem fylgir í kjölfar byltingarinnar #þöggun innan Beauty tips er gríðarlega samfélagslega mikilvægt að varpa ljósi á sögur kvenfanganna, þar sem þessi þöggun spilar stóra rullu í stóra samhenginu, en það var algjört sjokk fyrir okkur að átta okkur á hlutföllum þeirra sem hafa verið beittar kynferðisofbeldi.“



**REYNSLUBOLTAR** Unnur Ösp Stefánsdóttir, Margrét Örnólfsdóttir og Nína Dögg Filippusdóttir.

Tökur eiga að hefjast eftir áramót og er unnið í samstarfi við RÚV, en þættirnir verða sýndir þar.

Stórskotalið leikara mun svo prýða þættina en þar má nefna Kristbjörgu Kjeld, Halldóru Geirharðsdóttur, Þorbjörgu Dýrfjörð, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, Sigrúnu Eddu Björnsdóttur, Margréti Helgu Jóhannsdóttur, Arndísi Hrönn Egilsdóttur, Kristínu Þóru Haraldsdóttur auk Nínu Daggar, Unnar Aspar og ótal fleiri leikara.

> **Í ljósi umræðunnar sem fylgir í kjölfar byltingarinnar #þöggun innan Beauty tips er gríðarlega samfélagslega mikilvægt að varpa ljósi á sögur kvenfanganna.**
>
> *Unnur Ösp Stefánsdóttir, leikkona.*

Segir Unnur yfirvöld og Fangelsismálastofnun hafa verið afar hjálpleg og verið jákvæða gagnvart því að leggja þáttunum lið.

„Við eyddum þriðjudeginum í að koma saman í nýtæmdu fangelsinu þar sem Einar Andrésson, fangavörður Kvennafangelsisins til tuttugu ára, og Haukur Einarsson sálfræðingur voru okkur innan handar. Þetta var mögnuð stund og gefur tóninn fyrir það sem koma skal. Raddir þessara kvenna þurfa að heyrast.“

gudrun@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


NÝTT Á TACO BELL
DOUBLE DECKER SUPREME
Tvöfalt betra taco!
Mjúkt taco með ostasósu utan um stökkt taco, fyllt með kjúklingi, sýrðum rjóma, káli, osti og tómötum.
499 kr.
Tvö Double Decker Supreme taco, Fiesta-kartöflur, hvítt Lindu-súkkulaði og miðstærð af gosi.
1499 kr.
DDS
TACO BELL
Taco Bell
Grafarholti – Sími: 588 6959
Hafnarfirði – Sími: 555 0828
www.tacobell.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## BAKÞANKAR



Atli Fannar Bjarkason

## Hver á heiðurinn?

Frá því að aðgerðaráætlun um afnám hafta var kynnt í vikunni hef ég verið eitt spurningamerki. Fjármál eru ekki mitt sérsvið en ég tel mig þó skilja tilgang aðgerðanna og átta mig á að þær eru mjög góðar. Stórum og mikilvægum spurningum er þó enn þá ósvarað. Eða öllu heldur stórri og mikilvægri spurningu: Hver á heiðurinn?

**Á** Alþingi og á samfélagsmiðlum hafa þingmenn skipst á skoðunum á yfirvegaðan og málefnalegan hátt um hver eigi að fá að taka að sér heiðurinn á þessari vinnu. Skiljanlega reyna þingmenn að gera sem minnst úr eigin hlut og þvert á flokka keppast þeir um að kasta heiðrinum á milli sín, eins og sjóðandi heitri og gómsætri kartöflu.

**ÞESSARI** mikilvægu spurningu er þó enn ósvarað þrátt fyrir hógværar og mikilvægar tilraunir þingheims. Það er því mikilvægt að setja á fót einhvers konar nefnd til að komast að því hver á heiðurinn að aðgerðunum. Nefndin hefði það hlutverk að komast til botns í málinu og neyða viðkomandi þingmann til að taka hrósi.

**ÞAÐ** er nefnilega óþolandi að þingmenn séu samstiga um ágæti aðgerða sem skila þjóðarbúinu miklum fjármunum án þess að almenningur viti nákvæmlega hverjum á að hrósa. Það er það eina sem skiptir okkur máli. Það er enginn að spá í stórkostleg áhrif sem lægri skuldastaða ríkissjóðs getur haft á íslenskt samfélag. Vaxtagreiðslur myndu lækka um milljarða en það breytir litlu á meðan þöggun ríkir í samfélaginu um hver á hugmyndina.

**HVER** ber ábyrgð á því að 1.200 milljarðar festust í gjaldeyrishöftum og hverjum datt í hug að það væri sniðugt að sækja hluta af þessu fjármagni til kröfuhafa? Hver stakk upp á því að leggja til að semja við kröfuhafana og hver sótti kaffið á fyrsta fundinum? Þetta eru mjög mikilvægar spurningar. Kaffi hefur nefnilega mjög mikil áhrif á líðan fólks og virkni.




YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015



Allt sem þú þarft …

